**KRISTJÁN MÁR KÁRASON**

*Ákveðið uppi á Esju að fara til Bútan og Tíbet*

ferðir bílar heimili veiði

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**VINNUVÉLAR**

*Margar nýjungar á MaskinExpo*

Sérblað um vinnuvélar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**



**NETIÐ**

*Flugleitarvélin Dohop á asískan markað*

Sérblað um netið

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. maí 2008 — 136. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

**Mátar Mercury-mottuna**



Magni Ásgeirsson er kominn með myndarlegt yfirvararskegg.

**FÓLK 30**

**Útfarir eru persónulegri í dag en áður fyrr**

Rúnar Geirmundsson útfararstjóri á 25 ára starfsafmæli.

**TÍMAMÓT 18**

**Gleymir ekki fortíðinni**



Aron Pálmi kominn með húðflúr af fangelsisglugga.

**FÓLK 30**

**Breiðablik og ÍA unnu bæði**



ÍA og Breiðablik unnu sína fyrstu leiki í Landsbankadeild karla í gær. ÍA lagði Fram á heimavelli en Blikar unnu KR-inga í Vesturbænum.

**ÍÞRÓTTIR 26**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI NYRÐRA** Í dag verður austan strekkingur allra syðst annars mun hægari. Bjartviðri norðan til en yfirleitt skýjað syðra og úrkomulítið. Hiti 6-14 stig, mildast til landsins nyrðra.

**VEÐUR 4**

# Stórkaupmenn vilja evru

**Mikill stuðningur er meðal félagsmanna í Félagi íslenskra stórkaupmanna um að taka upp evru í stað krónu og um aðild að Evrópusambandinu. Framkvæmdastjórinn segir niðurstöðuna kall til stjórnvalda.**

**EFNAHAGSMÁL** Tæplega 70 prósent félagsmanna í Félagi íslenskra stórkaupmanna (FÍS) eru hlynntir því að Íslendingar taki upp evru sem gjaldmiðil í stað íslensku krónunnar. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir félagið.

Þar kemur einnig fram að tæplega 66 prósent félagsmanna telur að aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB) yrði hagstæð fyrir fyrirtæki sitt. Rúmlega 65 prósent sögðust hlynnt aðildarviðræðum að ESB og tæp 57 prósent sögðust hlynnt aðild.

„Félagið hefur ákveðið að koma fram með stefnumótun í gjaldeyris- og peningamálunum og fyrsta skrefið í þá átt var að kanna hug félagsmanna," segir Knútur Signarsson framkvæmdastjóri. „Skilaboðin frá félagsmönnum eru alveg skýr. Ég tel að sú ólgusjór sem menn hafa verið að lenda í vegna ástandsins að undanförnu hafi valdið því að




menn eru farnir að líta á krónuna sem nokkurs konar viðskiptahindrun. Það má segja að þessi niðurstaða sé kall til stjórnvalda og við vonum að þeir skjóti ekki skollaeyrum við."

„Þetta kemur mér ekkert á óvart," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Þetta er alveg í samræmi við það sem ég hef skynjað frá ýmsum fyrirtækjum sem eru ekki í FÍS. En þetta er þó nokkur breyting því innan þessa hóps var stuðningur við ESB frekar rýr fyrir nokkrum árum."

Félag íslenskra stórkaupmanna er ekki innan Samtaka atvinnulífsins en Vilhjálmur skynjar nokkurn samhljóm meðal þessara tveggja.

„Ég held að beggja megin séum menn búnir að fá sig algjörlega fullsadda af gengisfellingu og þessum háu vöxtum því það er verið að fórna svo miklu fyrir ekki neitt með því að viðhalda þessari peningastefnu sem við nú búum við," segir Vilhjálmur. Félag íslenskra stórkaupmanna er 80 ára í dag en Knútur, sem tók við stöðu framkvæmdastjóra síðastliðinn föstudag af Andrési Magnússyni, segir að beðið verði með veisluhöld fram á haust. **- jse**



**ÞYRLUBJÖRGUN HJÁ LANDHELGISGÆSLUNNI** Opið hús var í Flugskýli Landhelgisgæslunnar við Reykjavíkurflugvöll í gær í tilefni af Flugviku. Sýnt var samflug Fokkerflugvélar Landhelgisgæslunnar og þyrlunnar. Þá var þyrlubjörgun sýnd. Þessi ungi snáði skemmti sér vel á Flugdeginum og fékk blöðru með sér heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hrefnuveiðar byrja vel:

## Fyrsta hrefnan komin um borð

**SJÁVARÚTVEGUR** Áhöfnin á Nirði veiddi fyrstu hrefnuna af þeim fjörutíu sem sjávarútvegsráðherra hefur heimilað að veiddar verði í gær.

„Þetta er 7,4 metra tarfur og þeir segja að eftir fyrsta innlit virðist kjötið vera mjög fallegt," segir Gunnar Bergmann, formaður Félags hrefnuveiðimanna. „Hann veiddist langt úti í Faxaflóa og menn segja að það sé allt fullt af hrefnu í Flóanum." Gunnar segir að hrefnunni verði landað skömmu eftir hádegi í dag.

Miklar umræður fara fram um ágæti veiðanna hérlendis og viðbrögð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingar, vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra. Erlendir fjölmiðlar greina frá því að óeining sé um veiðarnar innan ríkisstjórnarinnar. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þeir fagna ákvörðun um að heimila veiðar. **- jse/** **sjá síðu 4**

Skuggabankastjórn Markaðarins telur að halda eigi stýrivöxtum óbreyttum:

# Óttast ofkælingu hagkerfisins

**VIÐSKIPTI** Ekki er ástæða til að hækka stýrivexti Seðlabanka Íslands á morgun að mati fjögurra sérfræðinga sem skipa skuggabankastjórn Markaðarins. Merki séu um samdrátt í efnahagslífinu og hætta á ofkælingu hagkerfisins verði vextir hækkaðir meira. Enginn mælir þó með að vextir verði lækkaðir strax heldur beri að staldra við og fylgjast vel með þróun hagstærða næstu vikurnar.

Skuggabankastjórnina skipa Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. Markmið skuggabankastjórnar Markaðarins er að skapa umræðu um ástand og horfur efnahagsmála fyrir hverja stýrivaxtaákvörðun.

Seðlabankinn tilkynnir ákvörðun um stýrivexti á morgun.

Öll telja þau hættu á ofkólnun þótt erfitt sé að merkja það greinilega í hagtölum. Edda Rós segir vanta fullkomnari gögn um gang efnahagslífsins. Ásgeir segir slaka verða á vinnumarkaði í haust og Ólafur vill efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Þórður segir það taka langan tíma að byggja upp orðstír við hagstjórn. **- bg /** **sjá Markaðinn**





**Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent**

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. skv. könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

*Einstaklingstilboð nr. 2*

*Pizzasneið, 2 brauðstangir og gosglas*

**690 kr.**

sbarro



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 — www.sbarro.is • sími 517 7750

SHIMANO hjól HYPERLOOP

2879 / ta 02



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

## SPURNING DAGSINS



*Ólafur Áki, eruð þið bitrir yfir þessu?*

„Það má segja að það sé dálítil skeifa á okkur.“

Skipulagsstofnun telur að bygging Bitruvirkjunar sé óviðunandi. Ólafur Áki Ragnarsson er sveitarstjóri í Ölfusi.

Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri fyrir ummæli í blaðagrein:

# Kærir Árna Johnsen til lögreglu fyrir ærumeiðingar

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri hefur kært Árna Johnsen alþingismann til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir ærumeiðingar.

Kæran er tilkomin í kjölfar blaðagreinar sem Árni ritaði um samgöngur við Vestmannaeyjar. Þar sagði hann starf úttektarnefndar, sem samgönguráðherra skipaði vegna samgangna til Eyja, hafa verið „fúsk eitt“ vegna þess að Gunnar hafi stjórnað þar gangi mála. Einnig sagði Árni í greininni að Gunnar hafi verið handbendi Sturlu Böðvarssonar, þáverandi samgönguráðherra, sem hafi viljað höfn í Bakkafjöru og fyrirfram verið andsnúinn jarðgöngum. Þá sagði Árni það hafa verið „furðu“ að Sturla skipaði Gunnar í embætti.

Kæra Gunnars á hendur Árna byggir á að sá síðarnefndi hafi gerst brotlegur við 234. og 235. grein almennra hegningarlaga. Þar er kveðið á um refsingar við brotum vegna ærumeiðinga og aðdróttana, sem geta varðað fjársektir eða fangelsi allt að einu ári. - jss



**ÁRNI JOHNSEN** Segir Gunnar hafa stjórnað „fúski“ úttektarnefndar.

Moody´s um ríkissjóð:

## Lánshæfiseinkunn lækkuð

**FJÁRMÁL** Matsfyrirtækið Moody´s lækkaði lánshæfiseinkunn ríkissjóðs Íslands um eitt þrep í gær. Einkunnin fór úr Aa1 í Aaa. Þá hefur landsmat á bankainnistæður í erlendri mynt einnig verið lækkað úr Aa1 í Aaa.

Allar aðrar lánshæfiseinkunnir voru staðfestar í flokknum Aaa. Til þeirra teljast landsmat fyrir skuldbindingar í erlendri mynt, fyrir bankainnistæður í íslenskum krónum og verðbréf í íslenskum krónum.

Lánshæfiseinkunnirnar voru áður í neikvæðum horfum en eru nú stöðugar. - kóp



**ELLIÐAÁR** Silungsveiði er nú í efri hluta Elliðaáa.

Veiðiþjófar að nóttu:

## Stökkt á flótta úr Elliðaánum

**LÖGREGLUMÁL Vegfarendur stökktu tveimur veiðiþjófum á flótta úr Elliðaánum að næturlagi síðustu helgi. Að því er fram kemur á spjallvef Stangaveiðifélags Reykjavíkur voru það aðrir veiðimenn á leið í bæinn sem klukkan eitt um nótt komu að tveimur mönnum við Elliðaár í Víðdal „að læðupokast með spúnastangirnar“. Veiðiþjófarnir hafi reynt að læðast á brott. „Við spurðum þá hvað þeir væru að gera og hvað haldið þið? Þeir svöruðu okkur á íslensku, sem sannar auðvitað það sem var nú svo sem vitað að við Íslendingar værum ekkert heilagir í þessum veiðiþjófamálum.“** - gar

Breskt tímarit:

## Mesta friðsældin er á Íslandi

**BRETLAND, AP** Breska tímaritið Economist hefur komist að þeirri niðurstöðu að hvergi á jörðu sé friðsælla en hér á Íslandi. Á síðasta ári þótti Noregur friðsælasta ríki heims.

Samkvæmt alþjóðlegum friðarkvarða tímaritsins, sem birtur var í gær, lentu Bandaríkin í 97. sæti af alls 140 ríkjum. Bandaríkin eru þar með fyrir neðan til dæmis Kúveit, Líbíu og Níkaragva, en örlítið fyrir ofan Serbíu.

Neðst á listanum eru Súdan, Sómalía og Írak, en næst á eftir Íslandi á toppnum koma Danmörk, Noregur, Nýja-Sjáland og Japan. - gb

# Rúmlega fimmtíu fíkniefnasalar teknir

**Rúmlega fimmtíu fíkniefnasalar hafa verið teknir það sem af er þessu ári, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Lögregla hefur lagt hald á meira magn fíkniefna nú en í fyrra.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið 53 fíkniefnasala það sem af er árinu. Sumir hafa verið teknir oftar en einu sinni og er fjöldi lögreglumála sem af þessu hefur sprottið orðinn tæplega 120 mál á fyrstu fjórum mánuðum ársins, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildarinnar.

Í þessum málum hefur lögregla lagt hald á eitt og hálft kíló af maríjúana, 800 grömm af kókaíni, tæplega 400 skammta af LSD, hálft kíló af amfetamíni, um 100 kannabisplöntur og hassolíu.

Karl Steinar greinir frá því að fíkniefnalögreglan hafi kortlagt sölunet fíkniefnasalanna og sé með lista yfir 148 manns, sem taldir eru virkir dreifingar- og sölumenn á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir enn fremur að með því að beina sjónum sínum að fíkniefnasölum hafi náðst meira magn fíkniefna í færri málum heldur en á sama tíma í fyrra. Þá sé samsetning efnanna öðruvísi. Meira beri á kókaíni og LSD í ár heldur en í fyrra. Þá hafi hassið og kannabisplönturnar verið meira áberandi.

„Þetta er liður í þeirri hugmyndafræði okkar að reyna að stöðva framboðið á fíkniefnum sem er fyrst og fremst okkar þáttur,“ útskýrir Karl Steinar. „Við höfum virkjað almenna lögreglumenn í þessu starfi með því að fara inn á allar vaktir og úthverfastöðvar og kynna þennan lista sölumanna fíkniefna. Þegar lögregla verður vör við þessa menn þá metur hún aðstæður, hvort tilefni sé til afskipta vegna fíkniefnamála. Með þessu móti er verið að miðla með markvissari hætti upplýsingum um þá sem eru aðgangsharðastir í því að selja og dreifa fíkniefnum á hverjum tíma.“



**KANNABISEFNI** Kannabisefnin virðast hafa lotið í lægra haldi fyrir sterkari fíkniefnum það sem af er þessu ári ef marka má reynslu lögreglu milli ára nú og í fyrra.



**KARL STEINAR VALSSON** yfirmaður fíkniefnadeildarinnar á höfuðborgarsvæðinu.

Karl Steinar segir að þetta fyrirkomulag á kynningu fíkniefnasalanna til almennrar lögreglu, sem er tiltölulega nýtt af nálinni, hafi gefið góða raun.

„Auk þessarar kynningar koma nú nýir lögreglumenn sem eru að hefja störf í starfskynningu hjá fíkniefnadeildinni í nokkra daga. Þeir eru með götuhópnum og fá ákveðna innsýn inn í, og leiðbeiningar um, hvernig þeir eigi að vinna að málum, til að mynda við leit í bílum og annað verklag við aðgerðir af þessu tagi.“

jss@frettabladid.is

Matarverð á Íslandi:

## 64% hærra en í ESB-ríkjum

**VERSLUN Matarverð á Íslandi er að meðaltali 64% hærra en í ríkjum Evrópusambandsins. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins.**

**Þá bendir könnun eftirlitsins til þess að forverðmerkingar birgja á matvörum takmarki samkeppni matvöruverslana. Verðmunur á forverðmerktum vörum sé margfalt minni en á líkum vörum sem slíkt gildir ekki um.**

**Í skýrslunni er vakin athygli á nokkrum samningum sem geta falið í sér samkeppnishindranir. Samkeppniseftirlitið mun fylgja því eftir að samningar feli ekki í sér brot á samkeppnislögum.** - kóp

Tíu mánaða fangelsisdómur:

## Ljósritaði peningaseðla

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur í tíu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag fyrir peningafals og fíkniefnabrot.

Við handtöku mannsins í apríl 2007 fundust á honum tuttugu ljósritaðir tvö þúsund króna seðlar. Við yfirheyrslu kvaðst maðurinn hafa ætlað að nota seðlana í pókerspili með vinum sínum, en sagði ætlun sína aldrei hafa verið að koma þeim í almenna umferð. Héraðsdómur taldi hins vegar sannað að ætlun hans hefði einmitt verið sú. - kg

**KJARAMÁL**

### Flugfreyjur fá 3,3 prósent

Kjarasamningur hefur verið undirritaður milli Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair. Samningurinn gefur 3,3 prósenta hækkun grunnlauna. Samningurinn gildir til janúarloka 2009. Atkvæði verða greidd um hann í byrjun næstu viku


MP FJÁRFESTINGARBANKI

Hver stýrir þínu verðbréfasafni?




EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér

www.mp.is Sími 540 3200


Heilsíðuauglýsing um fjármála- og tantranámskeið reyndist vera vinaspaug:

# Þeir eiga ekki von á góðu

**FÓLK** „Ég hef ákveðna menn grunaða um þennan verknað og hef trú á því að þarna sé um að ræða hrekk í tilefni fyrirhugaðs brúðkaups míns og kærustunnar í júlí,“ segir Gunnar S. Magnússon, starfsmaður Landsbankans. Margir ráku upp stór augu þegar þeir sáu stóra mynd af Gunnari prýða heilsíðuauglýsingu í DV um helgina undir fyrirsögninni „Fjármála og Tantra námskeið G-Money“.

Í auglýsingunni segir að fjármálasnillingurinn og lífskúnstnerinn Gunnar bjóði upp á opið námskeið þar sem tekið sé á fjármálavandamálum einstaklinga, jafnframt því sem kenndar verði leiðir til að auka ánægju af kynlífi samfara erfiðum tímum á fjármálamörkuðum. Auglýsingunni fylgir svo gsm-númer Gunnars.

„Ég svaraði 20 manns sem vildu fá frekari upplýsingar um námskeiðið, en setti svo símann á „silent“,“ segir Gunnar sem tók þessu gríni félaga sinna vel þrátt fyrir að hafa legið veikur heima hjá sér þegar honum bárust fregnirnar af auglýsingunni. Hann tekur þó fram að þeir aðilar sem bera ábyrgð á þessu spaugi eigi ekki von á góðu þegar og ef þeir ákveða að gifta sig. Spurður hvort hann gangist við því að vera fær á sviði fjármála og kynlífs er svar Gunnars stutt og laggott. „Ég neita engu.“ - kg




**AUGLÝSINGIN UMTALAÐA** Gunnar Magnússon vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar auglýsing birtist í DV þar sem fjármála- og tantranámskeið var auglýst í hans nafni.

10 kr.
afsláttur af hverjum lítra

# 10 kr. afsláttur af hverjum lítra fyrir e-korthafa í dag!

10 kr. afsláttur af hverjum eldsneytislítra fyrir e-korthafa hjá Shell í dag.



Fiton/SÍA F1026073

KAUPÞING Netbankinn spron

KORT ekortin.is

VILDARKORT ekortin.is

**GENGIÐ 20.05.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,64 | 74 |
| Sterlingspund | 144,74 | 145,44 |
| Evra | 115,27 | 115,91 |
| Dönsk króna | 15,45 | 15,54 |
| Norsk króna | 14,731 | 14,817 |
| Sænsk króna | 12,431 | 12,503 |
| Japanskt jen | 0,7079 | 0,7121 |
| SDR | 119,85 | 120,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

148,6551

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Afkoma borgarsjóðs mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir:

# Milljarða betri afkoma borgar

**REYKJAVÍK** Rekstrarafkoma A-hluta Reykjavíkurborgar er 22,5 milljarðar, 8,8 milljörðum betri en áætlað var. A-hlutinn tekur til aðalsjóðs, eignasjóðs og skipulagssjóðs. Ársreikningar Reykjavíkur fyrir 2007 voru lagðir fram í borgarstjórn í gær.

Rekstrarafkoma aðalsjóðs er 16,5 milljarðar, eða 52% hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaður borgarinnar af sölu hlutar síns í Landsvirkjun, rúmlega 10 milljarðar, er inni í þeirri tölu.



**Í RÆÐUSTÓL** Borgarstjóri mælti fyrir ársreikningi 2007 í borgarstjórn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sagði við framlagningu að um viðsnúning á rekstri borgarinnar væri að ræða. Hann segir að fjármálastjórn hafi farið úr böndunum árin 2003 til 2006. „Niðurstaða ársreiknings sýnir að öflug fjármálastjórn og ráðdeild sem einkennt hafa rekstur og fjármálastjórn borgarinnar á síðasta ári skipta sköpum,“ sagði Ólafur í ræðu sinni.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi segir fráleitt að tala um viðsnúning í fjármálum. Að söluhagnaði undanskildum sé þróunin svipuð og síðustu ár. „Skatttekjur borgarinnar hafa aukist mjög og útgjöld taka mið af manneklu á mörgum sviðum. Þá eru 15 milljarðar af þessu söluhagnaður af Landsvirkjun og lóðum og fasteignum borgarinnar. Sá hagnaður kemur aðeins einu sinni og var alltof rýr í tilviki Landsvirkjunar,“ segir Dagur. - kóp

Icebank á fyrsta fjórðungi:

## Tapið nemur 3,4 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Tap Icebank á fyrsta ársfjórðungi nemur 3.360 milljónum króna. Tap á hlut nemur 3,0 krónum. Á sama tíma í fyrra nam tap bankans 2.747 milljónum.

Tapið skýrist af gengistapi af markaðsbréfum upp á 3,5 milljarða króna, einkum af eignarhlut í Existu sem lækkaði um 44 prósent á fjórðungnum, og eins vegna varúðarniðurfærslu krafna upp á 2,3 milljarða króna. Hreinar vaxtatekjur námu hins vegar 809 milljónum og jukust um 60 prósent frá sama tíma í fyrra. „Eru vaxtatekjur nú 59 prósentum hærri en allur rekstrarkostnaður bankans“, segir í tilkynningu. - óká



**EDWARD M. KENNEDY** Hefur verið öldungadeildarþingmaður síðan 1962.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kennedy á sjúkrahúsi:

## Sagður með illkynja heilaæxli

**BANDARÍKIN, AP Bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Edward M. Kennedy er með heilaæxli, að því er læknar skýrðu frá í gær.**

**Æxlið, sem sagt er illkynja, er ástæða þess að hann fékk skyndilega flog um helgina og var strax fluttur á sjúkrahús til rannsókna.**

**Hann er sagður hafa náð sér eftir flogið, en óvíst er um batahorfur hans og meðferð.**

**Kennedy, sem jafnan er nefndur Ted, er 76 ára gamall og hefur setið á þingi síðan 1962. Hann er bróðir fyrrverandi Bandaríkjaforseta, Johns F. Kennedy, sem var myrtur árið 1963. Þriðji bróðir þeirra, Robert, var einnig myrtur árið 1968.** - gb

**LEIÐRÉTTING**

Vegna fréttar af herþjálfunarnámskeiði fyrir nema í HÍ í sumar vill Arnaldur Birgir Konráðsson, framkvæmdastjóri Bootcamp, taka það fram að námskeiðið er ekki á vegum fyrirtækis hans. Því var ranglega haldið fram í frétt blaðsins í gær og er beðist velvirðingar á því.

# Watson segir hrefnuveiðar glæpsamlegar

**Erlendir fjölmiðlar greina frá hrefnuveiðum Íslendinga og segja frá óeiningu innan ríkisstjórnarinnar. Skiptar skoðanir eru um málið innan Samfylkingarinnar. Paul Watson hvetur til þess að íslenskar vörur verði sniðgengnar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Samfylkingin er ekki hreintrúarflokkur þar sem allir verða að hafa sömu skoðun og formaðurinn,“ segir Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem er hlynntur hvalveiðum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, hefur hins vegar sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að allir ráðherrar flokksins séu mótfallnir þeim.

Á veffréttamiðli Bloomberg segir frá því að óeining sé um málið innan íslensku ríkisstjórnarinnar og er þar haft eftir Ingibjörgu Sólrúnu að með því að heimila veiðarnar sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Paul Watson, forsvarsmaður Sea Shepherd, segir á vefsíðu samtakanna að hrefnuveiðar Íslendinga séu glæpsamlegar. „Hinn siðvæddi heimur verður að sniðganga allar vörur og þjónustu Íslendinga. Hvort sem er ferðaþjónusta, fatnaður eða vodki,“ segir hann.

Forsvarsmenn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Félags skipstjórnarmanna og Félags vélstjóra og málmtæknimanna fagna hins vegar ákvörðun sjávarútvegsráðherra og undrast ummæli Ingibjargar Sólrúnar. Í fréttatilkynningu frá þeim segir að hrefnur éti um milljón tonn af fiski, þar á meðal loðnu og þorski. Því séu veiðar á henni mikið hagsmunamál.

Karl segir að hann eigi sér skoðanabræður í þessu máli innan þingmannaliðs Samfylkingarinnar. Hann segist líta svo á að Ingibjörg Sólrún hafi fyrst og fremst verið að ítreka í fréttatilkynningunni að sjávarútvegsráðherra hafi tekið ákvörðunina. „Hún sagðist til að mynda munu útskýra þau rök um sjálfbæra nýtingu hrefnustofnsins sem að baki ákvörðun liggja á erlendum vettvangi og þar sem þess gerist þörf.“



**FORSVARSMAÐUR SEA SHEPHERD** Paul Watson vill að hinn siðvæddi heimur sniðgangi allar vörur og þjónustu Íslendinga. Hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu, fatnað eða íslenskan vodka.

Gunnar Bergmann, formaður Félags hrefnuveiðimanna, segir ekki langt síðan að Össur Skarphéðinsson hafi talað fyrir hrefnuveiðum. „Það eru aðeins nokkur ár síðan að hann barði sér á brjóst og sagði á fundi á Ísafirði að þegar hann kæmist til valda myndi hann standa fyrir því að hrefnuveiðar yrðu heimilaðar. Viðmælandi hans þá var Konráð Eggertsson hrefnuveiðimaður. Af ummælum Össurar í fjölmiðlum má hins vegar greina að þetta fór á annan veg hjá honum.“

Fyrsta hrefnan var veidd í gær og mun báturinn Njörður koma með hana að landi skömmu eftir hádegi í dag. jse@frettabladid.is



**BÖRN Í BÚRMA** Þessi tvö skýldu sér fyrir rigningunni með stórri regnhlíf.
NORDICPHOTOS/AFP

Búrmastjórn enn hvött til

## Ban Ki-moon á leið til Búrma

**BÚRMA, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ætlar til Búrma á morgun að skoða neyðarsvæðin og ræða bæði við hjálparstarfsfólk og ráðamenn.**

**Hann segir næstu daga ráða úrslitum um örlög fólksins á þeim svæðum sem verst urðu úti. Hjálpin hafi til þessa einungis náð til fjórðungs þeirra sem á þurfa að halda.**

**John Holmes, yfirmaður neyðarhjálpar Sameinuðu þjóðanna, er staddur í Búrma til að sannfæra herforingjastjórnina þar um að þiggja meiri hjálp að utan.** - gb

Samningaviðræður BSRB:

## Lítið miðar áleiðis

**VINNUMARKAÐUR** Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir að lítið hafi miðað áleiðis í viðræðum samninganefndar BSRB og ríkisins en allt sé þetta þó í rétta átt. „Ég er enn að gera mér vonir um að við verðum komin nærri markinu í lok vikunnar eða í síðasta lagi um helgina,“ segir hann.

Ögmundur segir að verið sé að skoða ýmsa þætti sem snúi að velferðargeiranum og umönnunargeiranum og horfa til framtíðar. - ghs




**VEÐURSPÁ**



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**NORÐURLANDIÐ HORFIR VEL**

Í dag og næstu daga eru prýðis veðurhorfur fyrir landið norðanvert. Eru horfur á að til landsins þar um slóðir megi búast við 15-19 stiga hita síðar í vikunni og um helgina í nokkuð björtu veðri og hægum vindi. Austan til eru líka ágætar horfur einkum er nær dregur helgi.



**Á MORGUN** 8-15 m/s sunnan til annars hægari

**FÖSTUDAGUR** Víðast 5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Billund | 17° |
| Ósló | 15° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 17° |
| Helsinki | 14° |
| Eindhofen | 19° |
| Amsterdam | 17° |
| London | 19° |
| Berlín | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 13° |
| París | 21° |
| Basel | 15° |
| Barcelona | 22° |
| Alicante | 25° |
| Algarve | 23° |
| Tenerife | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

# Hafnfirðingar eru allir að dubba sig upp fyrir heimboð





# Heimboð í Hafnarfjörð

## Afmælishátíð 29. maí - 1. júní

Í tilefni af hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar er þér og þínum boðið til veglegrar afmælishátíðar. Líkt og í ævintýrum, stendur veislan í marga daga og verður boðið upp á margvíslega skemmtan sem gleður augu, eyru og, ekki síst, bragðlauka.

Komdu og njóttu lífsins með okkur á hundrað ára afmælinu.
Við hlökkum til að sjá þig!

**Ítarlega dagskrá allra hátíðardaganna má finna á www.hafnarfjordur.is**



FABRIKAN / Ljósm: Lárus Karl Ingason

## KJÖRKASSINN



*Á að breyta eða fella út lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra og þingmanna fyrir þinghlé í næstu viku?*

| | |
|---|---|
| Já | 93,4% |
| Nei | 6,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt að hætta við Bitruvirkjun?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Ofsóknir heimamanna á hendur innflytjendum í úthverfum Jóhannesarborgar hafa kostað tugi manna lífið:

# Þúsundir manna á flótta í Suður-Afríku

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Hjálparsamtök í Suður-Afríku reyna nú að útvega þúsundum innflytjenda frá nágrannalöndum mat og húsaskjól. Innflytjendurnir hafa þúsundum saman flúið heimili sín, sem oft eru þó frekar bágborin, vegna linnulausra árása fátækra heimamanna undanfarna viku.

Átökin hafa kostað á þriðja tug manna lífið, en í gær virtist aðeins rólegra þótt áfram hefðu borist óstaðfestar fregnir af dauðsföllum.

Mikið af árásunum beinist gegn flóttafólki frá Simbabve, sem hefur streymt til landsins síðustu vikur og mánuði, en aðrir útlendingar frá Malaví, Mósambík og fleiri nágrannaríkjum, verða ekki síður fyrir árásunum. Hópar vígamanna, vopnaðir hnífum, byssum og grjóti, hafa farið um hverfin og elt uppi útlendinga. Einn varð fyrir því að kveikt var í hjólbarða sem settur var um hálsinn á honum.

Árásarfólkið kennir útlendingunum um að taka frá heimamönnum bæði vinnu og húsnæði. Átökin þykja sanna ásakanir stjórnarandstæðinga um að stjórnvöld í Suður-Afríku hafi ekki staðið sig í að útvega landsmönnum næga atvinnu, betra húsnæði og viðunandi menntun. Þótt velmegun í Suður-Afríku sé meiri en í nágrannaríkjunum, þá er atvinnuleysi mikið og húsnæðisvandinn gríðarlegur.

Innflytjendurnir hafa flúið inn á lögreglustöðvar, inn í kirkjur og félagsmiðstöðvar þar sem það leitar skjóls eftir árásirnar. Fáir hafa hætt sér þaðan út aftur, heldur bíða átekta.

- gb



**LIGGUR Í BLÓÐI SÍNU** Ljósmyndarar kepptust við að taka myndir af þessum manni, sem lögreglan hafði bjargað undan æstum múg. Hann beið læknisaðstoðar sem barst fáeinum mínútum síðar. NORDICPHOTOS/AFP








**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Stækkun hennar gefur af sér 90 MW og Hverahlíðarvirkjun annað eins. Forstjóri OR segir alla þá orku eyrnamerkta ákveðnum verkefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forstjóri OR útilokar ekki virkjun á Bitru

**Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur á alveg eins von á breyttri afstöðu til Bitruvirkjunar á næsta ári þegar rammaáætlun II verður kynnt. Borgarstjóri óskaði borgarbúum til hamingju með að virkjunin yrði slegin af í borgarstjórn í gær.**

**UMHVERFISMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkti samhljóða á fundi sínum í gær að hætta undirbúningi Bitruvirkjunar og fresta öllum frekari framkvæmdum á svæðinu. Ákvörðun um framhaldið verður tekin að höfðu samráði eigenda og sveitarfélagsins Ölfuss.

Rammaáætlun II um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verður tilbúin á næsta ári. Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, segist alveg eins eiga von á breyttri afstöðu til Bitruvirkjunar.

„Ég tel að mörg önnur svæði séu vænlegri til friðunar; Kerlingarfjöll, Torfajökull og Brennisteinsfjöll svo eitthvað sé nefnt. Ef menn ætla að virkja háhitasvæði yfirhöfuð hljóta menn því að horfa til Bitruvirkjunar,“ segir Hjörleifur og bendir á að línur liggi nú þegar yfir svæðið.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR, segir að fyrirtækið vilji starfa í sátt við umhverfið og því hafi eðlilega verið tekið tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar. „Það kom mér á óvart hve eindregið það var, en við hlítum því að sjálfsögðu. Við höldum áfram undirbúningi virkjunar í Hverahlíð,“ segir Kjartan.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í stjórn OR, þær Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir, vilja að öllum frekari framkvæmdum á svæðinu verði hætt. Þær bókuðu að í ljósi álits Skipulagsstofnunar eigi að „eigra svæðinu til langrar framtíðar“.

Á borgarstjórnarfundi í gær óskaði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri borgarbúum til hamingju með að Bitruvirkjun hafi verið slegin af. Í samþykkt stjórnar OR segir að framkvæmdum sé frestað. Kjartan Magnússon segir rétt hjá borgarstjóra að þessar framkvæmdir hafi verið slegnar af, hvað sem verður í framtíðinni.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, gagnrýnir stjórn OR fyrir flumbrugang. Ekki hafi legið á að taka afstöðu til málsins og samþykktin gæti bundið hendur fyrirtækisins til orkuframleiðslu á öðrum háhitasvæðum.

Bitruvirkjun átti að framleiða 135 MW og viðræður höfðu átt sér stað um sölu 100 MW til kísilhreinsunarverksmiðju í Þorlákshöfn. Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Ölfuss, segir að endurskoða þurfi öll áform um orkufrekan iðnað á svæðinu. „Það verður ekki pláss fyrir slíkan iðnað ef ekkert er virkjað,“ segir Ólafur. kolbeinn@frettabladid.is

### EKKI MEIRI ORKUSALA

Hjörleifur Kvaran segir að með aflagningu Bitruvirkjunar sé ljóst að ekki verði fleiri orkusölusamningar af hendi OR að öllu óbreyttu. Sú raforkuframleiðsla sem fyrirtækið á í pípunum sé öll eyrnamerkt ákveðnum verkefnum.

Stækkun Hellisheiðarvirkjunar gefur af sér 90 MW og Hverahlíðarvirkjun annað eins; samtals 180 MW. Af því fara 100 MW í álver í Helguvík, 35 MW í stækkun Norðuráls, 10 MW í eigin orkunotkun virkjana. Þau 35 MW sem út af standa þurfi vegna íbúafjölgunar á veitusvæðinu.





**2008 á Reykjavíkurflugvelli**
sjá nánar á www.flugmal.is

**Miðvikudagur 21. maí**

**Flugstoðir á Reykjavíkurflugvelli**
Opið hús hjá Flugstoðum kl. 17:00-19:00. Boðið verður upp á leiðsögn um Flugstjórnarmiðstöð, turnhermi, verkstæði, slökkvilið og fleira.

**Flugþekkingin – sérþekkingin**
Flugskólar, háskólar og fleiri aðilar bjóða upp á fyrirlestra um rannsóknir og þróunarstarf sem tengist flugi. Haldið í Fluggörðum á Reykjavíkurflugvelli kl. 20:00.

**Fimmtudagur 22. maí**

**Reykjavíkurflugvöllur í brennidepli**

**Málþing Flugmálafélags Íslands**
**Flugskýli Geirfugls, 22. maí 2008 kl. 08:00**

08:00 Setning málþings 2008
*Matthías Sveinbjörnsson, Flugmálafélagi Íslands*

**Mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir íslenskt þjóðfélag**

08:10 Reykjavíkurflugvöllur og landsbyggðin
*Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri Tálknafjarðarsveitar*
08:20 Þarfir flugsamgangna á Íslandi
*Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group*
08:30 Sambúð flugs og borgar
*Einar Kárason, rithöfundur*
08:40 Þarfir og kröfur þjóðfélagsins
*Ögmundur Jónasson, alþingismaður*

**Samgöngumiðstöð og skipulag Vatnsmýrarinnar**

08:50 - 09:20 Áætlanir um byggingu Samgöngumiðstöðvar - Skipulagsmál Vatnsmýrarinnar.
*Ragnar Atli Guðmundsson, verkefnisstjóri, Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur og fleiri.*
Umræður
Fundarstjóri *Kristján Már Unnarson fréttamaður.*

Flugmálafélag Íslands Stofnað 1936 · ICELANDAIR · FLUGSTOÐIR ISAVIA · FLUGFÉLAG ÍSLANDS


Síðasti dagur þriggja daga þjóðarsorgar í Kína er í dag:

# Bjargað eftir viku í rústunum

**KÍNA, AP** Tveimur mönnum hefur verið bjargað úr rústum húsa í Kína meira en viku eftir að jarðskjálftinn mikli reið yfir í Sechuan-héraði. Fólk í héraðinu var enn á nálum af ótta við eftirskjálfta sem spáð var að gætu enn orðið sterkir.

Ma Yuanjiang var bjargað í gær úr vatnsorkuvirkjun við Yingxiuflóa, þar sem hann starfaði sem verkstjóri, eftir 30 tíma starf við að koma honum út úr rústunum. Hann var fær um að tala eftir björgunina og gat strax farið að borða smávegis, en ekki var vitað hvernig líkamlegt ásigkomulag hans var eftir þrekraunina.

Á mánudag var námuverkamanninum Peng Guohua bjargað eftir að hafa verið fastur í rústunum í 170 klukkustundir.

Afar ólíklegt þykir að fleiri finnist á lífi í rústunum. Jarðskjálftinn mældist 7,9 stig og er talinn hafa kostað 50 þúsund manns lífið.

Í dag er síðasti dagur þriggja daga þjóðarsorgar, sem stjórnvöld lýstu yfir á mánudag. Áður hefur þjóðarsorg aðeins verið lýst yfir í Kína við fráfall þjóðarleiðtoga.

- gb



**LÁTINNA MINNST** Nemar í bænum Linfen mynduðu stafi héraðsins Wenchuan með kínversku letri og hjarta utan um. NORDICPHOTOS/AFP




Hugtök Apr. 08

# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.




GRAND VITARA frá 3.390 þús.

Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og lágu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.

FULL FRAME 4x4

---

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKIBILAR.IS




Hæstiréttur segir ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu brotin:

# Hundsmáli vísað aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað dómsmáli sem snýst um hund aftur til Héraðsdóms Suðurlands. Þrír hæstaréttardómarar kváðu upp dóminn.

Hundurinn sem um ræðir beit barn í garði á Selfossi í lok aprílmánaðar. Í úrskurði Héraðsdóms Suðurlands segir að barnið hafi borið þess merki að hundurinn hafi glefsað í það, greinileg bitför hafi verið á hendi og gat verið á peysu barnsins. Eigandinn hafi ekki haft undanþágu frá bæjaryfirvöldum til hundahalds þannig að hundurinn sé óskráður.

Eigandinn neitaði að afhenda lögreglu hundinn nema að gengnum dómsúrskurði. Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði að lögregla skyldi fá hundinn.

Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem segir að eigandanum hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna fyrir héraðsdómi. Með því hafi verið brotin tiltekin ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Óhjákvæmilegt sé að fella úrskurð héraðsdóms úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar á nýjan leik. **-jss**



**HUNDAMÁL** Mál er varða hunda hafa iðulega komið til kasta dómstóla.

# Lifrarbólgufaraldur talinn yfirvofandi

**Óvenju margir greindust með lifrarbólgu B á síðasta ári, eða 48 manns. Um helmingur þeirra voru innflytjendur. Vitað er um átta sem höfðu sprautað sig með fíkniefnum. Landlæknir útilokar ekki að faraldur geti verið yfirvofandi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Barn sem fæðist af móður með smitandi lifrarbólgu B hefur allt að 90 prósent líkur á að fá sjúkdóminn sjálft og ef ekkert er að gert er barnið líklegt til að bera jafnvel veiruna í sér alla tíð,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. Mikil aukning á blóðsmitandi lifrarbólgum var árið 2007 á Íslandi. Fjöldi smitaðra af lifrarbólgu B er kominn í sömu tölu og var á árunum 1989 til 1991 en þá skilgreindi landlæknisembættið ástandið sem faraldur.

„Þetta er hinn versti sjúkdómur. Börn sem smitast frá móður sinni eru í hættu á að fá langvinnan lifrarsjúkdóm sem veldur skorpulifur og síðar lifrarkrabbameini,“ segir Sigurður. Alls greindust 48 einstaklingar með lifrarbólgu B árið 2007. Um helmingur þeirra voru innflytjendur og vitað er um átta sem höfðu sprautað sig með fíkniefnum. Árið 2006 voru níu af sautján Íslendingum sem greindust með lifrarbólgu B tengdir fíkniefnaneyslu. Faraldur gekk á meðal fíkniefnaneytenda á árunum 1989–1991 en sami fjöldi greindist árið 1991 og árið 2007. Sigurður segir ljóst að ef ekki verður komið böndum á ástandið sé faraldur yfirvofandi.

Lifrarbólga C er langalgengasta lifrarbólgan hér á landi. Meginþorri þeirra sem smitast eru fíkniefnaneytendur sem sprauta sig. Á árinu 2007 greindust 95 manns með sjúkdóminn, sem er umtalsverð aukning miðað við árin á undan.

„Fjölgun lifrarbólgusmita rímar við upplýsingar frá Landspítalanum um verulega aukningu á fylgikvillum fíkniefnaneyslu, þá aðallega sýkingum. Það kann að vera að þetta bendi til breytingar á hegðunarmynstri hjá fíklum, sem augljóslega er neikvætt.“

Lifrarbólga B og C getur valdið langvinnri lifrarbólgu, skorpulifur og síðar lifrarkrabbameini. Lifrarbólga B er algengasta orsök lifrarkrabbameins í Suðvestur-Asíu, að sögn Sigurðar.

Hægt er að fyrirbyggja lifrarbólgu B með bólusetningu og þar sem sjúkdómurinn er landlægur er því úrræði beitt við ungbarnabólusetningar. „Því krítíska ástandi hefur ekki verið náð hérlendis, hvað sem verður síðar. Mikilvægt er að bjóða fíkniefnaneytendum, sem ekki hafa smitast af lifrarbólgu B, bólusetningu gegn sjúkdómnum til að koma í veg fyrir nýjan faraldur í þessum hópi, en meginvarnir gegn þessum sjúkdómum felast nú sem endranær í upplýsingu og fræðslu.“ **svavar@frettabladid.is**



**SMITLEIÐ** Lifrarbólga C er algeng á meðal sprautufíkla og umtalsverð aukning er komin fram hérlendis á síðustu árum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar með beinum hætti. NORDICPHOTOS/AFP

## LIFRARBÓLGUR GREINDAR Á ÍSLANDI




HEIMILD: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ







SVÞ benda á að íslenska krónan verði sífellt minna virði:

# Fimm krónur minnsta myntin

**EFNAHAGSMÁL** Krónan verður sífellt minna virði og því einboðið að fljótlega verði hætt að nota hana sem greiðslueiningu óháð því hvort og þá hvenær Íslendingar taka upp burðugri mynt. Þetta kom nýlega fram í fréttabréfi Samtaka verslunar og þjónustu, SVÞ.

Notkun krónumyntarinnar veldur mest kostnaði og óþægindum og því leggur SVÞ til að allar greiðslur verði rúnnaðar upp eða niður og miðað við fimm krónu greiðslueiningu hið minnsta. Bent er á að Danir hætta að nota 25 aura peninginn, sem jafngildir fjórum íslenskum krónum, í haust og minnsta greiðslueiningin í Finnlandi er fimm sent eða tæpar sex íslenskar krónur.

„Ef tilfinningasemi er sleppt þá munu eflaust heyrast þær raddir að þetta virki sem olía á verðbólgubálið sem allt gott fólk er að reyna að hemja,“ segir í fréttabréfinu.

Sigurður Þ. Jónsson, framkvæmdastjóri SVÞ, segir að vafalaust óttist einhverjir að þetta auki á verðbólgu en óvíst sé að svo verði. „Þetta myndi spara vinnu og fyrirhöfn,“ segir hann og veltir fyrir sér hvort það hafi aukið verðbólgu að fella niður aurana á sínum tíma. „Úr því að Danirnir geta þetta, af hverju getum við það ekki?“ spyr hann.

Í Fréttabréfi SVÞ er bent á að halda megi fram með góðum rökum að aðgerðin myndi leiða til sparnaðar í verði á vörum og þjónustu.

„Við gætum farið að dæmi Dana og komið fyrir söfnunarbaukum í verslunum fyrir krónumyntina til styrktar góðu líknarmálefni ef ákveðið verður að hætta notkun krónu sem greiðslueiningar. Það eru um 2 milljarðar krónupeninga í gildi, sem eru um fjögur prósent af allri gildri mynt,“ segir hann. **- ghs**



**FELLA NIÐUR KRÓNUPENINGINN** SVÞ leggja til að fella niður krónupeninginn og hafa fimm krónu myntina minnstu greiðslueininguna.



# Eurovision Megavika Domino's
## 19.-25. maí
## allar pizzur á 1.150 kr.*

*Allar pizzur af matseðli, ef þú sækir

**Eurovision Megaviku tilboð Domino's og Coca-Cola**

Þú kaupir eina pizzu, 2 lítra gos og nýja diskinn með Eurobandinu á aðeins: **1.990 kr.***

EURO BAND

**Allt 2 lítra gos á 195 kr.**

2 lítra Toppur á 100 kr.




Domino's Pizza

**58·12345**

**dominos.is**

*Séu fleiri pizzur keyptar eru þær á Megavikuverði.



**ÚFINN PRINS** Karl Bretaprins var á leiðinni í garðveislu á Norður-Írlandi í gær með einhvers konar Tinnahárgreiðslu þegar þessi mynd var tekin af honum. NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarstjóri viss um að Eyjamenn sjái um smíði og rekstur nýrrar ferju:

# Lokatilboðið áfram á borðinu

**SAMGÖNGUMÁL** „Það kæmi mér á óvart ef þessu tilboði yrði ekki tekið,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um endurskoðað tilboð bæjarins og Vinnslustöðvarinnar í smíði og rekstur nýrrar farþegaferju. Nýtt tilboð er tveim milljörðum króna lægra en fyrra tilboð upp á rúma 16 milljarða. Kostnaðaráætlun verkefnisins er rúmir tíu milljarðar. Upphaflegur frestur samgönguyfirvalda til að svara endurnýjuðu tilboði rann út á hádegi í gær en Eyjamenn hafa gefið frest til hádegis á fimmtudag.

Siglingastofnun hafnaði fyrra tilboðinu á þeim forsendum að það



**NÝR HERJÓLFUR** Það skýrist í dag hvort þetta glæsilega skip verður smíðað af Eyjamönnum.

væri langt yfir kostnaðaráætlun og fór fram á að það yrði endurskoðað. „Þetta tilboð er niðurstaða úr samningaviðræðum með Ríkiskaupum, Siglingastofnun og fulltrúum samgönguráðuneytis. Það er einsýnt að upphafleg kostnaðaráætlun ríkisins fær ekki staðist lengur. Ýmsar forsendur eru breyttar.“ Elliði bendir á að fjármagnskostnaður hafi hækkað mikið á stuttum tíma og það sama eigi við um verð á smíðajárni.

„Þetta er lokatilboð af okkar hálfu og um það verður samið eða ríkið verður að leita annarra leiða til að tryggja að ný ferja verði farin að sigla í Landeyjarhöfn árið 2010.“ Forsvarsmenn Siglingastofnunarinnar vildu ekki tjá sig í gær um líkur þess að nýju tilboði yrði tekið eða því hafnað. - shá

Uppreisnarmenn í Úganda:

# Farnir að ræna börnum á ný

**ÚGANDA, AP** Uppreisnarhópur í Úganda, sem hefur í nærri tvö ár staðið í samningaviðræðum við stjórnvöld um frið í skiptum fyrir sakaruppgjöf, hefur á síðustu vikum rænt 130 börnum, að því er talsmaður stjórnarhersins segir.

Hundrað börnum var rænt þegar liðsmenn hópsins gerðu árás á landamærahéruð í nágrannaríkinu Mið-Afríkulýðveldinu. Þrjátíu börnum var síðan rænt við landamæri Súdans og Kongó í síðasta mánuði. Andspyrnuher drottins, er talinn hafa rænt um 20 þúsund börnum síðan hann hóf uppreisn fyrir rúmum tveimur áratugum. - gb





» **Kl. 16 – 17 í Odda 101**
Opinber stjórnsýsla: Þjónusta, þátttaka og lýðræði í sveitarfélögum.

» **Kl. 15 – 17 í Lögbergi 101**
Alþjóðasamskipti: Utanríkismál, alþjóðastofnanir, þróunarsamvinna.

» Málstofurnar eru öllum opnar. Skráning á **http://stjornmal.hi.is**

» Umsóknarfrestur um nám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum og opinberri stjórnsýslu rennur út **5. júní.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 42475 05/08




**SIGURÐUR MAGNÚSSON** Bæjarstjórinn vill vernda strandlengju Álftaness. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæjarstjóri Álftaness vill ekki byggingu strandhýsis:

# Álftanesbær ræður, ekki Hæstiréttur

**SKIPULAGSMÁL** Álftanesbær hefur úrslitavald til að ákveða hvort lóðareigandi í bænum fær að byggja á lóð sinni, þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi úrskurðað að lóðin sé byggingarhæf. Þetta segir Sigurður Magnússon, bæjarstjóri á Álftanesi.

Henrik Thorarensen á lóðina að Miðskógum 8 í gegnum eignarhaldsfélagið Hald. Hann hugðist byggja á lóðinni en mætti þá andstöðu bæjaryfirvalda, sem ekki vildu samþykkja fyrirhugað hús. Héraðsdómur úrskurðaði í málinu og komst að þeirri niðurstöðu að ekkert deiliskipulag væri í gildi, og því mætti ekki byggja á lóðinni.

Fyrir mánuði staðfesti Hæstiréttur að ekki mætti reisa umrætt hús. Teikningarnar samræmdust ekki deiliskipulagi, sem sveitarfélaginu hefði ekki tekist að sýna fram á að væri ekki í gildi. Lóðin er með öðrum orðum byggingarlóð, í eigu Halds. Engu síður liggur fyrir bæjarstjórn að fella lóðina út af skipulagi og skilgreina hana sem óráðstafað svæði.

„Við ákveðum þetta og enginn annar,“ segir Sigurður Magnússon bæjarstjóri. „Samkvæmt byggingarlögum kunnum við svo að vera skaðabótaskyld ef við göngum á rétt einstaklinga, en það er bara annað mál. Við höfum tekið ákvörðun um að hlífa viðkvæmum strandsvæðum á öllu Álftanesinu. Það er stefna bæjarstjórnar.“ - sh




# Panasonic

## FRÁBÆR SJÓNVARPS TILBOÐ




Vreal
VIERA LINK

**Panasonic TX26LM70F**
26” V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **89.995**
FULLT VERÐ 109.995




Vreal
VIERA LINK

**Panasonic TX32LM70F**
32” V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **94.995**
FULLT VERÐ 119.995




Vreal2
VIERA LINK
100Hz motion picture pro

**Panasonic TX32LX700F**
32" V-Real 2 LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni, Sjónsvið (H/V): 178/178° með IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Sub-Pixel Control ,HD Ready, Progressive Scan, Skerpa: 8.500:1, Advanced 3D Colour management, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með SRS, TruSurroundXT hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ **139.995**
FULLT VERÐ 189.995




Vreal
VIERA LINK

**Panasonic TH37PV7F**
37" V-Real16:9 PLASMA BREIÐJALD með 1024x720 punkta upplausn, V-Real Engine, Advanced 3D Colour, management, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 8.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 1 HDMI,Component, SVHS og CVBS tengi, textav. ofl

TILBOÐ **149.995**
FULLT VERÐ 169.995




Vreal2
VIERA LINK

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

**Panasonic TH42PV70F**
42" Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP MEÐ 1024x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **199.995**
FULLT VERÐ 219.995




Vreal2
VIERA LINK

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

TILBOÐ **229.995**
FULLT VERÐ 249.995

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

Heimilistæki

ht.is



**KARMAPA Í WOODSTOCK** Einn af andlegum leiðtogum Tíbeta, Ogyen Trinley Dorje, er í heimsókn í Bandaríkjunum og stjórnaði þar helgiathöfn í Woodstock í gær. Hann er annar tveggja Tíbeta, sem gera tilkall til þess að verða sautjándi Karmapa landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Pokasjóður verslunarinnar úthlutar 90 milljónum af söluandvirði plastburðapoka:

# Hæsti styrkurinn til landgræðslu

**UMHVERFISMÁL** Níutíu milljónum króna var í gær úthlutað úr Pokasjóði verslunarinnar. Alls hlutu 98 verkefni styrki að þessu sinni en sjóðurinn úthlutar styrkjum til verkefna á sviði umhverfismála, mannúðarmála, lista, menningar, íþrótta og útivistar.

Hæsta styrkinn, sjö milljónir króna, hlaut Landgræðslufélag Biskupstungna vegna uppgræðslu rofabarða og endurheimt landgæða í Biskupstungum. Þá hlutu Vímulaus æska og Skógræktarfélag Reykjavíkur fimm milljónir hvort félag. Það fyrra vegna sjálfstyrkingarnámskeiðs og eftirmeðferðar en það síðara vegna göngustígagerðar í Esjuhlíðum. Meðal annarra styrkþega má nefna Útilífsmiðstöð Skáta við Úlfljótsvatn, Húsgull, SAMAN-hópinn og Skólatónleika á Íslandi en þessir hópar hlutu þrjár milljónir króna í styrki hver. KFUM og Bandalag íslenskra skáta hlutu svo tvær milljónir hvort félag.



**ÚTHLUTUN** Stefán Hilmarsson tekur við styrknum úr hendi Jóhannesar Jónssonar.

Meðal annarra verkefna sem hljóta styrki nú má nefna útgáfu nótna og söngbókar vinsælustu laga Sálarinnar hans Jóns míns sem gefin er út af tilefni 20 ára afmælis hljómsveitarinnar. Það verkefni er styrkt um hálfa aðra milljón króna. Er þetta er í þrettánda sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og nemur heildarúthlutun frá upphafi alls 800 milljónum króna. Að sjóðnum standa 160 verslanir um land allt en sjóðurinn hefur tekjur sínar af sölu plastburðarpoka. - ovd

Grunnskólabörn í Árborg:

# Betri ástundun en fyrir 3 árum

**SKÓLAMÁL** Ástundun grunnskólabarna í Árborg hefur batnað á undanförnum árum. Þetta segir skólanefnd sveitarfélagsins sem gerði könnun á málinu í tilefni þess að félagsmálanefnd sagði marga nemendur með mjög slaka skólasókn.

Skólanefndin segir nemendum með slaka skólasókn hafa fækkað talsvert á síðustu tveimur til þremur skólaárum og þakkar það meðal annars góðri samvinna stjórnenda skóla, barnaverndar, sérfræðinga og foreldra. 98 prósent allra nemenda séu með góða ástundun og 94 prósent nemenda í 8. til 10 bekk. - gar



**SÖFNUN** Formaður Blindrafélagsins tekur við ávísun frá Lionshreyfingunni.

Blindrafélagið fær gjöf:

# Lions gefur 12,5 milljónir króna

**SÖFNUN Formanni Blindrafélagsins var um síðustu helgi afhentur afraksturinn af sölu Rauðu fjaðrarinnar, landssöfnunar Lionshreyfingarinnar. Nam upphæðin tólf og hálfri milljón króna og mun hún renna í leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins.**

**Í haust eru væntanlegir til landsins fjórir leiðsöguhundar sem eru þjálfaðir í Noregi. Til viðbótar þeim koma tveir hundar til landsins á næsta ári. Landsbankinn var aðalstyrktaraðilinn og lagði eina milljón króna í söfnunina.** - kg

Málefni innflytjenda:

# Fjölmenningarsetur opnar vef

**FÉLAGSMÁL** Nýr vefur Fjölmenningarseturs var formlega tekinn í notkun í gær. Á vefnum má finna upplýsingar sem eiga að nýtast jafnt fólki af erlendum uppruna sem flyst til landsins sem og bornum og barnfæddum Íslendingum sem flytjast milli sveitarfélaga.

Það var Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sem opnaði vefinn sem er á vefslóðunum mcc.is og fjolmenningarsetur.is. Á vefnum má finna samræmdar upplýsingar til innflytjenda um þjónustu ríkis og sveitarfélaga, auk fróðleiks um íslenskt samfélag, land og þjóð. - kg

# Breyta þarf stjórnarskrá áður en gengið er í ESB

**Lögfræðingar og stjórnmálamenn sem setið hafa í stjórnarskrárnefnd telja Þorvald Gylfason á villigötum er hann fullyrðir að ekki þurfi stjórnarskrárbreytingu til að Ísland geti fullgilt samninga um aðild að ESB.**

**EVRÓPUMÁL** Sú skoðun, að ekki þurfi að bæta inn í stjórnarskrá Íslands ákvæði um heimild til framsals ríkisvalds til fjölþjóðastofnana áður en landið geti gengið í Evrópusambandið, stenst ekki. Þetta segja lögfræðingar og stjórnmálamenn sem Fréttablaðið talaði við í tilefni af því að Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor hélt því fram á málfundi í Háskóla Íslands í fyrradag að 21. grein stjórnarskrárinnar mætti túlka þannig að Alþingi hefði nú þegar heimild til að samþykkja slíkt framsal á ríkisvaldi sem í ESB-aðildarsamningum fælist.



BJÖRG THORARENSEN



BIRGIR ÁRMANNSSON



RAGNAR ARNALDS

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir alveg ljóst að 21. grein stjórnarskrárinnar fjalli um heimild til að gera hefðbundna milliríkjasamninga en ekki til að framselja ríkisvald. Sérstaklega 2. greinin, sem kveður á um þrískiptingu ríkisvaldsins og hjá hvaða stofnunum löggjafar-, framkvæmda- og dómsvaldið liggi, standi í vegi fyrir því að stjórnarskráin heimili slíkt framsal ríkisvalds og felast myndi í ESB-aðildarsamningum. „Danir bættu sérstöku ákvæði í sína stjórnarskrá í þessum tilgangi árið 1953, sem tekur algjörlega á því hvernig eigi að bera sig að við að framselja ríkisvald,“ segir Björg.

„Staðan er auðvitað sú, að allir sem um þessi mál hafa fjallað út frá forsendum stjórnskipunarréttar, hafa verið sammála um að í inngöngu í ESB fælist það víðtækt framsal á fullveldi að það væri ósamrýmanlegt núgildandi stjórnarskrá,“ segir Birgir Ármannsson, alþingismaður, lögfræðingur og meðlimur í stjórnarskrárnefnd.



**ÓSAMMÁLA** Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar og Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor á kappræðufundinum í Háskóla Íslands fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég held að Þorvaldur sé ekki bara að misskilja íslensku stjórnarskrána heldur líka þá dönsku,“ segir Birgir um þá staðhæfingu Þorvaldar, að Danir hafi á sínum tíma gengið í Evrópusambandið á grundvelli þeirrar greinar í dönsku stjórnarskránni sem er samhljóða 21. grein þeirrar íslensku en viðbótargreinin frá 1953, sem Björg minnist á hér að framan, kvæði frekar á um þrengingu en opnun á framsal ríkisvalds. Birgir tekur fram að bæði stuðningsmenn og andstæðingar ESB-aðildar í hópi þeirra lögfræðinga sem hingað til hefðu um þetta fjallað væru sammála um þetta mat; stjórnarskrárbreytingu þyrfti til áður en hægt væri að fullgilda aðildarsamning að ESB.

Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður og formaður Heimssýnar, sem tók þátt í málfundinum þar sem Þorvaldur lét þessi ummæli falla, tekur fram að fullyrðing Þorvaldar sé „algjörlega út í bláinn“ og bendir því til sönnunar á sömu atriði og Björg og Birgir gera. audunn@frettabladid.is






Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu. Bragðbesta leiðin til að hætta! Hvað ert þú tilbúin að ganga langt? Fáðu ráðgjöf í apótekinu eða kynntu þér málið á www.nicorette.is

Þín ákvörðun, þín leið,
þitt Nicorette

Nicorette® Fruitmint. 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

Allt að 80% fjármögnun




Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag

# Allur v
# skattu

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

í dag
í dag
í dag

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# í dag Brimborg afnemur ígildi vasksins af öllum notuðum bílum til klukkan 18

# irðisauka-
# rinn burt

## Allt að 80% fjármögnun

Brimborg afnemur ígildi virðisaukaskattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

**Komdu í kaffi og kleinur**

*Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.*

*Komdu í Brimborg*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ímynd Íslands bíður hnekki.

## Hvalveiðibátnum ruggað áfram

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Enn er hvalveiðibátnum ruggað og fyrsta hrefnan veidd. Ímynd Íslands á alþjóðavettvangi bíður hnekki og ljóst er að tekjutap vegna veiðanna verður umfram tekjurnar sem af þeim hljótast.

Yfirlýsing Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra þess efnis að verið sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að úthluta hrefnuveiðikvóta er óvenjuleg og vekur athygli. Hún birtist bæði á íslensku og ensku og ástæðan lá í augum uppi; gert var ráð fyrir að ekki yrði síður eftir henni tekið erlendis en hér heima.

Í fljótu bragði kann yfirlýsing Ingibjargar að virðast óheppileg því með henni er viðurkennt fyrir alþjóðasamfélaginu að óeining sé innan íslensku ríkisstjórnarinnar um hvalveiðimálið.

Á hinn bóginn má halda því fram að yfirlýsing utanríkisráðherrans geti dregið ögn úr skaðanum sem af hrefnuveiðunum hlýst. Með henni er skýrt að á Íslandi ríkir alls ekki einhugur um hvalveiðar, ekki einu sinni innan ríkisstjórnarinnar. Það kann að draga úr ímyndarskaðanum.

Hvalveiðar eru stórmál úti í hinum stóra heimi og þótt veiðar á 40 dýrum úr stofni sem ekki virðist í teljandi hættu kunni að virðast saklausar þá geta afleiðingarnar orðið afdrifaríkar.

Tvennt er einkum í húfi, ferðaþjónustan á Íslandi og útflutningur á íslenskum afurðum. Ímynd Íslands gegnir lykilhlutverki um hvort tveggja.

Ferðaþjónustunni hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum og miklar vonir bundnar við áframhaldandi vöxt hennar. Þar hafa hvalaskoðunarferðir haft sitt að segja og raunar verið fastur liður í ferðum stórs hluta þeirra útlendinga sem hingað hafa komið. Ekki verður séð að hvalaskoðun og hvalveiðar fari vel saman og ljóst að meiri verðmæti felast í hinu fyrrnefnda.

Útflutningur á íslenskum matvælum hefur lengst af staðið á brauðfótum. Allra síðustu ár virðist sem hægt vaxandi markaður hafi skapast fyrir þessar vörur samfara þróun á sælkeramenningu sem felur í sér aukna meðvitund um uppruna hráefnis. Þarna gegnir ímyndin um hreint land þar sem menn lifa í sátt við náttúru lykilhlutverki.

Yfirlýsingar þess efnis að hvalveiðar séu hluti af menningu Íslendinga og að hrefnu sashimi sé vinsæll forréttur á veitingastöðum í Reykjavík, eins og haft var eftir starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins á bloomberg.com, eru í besta falli broslegar.

Auðvitað eru þeir til sem söknuðu hrefnukjötsins meðan hrefnan var ekki veidd. Hinir voru þó mun fleiri sem vissu aldrei að hrefnur væri matur og/eða voru búnir að gleyma því þegar hrefnukjötið kom aftur í búðirnar.

Röksemdin með hrefnuveiðum sem felst í því að þær éti upp annan fisk stenst ekki heldur skoðun, að minnsta kosti ekki meðan aðeins eru veidd 40 dýr. Líklega þyrfti að fækka heldur meira í stofninum til að það færi að skipta máli.

Ímynd Íslands bíður hnekki við hrefnuveiðar. Undan því verður ekki komist og það er kjarni málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com

COME 2 SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn einn frest?

Sagt var frá því í Fréttablaðinu fyrir viku að Alþingi hefði framlengt umsóknarfrest um embætti ríkisendurskoðanda. Embættið var upphaflega auglýst í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu en umsóknarfrestur var til 5. maí. Aðeins fimm umsóknir bárust og var fresturinn framlengdur til 16. maí vegna gruns um að fyrri auglýsing hefði farið framhjá fólki. Seinni auglýsingin birtist í Morgunblaðinu og á starfatorg.is. Ekki þótti ástæða til að auglýsa í fleiri miðlum, aðstoðarskrifstjóri Alþingis sagði líklegast að þeir sem hefðu hug á embætti ríkisendurskoðanda læsu Morgunblaðið. Nú er seinni umsóknarfresturinn runninn út. Umsóknirnar eru ennþá fimm.

### Ofsagt



Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla þeirri ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra að heimila veiðar á fjörutíu hrefnum. Þau segja ljóst að hvalveiðarnar skaði ímynd Íslands og hafi mjög slæm áhrif á hvalaskoðun. Þessu hefur raunar verið haldið fram síðan hvalveiðar hófust í vísindaskyni árið 2003. Frá 2002 til 2007 hefur gestum í hvalaskoðun hins vegar fjölgað úr 62 þúsundum í rúmlega 104 þúsund. Þessar tölur benda ekki til að hvalveiðar hafi hingað til haft „mjög slæm áhrif“ á hvalaskoðun.

### Nafnlaus Plank



Fréttastofa Sjónvarps sagði á mánudag frá því að Hæstiréttur hefði staðfest framsal á Premyzlaw Plank til Póllands, en hann er grunaður um hafa tekið þátt í skipulagðri glæpastarfsemi og orðið manni að bana í heimalandi sínu. RÚV sá þó ekki ástæðu til að nafngreina Plank, heldur talaði aðeins um „pólskan karlmann“ og sýndi myndir af honum með hulið andlit. Þessi tillitssemi við Plank er óneitanlega skrýtin í ljósi þess að hann gaf sig fram við lögreglu á sínum tíma nokkrum mínútum eftir að hann kom fram í viðtali við Kastljós.

bergsteinn@frettabladid.is

# Afmæli



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Fimmta-lýðveldið

Þegar mannhaf flæddi yfir götur Parísar 13. maí 1968, og kórar sem töldu hundruð þúsunda létu taktföst vígorð bergmála um alla borgina, var það sem eyru manna gátu numið ekki síst þetta: „Tíu ár, það er nóg“ og „Til hamingju með afmælið herra hershöfðingi“. Þessi orð viku að því að þá voru tíu ár liðin frá upphafi þeirra atburða sem leiddu til þess að de Gaulle fékk völdin í landinu í sínar hendur og setti nýja stjórnarskrá í stað þeirrar sem fyrir var, þannig að „fjórða lýðveldið“ var úr sögunni og við tók „fimmta lýðveldið“.

Nú þurfa menn varla að hafa mikið meira en meðalkunnáttu í stærðfræði til að reikna út, að ef tíu ára afmæli valdatöku de Gaulle var í maí 68, hlýtur fimmtíu ára afmælið að vera þessa dagana, og það er að sjálfsögðu stórafmæli, annus jubilaeus eins og það er kallað í hinni fornu kaþólsku biblíu. En varla verður sagt að þeir sem nú lesa frönsk dagblöð verði mikið varir við það. Meðan allir fjölmiðlar eru troðfullir af greinum í tilefni af fjörutíu ára afmæli „maí 68“, sem meirihluti Frakka telur nú næstmesta viðburðinn í sögu landsins á 20. öldinni á eftir heimsstyrjöldinni síðari, er varla minnst á valdatöku de Gaulle.

Blaðið „Le Monde“ hefur tekið upp á því að birta á hverjum degi eilítið smækkaða mynd af forsíðu blaðsins sama dag fyrir fjörutíu árum, en hvergi er að finna neinar hálfrar aldar gamlar forsíður; á atburðina kringum hrun „fjórða lýðveldisins“ er ekki minnst nema stöku sinnum, og mjög stuttaralega, í hinum fasta dálki „Le Monde fyrir fimmtíu árum“, þar sem öllu ægir saman. Um „maí 68“ er komið svo mikið bókaflóð að það ærir óstöðugan, en um það sem gerðist tíu árum áður hef ég aðeins séð eina nýja bók, stutt yfirlitsrit, og engar endurútgáfur.

**Stjórnkerfi leysist upp**

Þó vantar ekki að hrun „fjórða lýðveldisins“ hafi verið dramatískt og sögulegt í meira lagi, og í þeirri sögu eru margar gátur óleystar enn. Í Alsír geisaði blóðug og sóðaleg styrjöld, en ráðamenn „fjórða lýðveldisins“ voru búnir að bíða skipbrot, þeir gátu hvorki unnið stríðið né bundið enda á það með öðrum hætti, og í ráðaleysi sínu fundu þeir ekki upp á neinu öðru en ana áfram í blindni, með sífellt meiri hraða. Styrjöldin varð stöðugt óvinsælli meðal almennings, en þeir sem voru henni hlynntir þrjóskuðust við, og sögðu að það væri hægðarleikur að vinna stríðið ef stjórnmálamenn væru ekki til trafala.

Um síðir gerðu agalausir herforingjar í Algeirsborg uppreisn, samsærismenn voru úti um allt, herdeildir voru tilbúnar að halda inn í París, en de Gaulle, sem hafði verið valdalaus í ein tólf ár, sat eins og könguló í miðju netinu. Með því að kippa í ýmsa spotta kom hann því til leiðar að stjórnmálamenn sem vissu ekki lengur sitt rjúkandi ráð kölluðu á hann úr þessari hálfgildings „útlegð“ og fólu honum völdin, alveg utan við lög og rétt. En kannske er skýringarinnar á því hvers vegna engin afmælisterta hefur verið pöntuð og heldur ekki nein kerti einmitt að leita í þessari sögu: vera má að ýmsum sé ekki allt of ljúft að rifja upp hvernig heilt stjórnkerfi gat grotnað í sundur innan frá og leyst upp í lögleysu fyrir læpuskap valdhafanna sem fóru inn á vitlausar brautir og voru ekki færir um að snúa aftur. Vera má að einhver kynni að finna einhverjar hliðstæður annars staðar.

**Ofurforseti**

En fleira kemur til. De Gaulle leit svo á að hann væri eini lögmæti stjórnandi landsins og hefði verið það allar götur síðan 1940; hann væri í raun og veru jafngildi einvaldskonungs þótt hann hefði valdið að vísu ekki frá guði almáttugum heldur frá þjóðinni, og því væri ekki pláss fyrir neina aðra valdhafa í landinu, hvorki forsætisráðherra, þing né annað. Svo hófst hann handa við að semja nýja stjórnarskrá eftir þessum hugmyndum sínum. Skopteiknari einn lýsti því starfi með mynd þar sem de Gaulle var að smíða handa sér hásæti eftir máli. Samkvæmt þessari stjórnarskrá – einkum eins og hún varð í túlkun de Gaulle sjálfs – hafði forsetinn nánast öll völd, forsætisráðherrann varð lítið annað en nokkurs konar herbergisþjónn sem hann gat skipt um eftir geðþótta, og þingið missti allt frumkvæði.

En de Gaulle var ekki eilífur, og þegar hann var allur sátu Frakkar uppi með þessa stjórnarskrá og þetta forsetaembætti sem á sér engan líka annars staðar á Vesturlöndum, – menn hafa stundum talað um „ofurforseta“. Það hefur gengið heldur brösulega á stundum þegar venjulegir stjórnmálamenn setjast í það sæti sem de Gaulle hannaði fyrir sjálfan sig og engan annan, og nú eru á lofti ýmsar blikur sem menn veigra sér við að horfa á. Skugga-Sveinn gat drottnað yfir hinum frjálsu fjöllum, en við hverju má ekki búast ef Ketill skrækur tekur við?

# Kaninn er farinn

UMRÆÐAN

Kristrún Heimisdóttir svarar Steingrími J. Sigfússyni



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR

Steingrímur J. Sigfússon hafnaði rökræðu í svari til mín hér í blaðinu í fyrradag en staðfesti í staðinn að efni greinar minnar var rétt. Ég tilgreindi með beinum tilvitnunum í hann sjálfan fimm ósannar staðhæfingar hans í viðtali á Stöð 2 um m.a. hvernig vörnum Íslands er háttað. Ég setti málið fram í fimm tölusettum liðum sem gerir Steingrími býsna auðvelt skýra mál sitt. Hann gerir hins vegar ekkert til þess og staðfestir þannig eigin hendi að fimm sinnum var sagt ósatt á fimm mínútum. Lesendur geta rifjað grein mína upp á visir.is.

Hið mikilvæga í málinu er hins vegar allt annað. Við Íslendingar öxlum nú í fyrsta sinn í meira en sextíu ár sjálf ríka ábyrgð á vörnum. Í haust fékk utanríkismálanefnd Alþingis að frumkvæði utanríkisráðherra svonefnda öryggisvottun og þar með aðgang að trúnaðarupplýsingum NATO. Þar með var eðlilegum lýðræðislegum samskiptum komið á í stað nær sex áratuga vantrausts, leyndar og tortryggni þar sem vinstrimönnum var haldið markvisst frá upplýsingum.

Pétur Gunnarsson rithöfundur sagði einhvern tíma að forherðing deilnanna um her í landi hefði verið harmleikur hins unga íslenska lýðveldis, farið langt með að eyðileggja stjórnmál og opinbera umræðu í landinu. Allt var leyfilegt í umræðunni, staðreyndir skiptu engu. Nú sýnir engin nema VG virkan áhuga á að viðhalda þessari vondu umræðuhefð kalda stríðsins, einkum formaðurinn sem situr sjálfur í utanríkismálanefnd.

Íslenskur almenningur á hins vegar það eitt skilið að þeir sem hafa sérstakar upplýsingar vegna trúnaðarstarfa séu sannferðugir og málefnalegir í málflutningi. Kaninn er farinn og fulltrúar í utanríkismálanefnd hafa skyldur gagnvart eigin þjóð.

Ísland er eitt af 24 herlausum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og eina herlausa aðildarríki NATO. Herleysi er forsenda nýrra varnarmálalaga og starf á þessu sviði miðar að skynsamlegu lágmarki. Íslendingar eru friðarsinnar og kjósa yfirvegaða og málefnalega umræðu um útfærslu hins nýja verkefnis.

*Höfundur er aðstoðarmaður utanríkisráðherra.*

Stökktu til
Costa del Sol
22. maí eða 29. maí
frá kr. 39.990



Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 22. maí eða 29. maí. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu vorsins á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi/stúdíó/íbúð í 7 nætur, m.v. stökktu tilboð.
Aukavika kr. 14.000

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Kristján var ánægður með ferðina til Bútan sem er ógleymanlegt land sem er efst á lista hjá fæstum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ferð til lands drekanna

***Kristján Már Kárason fór ásamt nokkrum félögum í óvenjulega ferð til Bútan á síðasta ári en það er staður sem fæstir kannast við.***

Kristján og ferðafélagar hans fóru í gegnum Tíbet til Bútan og vörðu þar níu dögum undir góðri leiðsögn heimamanna. Kristján segir landið afar fagurt og ber sögu þess afar vel.

„Ég hafði aldrei heyrt um þetta land þegar ég sá því bregða fyrir á landakorti sem ég var að skoða. Við félagarnir vorum svo eitt sinn að ganga upp á Esju þegar ég sagði við þá að við ættum að skella okkur til Bútan. Þeir höfðu ekki hugmynd um hvaða land Bútan væri en eftir smá heimildarvinnu ákváðum við að skella okkur,“ segir Kristján.

Í Bútan fá ferðamenn ekki að fara um landið án þess að vera undir leiðsögn heimamanna. Sækja þarf um vegabréfsáritun en þjónustan á vegum ferðaþjónustunnar er frábær að sögn Kristjáns og hann og félagar hans fengu konunglega meðferð og þeim tóku allir mjög vel. Litadýrðin var mikil, fatnaður fólksins var afar stórbrotinn og litirnir voru nær óteljandi.

„Í Bútan hittum við margt mjög forvitnilegt fólk. Þar á meðal var afar merkileg kona sem við fengum að hitta af náð og miskunn. Hún bjó í litlu þorpi uppi í sveit og hafði farið yfir mörk lífs og dauða en þegar hún kom til baka hafði hún gleymt hálsmeni sínu. Hún vildi auðvitað fá hálsmenið sitt til baka og fór því nokkrum árum seinna til þess að ná í hálsmenið góða sem hún sýndi okkur. Ég spurði hvort ég mætti taka af henni mynd og hún hugsaði sig vel um og leyfði það að lokum. Hún sagði þó að ef hún birtist ekki á myndinni myndum við ekki trúa því sem hún sagði en það kom mynd þannig að við hljótum að trúa henni,“ útskýrir Kristján. *mikael@frettabladid.is*



Drykkjarhorn sem Kristján keypti í Bútan.


BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Allt á einum stað!

- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

Dekkjaþjónusta
Smurþjónusta
Bón og þvottur



BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**Bílana** þarf að þrífa reglulega utan sem innan. Ekki er vitlaust að taka bílinn með í vorhreingerningu heimilisins.



Engu máli skiptir hvort bensíni er dælt að morgni eða kvöldi þótt sumir haldi að þeir spari með því að fylla tankinn snemma dags.

# Goðsagnir hraktar

***Svimandi hátt eldsneytisverð kallar á sparnaðaraðgerðir, en varast ber að fylgja eftir goðsögnum.***

Í grein sem CNNMoney.com birti hinn 15. maí eru hraktar ýmsar goðsagnir sem virka alls ekki til bensínsparnaðar.

Í greininni er meðal annars afsönnuð sú grilla að best sé að fylla tankinn snemma morguns þar sem vökvi hafi meiri eðlismassa í lægra hitastigi. Hið sanna hins vegar að hitastig vökva í tanki breytist lítið sem ekkert yfir daginn.

Á sama hátt er stundum mælt með að ákveðnar bíltegundir noti hágæðabensín til að bæta afköst véla, en sýnt hefur verið fram á að venjulegt og ódýrara bensín gerir vélum sömu bíla enga skráveifu og dregur mjög lítils háttar úr afköstum hestafla.

Sumir vilja meina að bíll eyði meira bensíni ef kveikt er á loftkælingunni og láta sig hafa það að svitna í brennheitum bílum yfir sumarið. Það er í raun óþarfa pína, því loftkæling dregur vart mælanlega úr bensíneyðslu og er engan veginn gild ástæða til að réttlæta kvöl bílstjóra á heitum sumardögum.

Skiljanlega eru bíleigendur reiðubúnir að taka örvæntingarfull skref í stríðinu við hátt eldsneytisverð, en þegar kemur að bensínsparnaði virðist mun meira um goðsagnir en blákaldar staðreyndir. Notadrýgsta ráðið er að halda vélinni í góðu ástandi, keyra á skynsamlegum hraða og draga úr óþarfa hemlun.

*- þlg*

# Tvöfalt afmælisár

***Heiðursgestir á Cannes-kvikmyndahátíðinni hafa ferðast í Renault í 25 ár.***

Nú stendur yfir hin árlega kvikmyndahátíð franska kvikmyndaiðnaðarins í Cannes. Um aldarfjórðungur er síðan Renault kom fyrst að Cannes-hátíðinni sem stuðningsaðili en heiðursgestum hefur alla tíð verið ekið um Cannes af einkabílstjórum í sérmerktum flota Renault-bifreiða.

Um 109 ár eru síðan fyrsta Renault-bifreiðin kom fram í kvikmynd en Renault fagnar 110 ára afmæli í ár. Bíllinn sem þá lék lítið hlutverk á hvíta tjaldinu var einn sá fyrsti sem Louis Renault hannaði og kallaðist „Voiturette“ eða „Bílkrílið“. Bílaframleiðendur hafa því lengi reynt að koma bifreiðum sínum á framfæri í gegnum kvikmyndir.

*- hs*



Renault fagnar hundrað og tíu ára afmæli í ár.

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA
Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is
DEKKJADAGAR
15 - 20%
afsláttur gildir
til maí loka
Tilboð á öllum jeppadekkjum
Eitt mesta úrval landsins af dekkjum undir flestar gerðir jeppa, fyrir felgustærðir 15" til 20"
Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900



Mótorhjólahjálmur sem hefur fengið flotta mynd.




Ekki eru þeir margir sem stunda airbrush á Íslandi, hvað þá að vinna við það, svo Ýrr er ein af fáum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Getur myndskreytt allt

*Bryndís Ýrr Baldursdóttir, betur þekkt sem Ýrr er ein þeirra fáu sem starfa við airbrush á Íslandi. Starf Ýrar felst í því að skreyta með svokölluðum airbrush-sprautupenslum.*

„Ég fór út í þennan bransa fyrir algjöra tilviljun. Ég var aðallega að skreyta veggi hjá fyrirtækjum og í heimahúsum þegar mér barst fyrirspurn frá vini mínum þess efnis hvort ég gæti sprautað mótorhjól. Ég sló til og þá var ekki aftur snúið og í kjölfarið fór ég að mála önnur hjól,“ segir Ýrr.

Ýrr vissi að hún þyrfti að vita meira um airbrush-tæknina og fór því út til Las Vegas í Bandaríkjunum og lærði þar fagið. Þar sótti hún námskeið ýmiss konar en fór svo í einkatíma hjá manni að nafni Craig Fraser sem er þekktur í geiranum.

„Ferlið er þannig að ég fæ hjólið til mín sem á að skreyta og byrja á að matta glæruna niður með nokkrum gerðum af sandpappír. Svo sprauta ég verkið á hjólið. Þegar ég hef fjarlægt ryk og annað í burtu set ég aftur glæru yfir verkið og glansa og þá er allt orðið flott og fínt. Verkin eru misjöfn og í mismörgum lögum og því er ferlið aldrei alveg það sama. Tíminn sem fer í það getur verið allt frá tveimur dögum upp í átta vikur en algengast er þó að það séu tvær til sex vikur,“ útskýrir Ýrr.

Ýrr skreytir ekki aðeins mótorhjól því hún skreytir líka bíla, golfkylfur, hjálma og jafnvel GSM-síma. Fólk kemur oftast bara með ljósmyndir til hennar eða þá einhverja hugmynd í kollinum sem Ýrr aðstoðar það við að útfæra. Þegar Ýrr er spurð hvort hún hafi skreytt sinn eigin bíl segist hún ekki hafa gert það enn þá en hún ætli að gera eitthvað skemmtilegt við hann áður en langt um líður.

Í sumar mun Ýrr halda airbrush-námskeið með Craig Fraser í samstarfi við Poulsen. Um er að ræða þriggja daga námskeið þar sem farið er í helstu þætti í airbrush-tækninni. Áhugasömum er bent á að fara á heimasíðuna www.tattoobike.com þar sem hægt er að finna skráningareyðublað.

*mikael@frettabladid.is*



Kastró sjálfur prýðir eitt mótorhjólið. Á hinni hliðinni er mynd af Che Guevara.



Ýrr myndskreytir meðal annars mótorhjól og hefur gert mörg flott hjól ennþá flottari með listaverkum sínum.



















**Bakpokinn** er nauðsynlegur í ferðalagið hvort sem farið er stutt eða langt. Í honum er gott að geyma smáhluti sem hafa þarf við höndina, eins og til dæmis farmiða, lyf eða góða bók.






# Klárir í rútubílasönginn

***Fjörutíu og fimm leiðsögumenn útskrifast á morgun frá Menntaskólanum í Kópavogi. Þeirra á meðal eru Haukur Snorrason ljósmyndari og fréttahaukarnir Helgi H. Jónsson, Kári Jónasson og Sigurður G. Tómasson.***



Haukur, Sigurður G., Helgi H. og Kári. Hópurinn gisti á Hótel Skaftafelli í Freysnesi síðustu nótt fimm daga hringferðalagsins. MYND/S.G.

„Námið hefur verið spennandi og skemmtilegt og hópurinn góður," segir Sigurður G. þegar hann er spurður út í lærdóminn við Leiðsöguskólann sem staðið hefur frá ágúst á síðasta ári. Í sama streng tekur Helgi H. „Mér hefur fundist þetta afskaplega athyglisvert og sérstaklega vil ég nefna jarðfræðina. Ég hef farið svolítið um landið áður en eftir það sem ég hef lært í jarðfræði í vetur horfi ég á það allt öðrum augum. Nú skil ég mun betur af hverju það lítur út eins og það gerir." Haukur er hjartanlega sammála. „Námið hefur verið hrein uppljómun fyrir mig," segir hann.

Kári segir lesefnið fyrir jól hafa snúist um íslenskt samfélag frá landnámi til nútímans. „Leiðsögumenn þurfa að kunna skil á ótal hlutum og vera viðbúnir spurningum um hin ólíkustu efni, hvort sem það eru vesturferðirnar, eftirlaunamál eða íslenski maturinn. Auk þess vorum við æfðir í tungumálum."

Þeir félagar eru nýkomnir úr fimm daga hringferð um landið með kennara, eins og þeir nemendur sem völdu almenna leiðsögn á seinni önninni. Valið stóð milli hennar og afþreyingarleiðsagnar eða gönguleiðsagnar.

Eftir áramót snerist námið um ferðamennsku. Þá var hver landshluti krufinn jarðfræðilega og fræðst um hvað þar er áhugavert að sjá. „Við lærðum líka hjálp í viðlögum og ýmislegt sem viðkemur öryggi á ferðalögum, til dæmis að vara fólk við hverum, fossum og jökulsprungum," nefnir Kári. Spurðir hvort þeir muni ekki líka standa fyrir rútubílasöng í framtíðinni svarar Kári: „Eflaust tökum við lagið einhvern tíma en erum ekki með próf í söng enda fengum við enga tilsögn í honum."

Haukur býst við að splæsa leiðsögumannsstarfinu saman við ljósmyndunina, er til dæmis að fara um landið með þrjá hópa af ljósmyndurum í sumar. „Ég hef farið með slíka hópa áður og rata út um allt en vissi þá ekki nóg. Nú veit ég miklu meira og nú er ég ánægður," segir hann og bætir við: „Toppurinn er svo að kynnast þessu frábæra fólki í hópnum sem hefur fjölbreytta reynslu að baki og hefur deilt henni með okkur hinum."

gun@frettabladid.is

Þú átt það skilið...

Láttu drauminn rætast í hestaferð hjá Íshestum.

ÍS HESTAR



## Drottning um stund

Hvaða kona á ekki skilið að fá að vera "Drottning um stund"? Okkar vinsæla 3 daga dekurferð fyrir konur á Norðurlandi hefst föstudaginn 13. júní. Dekrað við þátttakendur bæði í mat og drykk og hestar við allra hæfi. Verð einungis kr. 62.000 þar sem allt er innifalið (hestar, reiðtygi, fararstjórn, gisting, nudd, matur og drykkir) - aðeins 20 sæti í boði.

## Lengri hestaferðir



Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér sæti í ævintýralegum langferðum okkar. Hægt að taka sína eigin hesta með. Bjóðum upp á allar tegundir af 2 - 9 daga ferðum frá 10 Íshestastöðvum hringinn í kringum landið. Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar: www.ishestar.is. Upplýsingar og bókanir í síma 555 7008 eða ishestar@ishestar.is







## Reiðskóli Íshesta og Sörla í Hafnarfirði

Skráning í hinn rómaða sumarreiðskóla Íshesta hefst 1. maí 2008. Menntaðir reiðkennarar stjórna námskeiðunum og sérstök námskeið eru í boði fyrir yngstu börnin, 5-6 ára. í fyrra komust færri að en vildu.

Allar nánari upplýsingar og skráning á www.ishestar.is. sem og í síma 555 7000 eða info@ishestar.is



## Fjölskyldudagar

Allir sunnudagar eru fjölskyldudagar hjá Íshestum. 50% afsláttur í klst ferð kl. 14:00, teymt undir börnum kl. 13:00 - 14:00 (500 kr). Okkar sívinsæla 2 klst hraunferð er í boði tvisvar á dag. Þá erum við einnig með ferðir fyrir vana.

Kaffi, kakó og með því í Jósölum. Allir velkomnir.



## Kúreka fjör

Upplifðu alvöru kúrekaævintýri. Heitasta ferðin í dag, tökum vel á móti stórum sem smáum hópum. Tugir þúsunda manna hafa stigið línudansinn í hlöðunni, keppt í skeifukasti og skvett úr hófunum í kúrekastuði. Ætlar þú að bætast í hópinn?

Íshestar, Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði - sími: 555 7000 - www.ishestar.is - info@ishestar.is

**Kertastjaka** má finna á flestum heimilum. Lítið mál er að hreinsa kertavaxið af þeim með því að láta renna á þá sjóðheitt vatn og þá verða þeir sem nýir.



# Dælt eins og olíu á bíl

***Í umhverfisvænni steinsteypu er minna sement en í hefðbundinni steypu og þar af leiðandi losna færri gróðurhúsalofttegundir við framleiðslu hennar.***



Ólafur Wallevik hefur unnið að því að þróa steypu sem inniheldur um þrjátíu prósentum minna sement en hefðbundin steinsteypa. Hér stendur hann við seigjumæli sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í rannsóknarvinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við höfum verið að þróa steinsteypu sem inniheldur minna sement en nú tíðkast í steypuframleiðslu, en markmiðið er um leið að skerða ekki gæði steypunnar,“ segir Ólafur Wallevik, forstöðumaður grunnrannsókna hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og prófessor í byggingarverkfræði við Háskólann í Reykjavík. Ólafur er í forsvari fyrir rannsóknarverkefni sem ber heitið umhverfisvæn steinsteypa og hófst árið 2005. Um er að ræða samvinnuverkefni á milli Nýsköpunarmiðstöðvar, Háskólans í Reykjavík og Mest.

„Við sérveljum íblöndunarefni sem gera steypuna mjög þjála en bætum einnig þykkingarefnum við svo að hún aðskiljist ekki,“ útskýrir Ólafur. Þá hefur hann látið gera sérstaka seigjumæla sem mæla flæðieiginleika steypunnar en sams konar mælar eru notaðir í olíuiðnaði.

„Þeir voru í raun lykillinn að því að við fundum lausn. Steypan þarf að renna eins og síróp og það á að vera hægt að dæla henni beint inn í mót eins og þegar olía er sett á bíl. Það þarf engan titring eða aðra meðhöndlun. Við þetta er mjög auðvelt að leggja steypuna og þarf einungis einn vinnumann til að sjá um verk sem margir vinna í dag.“

Með þessari auknu þjálni minnkar einnig hætta á göllum í niðurlögun eða svokölluðum steypuhreiðrum. „Sjálfútleggjandi steypa er í sjálfu sér ekki nýmæli en við erum að gera tilraunir með að nota mun minna af sementi í hana, eða um þrjátíu prósentum minna en í venjulegri steypu. Á þennan hátt má minnka losun á óæskilegum gróðurhúsalofttegundum til muna en við framleiðslu á einu tonni af sementi myndast tæpt tonn af gróðurhúsalofttegundum, mest koltvísýringi,“ segir Ólafur.

Þá er einnig lögð áhersla á að draga úr rýrnun steypunnar. „Sprungumyndun er einn mesti skaðvaldurinn í íslenskum mannvirkjum og þurftum við að finna lausn til að draga úr rýrnun sem er í eðli allrar steypu. Við teljum að rýrnun umhverfisvænu steypunnar sé þriðjungur af rýrnun hefðbundinnar steypu.“

Rannsóknum á steypunni lýkur í desember á þessu ári og þá verður gerð tilraun til að framleiða hana hér á landi. *vera@frettabladid.is*

## HVERJU BREYTTIRÐU SÍÐAST?

# *Ný not af sólstofu*

***Kristín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt er iðin við að breyta heima hjá sér og stendur nú í stórræðum.***

„Já, ég er allt of dugleg við að breyta heima hjá mér. Sem betur fer er ég gift þolinmóðasta manni í heimi. Yfirleitt ætla ég „bara rétt aðeins“ að laga en áður en ég veit af er orðið fokheldisástand,“ segir Kristín. Hún hannaði sjálf inni hjá sér og lýsir eigin stíl sem hlýlegum, einföldum og stílhreinum. Á heimilinu standa nú yfir framkvæmdir í sólstofunni og segist Kristín sjálf nokkuð liðtæk við smíðarnar.

„Ég og mitt bleika smíðabelti og tól í stíl, erum ansi lunkin við að smíða. Allavega eru smíði og alls konar samsetningar eitt af því skemmtilegasta sem ég geri. Núna erum við að opna vegg sem lokaði af sólskála, til að koma þar fyrir vinnustofu. Við hjónin vinnum mikið á kvöldin og viljum hafa bjarta og góða vinnustofu undir berum himni.“

Kristínu líður best í sjónvarpsherberginu sínu og fataherberginu en reiknar með að nýja vinnustofan í sólskálanum verði í uppáhaldi þegar hún klárast.

„Við vorum að setja upp Plis–sólgardínur sem eru frábærar út af sólinni. þetta er að verða súper vinnurými,“ segir hún. *- rat*



Kristín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt breytir sólstofunni í vinnustofu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Veiði** er vinsælt sport á sumrin. Þegar staðið er úti í blíðunni heilu dagana og beðið eftir að bitið sé á er ekki vitlaust að bera sólarvörn á hendur og andlit.

Veiðivon



SIMMS Freestone Vöðlusett
Tilboðsverð: 32.900,-

SIMMS L2 Vöðlusett
Tilboðsverð: 42.900,-

SAGE
The WATERWORKS LAMSON
SIMMS

Veiðivon Sportvöruverslun
Mörkinni 6 • 106 RVK • Sími 5687090

# Lax, lax, lax og aftur lax!

***Eitt glæsilegasta veiðihús landsins var tekið í notkun á bökkum Laxár í Kjós síðasta sumar.***

„Töfrar stangveiði felast í þörf mannsins til að takast á við náttúruna. Í mörgum blundar veiðiþörf sem kemur fram þegar veiðimaður er kominn á veiðislóð og upplifun í veiðiham er spenna og gleði þegar sigur á bráð er unninn,“ segir Gísli Ásgeirsson, einn eigenda Lax ehf., sem sér um sölu og rekstur fjölmargra laxveiðiáa og vatna hér heima og í útlöndum.

Í eigu fyrirtækisins eru sum glæsilegustu veiðihús landsins. Það nýjasta stendur við Laxá í Kjós og geymir tólf tveggja manna herbergi með baði, auk setustofu og vöðlu- og laxageymslu.

„Áður veiddu menn alltaf tveir og tveir saman og voru þakklátir ef þeir fengu að halla sér í herbergisskonsu og komast í stutt steypibað á veiðitímanum. Í dag veiða menn enn tveir og tveir saman, en gera kröfu um að vera einir í herbergi og með eigið bað. Við þjónustum einstaklinga, útlendinga, félög og fyrirtæki. Tveir til þrír dagar er algengt val og kostar veiðistöngin frá 30 upp í 130 þúsund á dag, fyrir utan mat, leiðsögn og gistingu. Dýrasti dagurinn er um 150 þúsund með öllu, en þetta hefur verið mjög vel sótt og orðið nánast uppselt í sumar,“ segir Gísli þar sem hann fer yfir teikningar á nýjasta húsinu sem standa mun við Selá í Vopnafirði, en nýlokið er smíðum á minna veiðihúsi við Svalbarðsá.



Gísli Ásgeirsson, eigandi Lax ehf.



Nýtt og glæsilegt veiðihús var tekið í notkun í fyrrasumar við Laxá í Kjós.

„Að fara í lax og eiga nokkra daga í slíku veiðihúsi er upplifun. Um viðurgjörning í Kjósinni sjá meistarakokkar La Primavera og við getum stoltir borið okkur saman við það allra besta í veitingahúsum Evrópu,“ segir Gísli, sem starfar sem leiðsögumaður í velflestum veiðiám lýðveldisins á sumrin.

„Auk áðurnefndra áa erum við með Grímsá, Hafralónsá, Vesturdalsá, Gljúfurá í Húnaþingi, Úlfarsá og Litluá í Kelduhverfi og á næsta ári tökum við við rekstri Langár af Ingva Hrafni. Einnig seljum við fyrir aðra aðila, eins og Laxá í Aðaldal, Norðurá, Hítará, Straumfjarðará og fleiri, til að geta þjónustað okkar viðskiptavini með leyfi hvar sem vera vill.“

Sjá nánar á www.lax.is.

*thordis@frettabladid.is*




Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

Sjóveiðihjól ....frábær sjóveiðihjól einnig fáanleg með teljara ..
frá 3.995 kr.

Polaroid gleraugu.... Góð Polaroid gleraugu mikið úrval
frá 1.690 kr.

Gömlu góðu klofstígvélin úr nýðsterku hrágúmmi eins og í gamla daga
verð 6.890 kr.

vandaðir sjónaukar
frá 3.995 kr.

5mm. Neopren vöðlur með brjóstvasa, styrkingar á hnjám, stígvél með filtsóla og þægilegar axlaólar.
Verð aðeins kr. 9.900,-

Uppseldur!
11 feta slöngubátur með hörðum botn burðageta 560 kg þolir allt að 18 hö.mótor CE vottaður.
Rafmagns mótorar væntanlegir.
á 29.900 kr
Erum að taka við pöntunum núna!
verð.110.000 kr.

öndunar vöðlur með skóm á
Verð aðeins kr. 21.900

Abu Garcia
JAXON
CORTLAND
SHIMANO

# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

**Margföld ending og slitþol!**

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

*Á góðum járnum*

**HÉÐINN**
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101• www.hedinn.is



# vinnuvélar

MIÐVIKUDAGUR 21. MAÍ 2008


Allar helstu nýjungar
**á MaskinExpo í Svíþjóð**

BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# „Allir vegir færir“

*„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“*

**Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Hydrema 900 MPV er fjölhæf vél. Sú fyrsta kemur til landsins innan tíðar á vegum Véla og þjónustu.

# Með skotbómu, vendigír og veltitjökkum

Vélamarkaðurinn er síbreytilegur og er nú ný græja væntanleg á næstu vikum sem hefur óvenju fjölbreyttan útbúnað.

Vélar og þjónusta er með umboð fyrir dönsku verksmiðjurnar Hydrema sem hafa sérhæft sig í framleiðslu véla til sérstakra verkefna. Þaðan kemur á næstunni fjölhæf vél, Hydrema 900 MPV. Hún er með skotbómu sem nær upp í 5.5 metra og hún er með aflúrtök (vinnudrif) eins og á dráttarvél, bæði aftur úr sér og fram. Þannig að hægt er að tengja við hana heyvinnuvélar og alls konar árafæri. Svo getur hún verið með þrítengibeisli að aftan líka og lyftukrók. Einnig með krana að aftan sem getur lyft tonni í tuttugu metra hæð. Sá er bæði fjarstýrður og stýranlegur innan úr húsi.



Gísli Ólafsson sölumaður hjá Vélum og þjónustu segir fyrstu vélina pantaða en önnur muni koma um mitt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæði á krananum og enda skotbómunnar eru vökvaúrtök til að geta sett þar krabba eða annan tilfallandi anga. En í hvað notar maður svona tæki? Gísli Ólafsson sölumaður hjá Vélum og þjónustu er inntur eftir því. „Notagildið er mikið. Skotbóman er öflug við hleðslu bíla og í byggingariðnaðinum og orkugeiranum mun vélin reynast vel, til dæmis í línuvinnu. Bændur geta nýtt hana til að hlaða upp rúllum og einnig við allar heyvinnuvélar. Hún rífur ekki landið með hjólunum eins og venjulegar dráttarvélar því hún er liðstýrð og alltaf í beinu átaki,“ segir hann og heldur áfram að lýsa kostunum.

„Vélin er með vendigír og því stýranleg hvort sem ökumaður snýr aftur eða fram. Hún er á 60 sentimetra breiðum Trelleborg dekkjum og með 100 prósent læsingu á afturdrifi. Veltur ekki á öxli eins og dráttarvélar og vinnuvélar heldur eru veltitjakkar í liðum sem tjakka alltaf á móti hallanum og þeir eru líka veltibremsa. Það er mjög mikilvægt ef verið er að lyfta hlassi og þyngdarpunkturinn er orðinn hár. Þessi liðstýrði búnaður er einkaleyfisvarinn hjá Hydrema og er líka í þeirra traktorsgröfum og litlu búkollum.“

Spurður hvort Hydrema 900 MPV sé ekki dýr græja svarar Gísli: „Jú, þessi danski framleiðandi gerir fyrst og fremst út á gæði og það er alltaf þannig að mikil gæði þýða líka hátt verð. Fyrsta vélin er pöntuð en ég er með aðra í sigti sem kemur um mitt sumar.“ *- gun*



Rúmlega 26.000 manns sóttu sýninguna í fyrra. Búist er við miklum fjölda í ár. MYND/RYNO QUANTZ

# Nýjustu straumar og stefnur

**Vinnuvélasýning MaskinExpo verður haldin í fimmtánda sinn á Barkarby-flugvellinum, rétt utan við Stokkhólm í Svíþjóð, dagana 22. til 24. maí.**



MaskinExpo er haldin á 100.000 fermetra útisvæði rétt fyrir utan Stokkhólm.

Á sýningunni fá fyrirtæki tækifæri á að sýna vinnuvélar sínar, tæki og fylgihluti á 100.000 fermetra útisvæði. Til sýnis verða léttari vinnuvélar, landbúnaðarvélar, landslags- og garðvélar, ásamt stærri vélum. Á sýningarsvæðinu eru stór malar-, moldar- og grjótsvæði þar sem vélarnar geta sýnt listir sínar. Gestum er boðið að prófa tæki og tól eða fá sýningarkennslu frá fagmönnum.

Margar nýjungar verða kynntar á sýningunni í ár, þar á meðal nýr ATV-vagn sem er frá XYZ vögnum og XYZ kranavagn 310 sem hentar í mismunandi erindagjörðir. Áherslan hefur verið að gefa litlum fyrirtækjum, jafnt sem stórum, tækifæri á að kynna vörur sínar.

MaskinExpo er stærsta vörusýning á Norðurlöndunum og nú þegar hafa 477 sýningarpláss verið pöntuð. Þarna hittist fólk og fagmenn og nýjustu straumar og stefnur í vinnuvélum og fylgihlutum þeirra eru kynntar, sýndar og seldar.



Að ýmsu þarf að huga þegar vinnuvélarnar eru skoðaðar.



Vélarnar eru gríðarlega stórar á sumum tækjanna.

Fyrsta MaskinExpo-sýningin var haldin árið 1983. Hún var mun minni í sniðum, aðeins um fimmtíu sýningarpláss voru seld og aðsóknin fremur lítil. Þó var sýningarfólk almennt sammála um að sú hugmynd að halda vinnuvélasýningu utandyra væri nokkuð góð. Því var unnið að því að kynna sýninguna betur og hefur hún vaxið ár frá ári. Í fyrra sóttu rúmlega 26.000 manns sýninguna. *- kka*




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is**
eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

TOPCON

# Nákvæm stjórnun




**Frá einföldu tvívíddarkerfi (2D) yfir í fullkomið þrívíddarkerfi (3D)**



KRAFTVÉLAR

www.topcon.is



Doosan S 55v
5,5 tonn, Tönn, Hraðtengi
Fleyglagnir, Gúmmíbelti
HAG
5672520
Vélar og vökvafleygar á lager




TYM 233 er fjórhjóladrifin vél.

# Vélar með ýmsa möguleika

**BH tækni flytur TYM-vinnuvélar til landsins, en þær njóta sívaxandi vinsælda um allan heim.**

„TYM-vélarnar eru komnar til landsins en þær hafa almennt reynst verktökum og einstaklingum vel. Til dæmis bændum, skógræktendum, sumarhúsaeigendum, garðyrkjumönnum og bæjarfélögum,“ segir Borgþór Helgason hjá BH tækni, sem sérhæfir sig í smærri vinnuvélum.

Fyrirtækið var stofnað í maí á síðasta ári með innflutningi á TYM-smátraktorum, en það sérhæfir sig í smærri vinnuvélum. Þjónustuverkstæði fyrirtækisins er á Dynskálum 36 á Hellu, þar sem þjónustu fyrir TYM-vélarnar fer öll fram en nokkrar gerðir slíkra véla eru í boði hjá BH tækni að sögn Borgþórs.

„TYM býður upp á úrval af traktorum frá 23 upp í 70 hestöfl. Ámoksturstæki eru fáanleg á allar stærðir og gröfuarmur er skemmtileg viðbót á fjölnotavélina T273. Armurinn eykur notagildi vélarinnar mikið. TYM 233 er minnstur í TYM-fjölskyldunni og hægt að fá hann með gröfuarmi og ámoksturstækjum,“ útskýrir hann.

„TYM 233 er svo fjórhjóladrifin vél sem stendur undir væntingum og TYM 273 kemur sterkur inn á íslenskan markað, fjölnota vél sem stendur fyrir sínu,“ segir hann. „Hægt er að aftengja gröfuarminn og tengja þar með sláttuvél, staurabor, sturtuvagn sand/salt dreifara og margt fleira aftan í traktorinn, sem eykur notagildi hans.

Þá er TYM 330 ein vinsælasta alhliða golfvallavélin í Bretlandi. Hún er fáanleg með hefðbundnum gírkassa með vendigír eða glussastýrðu drifi HST.“

Borgþór segir TYM traktora hafa selst vel um allan heim, en ein helsta ástæða þess séu gæði vélanna auk þriggja ára ábyrgðar sem fylgir hverri seldri vél. Frekari upplýsingar um Tymvinnuvélar er að finna á www.tym.is eða í síma 6973217.

- mmr



TYM 273 er fjölnota vél sem stendur fyrir sínu.



TYM 233 með yfirbyggðu húsi.





**STEFNUMÓT VIÐ GAMLA TÍMANN**

Sumarið er á næsta leiti og eflaust ætla margir að leggja land undir fót í sumarfríinu. Þeir sem áhuga hafa á vélum og ökutækjum í bland við sögulegan fróðleik ættu ekki að láta nokkur vel valin söfn fram hjá sér fara.

- Samgöngusafnið á Skógum
- Búvélasafnið á Hvanneyri
- Samgönguminjasafnið á Ystafelli í Köldukinn
- Búvélasafnið á Grund í Reykhólasveit
- Vélasafn Guðna Ingimundarsonar í byggðasafninu á Garðsskaga


JARÐMÆLINGAR
OKKAR NÁKVÆMNI - ÞINN HAGUR

- Innmælingar
- Útsetningar
- Magnútreikningar

www.jardmaelingar.is



Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIE SERVISE



impex EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is



# Væri ekki betra að nota **réttu tækin** í verkið?

Við höfum yfir að ráða fjölda sérhæfðra jarðvegstækja sem henta vel við ýmsar erfiðar aðstæður og spara þér handtökin. Bjóðum upp á flestar gerðir af smágröfum og beltabörum ásamt jarðvegsþjöppum, völturum og fleiru.



Með því að nota réttu tækin er að hægt að tryggja góða vinnuaðstöðu í erfiðum verkefnum sem bæði létta vinnuna til muna og spara mikinn tíma. Við leigjum út gröfur með tækjamanni ef þess er óskað. Vinnulyftur eru umboðsaðili fyrir tæki frá traustum og virtum framleiðendum og veitir viðskiptavinum sínum góða og örugga þjónustu.

## Við bjóðum jarðvegstæki og vinnulyftur til **leigu og sölu**
## Vinsamlegast hafið samband og fáið tilboð í síma 544 8444



## Tæki til leigu

Vinnulyftur leigja út vinnulyftur, jarðvegstæki og lyftara af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvort sem þig vantar léttar skæralyftur, bómulyftur, stokklyftur eða minni jarðvegstæki, þá getur þú leigt tækið hjá okkur.

## Tæki til sölu

Vinnulyftur selja bæði notuð og ný tæki. Við erum viðurkenndur söluaðili á Íslandi fyrir Skyjack og Terex. Höfum ávallt fjölda tækja á lager en einnig er hægt að fá sérpantanir afgreiddar með stuttum fyrirvara.

BROS 1665/2008

**Vinnulyftur**
- vélar í verkið þitt

**Vinnulyftur ehf. • Smiðsbúð 12 • 210 Garðabæ • Sími: 544 8444 • Fax: 544 8440 • www.vinnulyftur.is**



PARTNER sláttutraktorinn er með fjórgengis Briggs & Stratton classic mótor. Hann er 13,5 hestöfl með 250 lítra safnkassa og 92 sentimetra sláttubreidd. Hann fæst í BYKO á 309.900 krónur.



Gula hættan! Warrior-sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton-mótor. Vélin er 3,75 hestöfl með 60 lítra safnpoka, stillanlega sláttuhæð og sláttubreidd 46 sentimetrar. Fæst í BYKO á 26.900 krónur.




Bensínkeðjusög sem hentar vel til að fella stór tré og sníða af þykkar greinar. Hægt er að leigja hana hjá áhaldaleigu Húsasmiðjunnar. Hálfur dagur, það er fimm klukkustundur, kostar 2.190 krónur. Fyrsti dagur er á 3.942 krónur. Viðbótardagur kostar síðan það sama og hálfur dagur.

# Léttari verk með réttu tólunum og tækjunum

**Hægt er að auðvelda sér garðstörf til muna með sniðugum tækjum.**

Þrátt fyrir að garðyrkja geti verið afar gefandi og róandi áhugamál er hún engu síður hörkuvinna. Þegar vora tekur og garðurinn kemur lúinn undan vetri er í mörg horn að líta. Þá getur verið gott að auðvelda sér ýmis störf með þar til gerðum tækjum og tólum en sífellt bætast við sniðugar nýjungar sem hugsaðar eru til að gera garðstörf léttari. Hér gefur að líta nokkrar öflugar vélar frá BYKO og áhaldaleigu Húsasmiðjunnar. *- hs*




Staurabor á hjólum er tilvalinn til að auðvelda sér girðingavinnu og byggja skjólveggi. Leiga í hálfan dag hjá áhaldaleigu Húsasmiðjunnar er á 7.780 krónur en fyrsti dagur á 14.004 krónur. Viðbótardagur er á sama verði og hálfur dagur. Hægt er að fá bora fyrir 20 sentimetra og 30 sentimetra.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Ríkharður Sigurðsson við sementsflutningabílinn sem hann hefur stjórnað vel á annað ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Á leið á Reyðarfjörð að sækja sement

Patreksfirðingurinn Ríkharður Sigurðsson var að leggja af stað frá búðum Hraunaveitu við Laugafell niður á Reyðarfjörð að sækja sement síðasta sunnudag þegar hann var stöðvaður af blaðamanni Fréttablaðsins og beðinn að stilla sér upp fyrir myndatöku. Hann kvaðst hafa verið við störf á virkjunarsvæðinu í þrjú ár á hinum ýmsu trukkum. Á þessum hefði hann keyrt vel á annað ár og meðal annars séð um sementsflutning á honum frá höfninni á Reyðarfirði upp á fjöllin en færi einnig í annan akstur þegar á þyrfti að halda.

Margvíslegan búnað er hægt að hengja aftan í þennan Volvo-bíl; má þar nefna malarvagn, dráttarvagn, tank og vélavagn. *- gun*



# netið

MIÐVIKUDAGUR 21. MAÍ 2008


**Birta Rán Björgvinsdóttir ljósmyndari** nýtur mikilla vinsælda á vefsíðunni flickr.com BLS. 6



**Flugleitarvélin Dohop** fær jákvæða umfjöllun í asískum fjölmiðlum BLS. 2






FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Búið er að hanna tölvuleiki sem merkja myndir á netinu.**

# Tölvuleikir verða notaðir til að merkja myndir

Merkingar á myndum og skrám á netinu eru misgóðar sem veldur því að stór hluti af því efni sem til er á netinu finnst aldrei með leitarvélum. Nú hefur Luis von Ahn hins vegar fundið lausn á vandanum.

Hann hefur þróað tölvuleiki á netinu sem eru meðal annars þess eðlis að tveir leikmenn sjá sömu myndina og eiga að giska hvað hinn er að skrifa. Ef þeir nota báðir sama orðið, þá er það orð notað til að merkja myndina í framtíðinni svo leitarvélar eins og Google geti fundið hana, en Google hefur einmitt keypt leyfið á leikjunum.

Luis segir fólk eyða miklum tíma við tölvuleik því það sé gaman að leika og fannst honum við hæfi að gera eitthvað gagnlegt um leið og menn leika sér. Leikina má sjá á espgame.org. *- keþ*

# Lögreglan á Spáni handsamar tölvuþrjóta



**Tölvuþrjótar voru nýlega handsamaðir á Spáni.**

Lögreglan á Spáni hefur handtekið fimm tölvuþrjóta, þar af eru tveir sextán ára, sem allir eru ákærðir fyrir að ráðast inn á vefsíður hins opinbera í Bandaríkjunum, Asíu og Suður-Ameríku. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Lögreglan segir þá hafa samræmt aðgerðir og hafa brotist inn á 21.000 vefsíður á tveimur árum.

Rannsókn á málinu hófst í mars síðastliðinn eftir að vefsíða stjórnmálaflokks var gerð óvirk eftir kosningarnar á Spáni.

Tölvuþrjótarnir fimm voru handteknir í Barcelona, Burgos, Malaga og Valencia. *- keþ*

# Napster sækir á

Napster opnaði í gær tónlistarverslun sína þar sem í boði eru 6 milljónir laga sem eru án DRM (Digital right management). En það þýðir að hægt er að spila þau á hvaða MP3 spilara sem er án vandkvæða. Á iTunes er aðeins að finna 2 milljónir laga án DRM en á Amazon eru þau fimm milljónir. Þetta herðir samkeppnina á tónlistarmarkaðinum á netinu í Bandaríkjunum, því tónlistin á Napster býðst aðeins þeim sem eru búsettir þar. *- keþ*



**Hægt verður að spila lögin á tónlistarverslun Napster á hvaða MP3 spilara sem er án vandkvæða. Tónlistin á Napster býðst aðeins þeim sem búsettir eru í Bandaríkjunum.**



**Kristinn Tryggvi Þorleifsson og Jón Ingi Þorvaldsson, starfsmenn hjá Dohop. Dohop er flugleitarvél fyrir almenning sem leitar að flugtengingum hjá 660 flugfélögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Frá Íslandi til Bora Bora á innan við sekúndu

**Flugleitarvélin Dohop sem er af íslensku bergi brotin er notuð um alla Evrópu og Norður-Ameríku og nú nýverið bættust notendur í Asíu við þegar síðan var þýdd á japönsku og kínversku.**

Dohop er flugleitarvél fyrir almenning sem leitar að flugtengingum hjá 660 flugfélögum sem fljúga á um það bil 3.000 áfangastaði. Dohop selur ekki flugmiða en vísar fólki á vefsíður sem bjóða upp á bókun.

„Eitt af því sem er einstakt við Dohop, er að leitarvélin finnur öll möguleg tengiflug. Til dæmis Íslendingur sem ætlar að fljúga frá Reykjavík til Bora Bora, getur fundið flug þangað á innan við sekúndu,“ segir Kristinn Tryggvi Þorleifsson hjá Dohop.

Hugmyndin að Dohop kviknaði þegar stofnendum Dohop gekk erfiðlega að finna ódýrar flugtengingar, en engin vefsíða virtist bjóða upp á slíka leit. Upphaflega stóð til að setja á vefinn leitarvél sem fyndi tengiflug við lággjaldaflugfélög en hugmyndin vatt upp á sig og Dohop finnur nú flug með nær öllum flugfélögum heims.

Frá upphafi hefur markmið Dohop verið að þjóna ferðalöngum um allan heim og hefur síðan nú verið þýdd á 20 tungumál. Leitarvélin fór fyrst á vefinn árið 2005 og hefur notkun hennar vaxið þétt síðan. Flestir notendur koma frá Evrópu og Norður-Ameríku en í síðasta mánuði varð þar breyting á. „Í apríl fórum við inn á Asíumarkað með því að bjóða síðuna á japönsku og kínversku og höfum við þegar fengið ágæta umfjöllun í fjölmiðlum þar,“ segir Kristinn. *- keþ*

# Google toppar Yahoo

**Google tókst í fyrsta sinn að fá fleiri gesti en Yahoo í aprílmánuði, samkvæmt mælingum Comscore.**

Google fékk fleiri heimsóknir í aprílmánuði síðastliðinn en Yahoo. Er það í fyrsta sinn sem það gerist, en netfyrirtækið ComScore greindi frá þessu í síðustu viku. Miklar vinsældir vídeóvefsíðu Google, YouTube, er talin vera helsta ástæðan. En Google fékk 141,1 milljón heimsókna í aprílmánuði, en Yahoo 140,6 milljónir heimsókna. Mjótt er á mununum en Yahoo hefur trónað á toppnum síðan í nóvember 2003. Þann mánuð fékk Google 58,9 milljónir heimsókna.




**Vefsíður Google eru nú þær vinsælustu á vefnum. Þar má telja YouTube, Google-leitarvélina og Google-reader og Google-maps.**

Google hefur náð miklum vinsældum með aukinni þjónustu á borð við fréttaveitur og Google-maps og fleira. Leitarvél Google sér um næstum 60 prósent allrar vefleitar.

YouTube bættist í Googlefjölskylduna í október 2006, og hafa talsmenn Google látið hafa eftir sér opinberlega að auglýsingatekjur af síðunni hafi aukist verulega. YouTube geymir um 40 prósent allra vídeómynda á vefnum og á síðustu þremur mánuðum hefur heimsóknum á síðuna fjölgað stórlega.

Vinsælustu vefsíðurnar á eftir Google og Yahoo eru Microsoft, AOL, Fox Interactive Media, eBay, Wikipedia, Amazon, Ask og Time Warner. *- keþ*



ENNEMM / SÍA / NM33858

# Stjórnendur MySpace sigrast á ruslpósti

Stjórnendur MySpace sýna þeim enga miskunn sem nota síður fyrirtækisins til að senda ruslpóst.

MySpace dró nýverið mann að nafni Sanford Wallace fyrir dómstóla fyrir að hafa ásamt félaga sínum, Walter Rines, notað vefsíður Myspace til að senda ruslpóst. Í síðustu viku féll dómurinn á þá vegu að honum var gert að greiða MySpace 230 milljónir Bandaríkjadollara í miskabætur. „MySpace hefur enga þolinmæði gagnvart þeim sem reyna að haga sér með ólöglegum hætti á vefsíðum okkar,“ segir í yfirlýsingu frá MySpace.

Wallace, sem er sjálfkrýndur konungur ruslpóstsins, og félagi hans Rines tóku yfir vefsíður meðlima MySpace eða settu upp sínar eigin síður til að senda um 700.000 ruslpósta á meðlimi síðunnar. Ruslpósturinn átti að lokka fólk á aðrar vefsíður þar sem þeir félagar högnuðust á því að selja hringitóna og aðrar vörur.

Réttarhöldin hófust í mars 2007 en fljótlega hætti Wallace að mæta fyrir rétt og hvarf og mætti ekki þegar dómurinn var kveðinn upp. Ekki er vitað hvar hann er niðurkominn en MySpace leitar hans.

Með þessum dómi vonast MySpace til að draga úr öðrum sem ætla að leika sama leik, en fyrirtækið stendur í fleiri málaferlum af svipuðum toga. *- keþ*




**Stjórnendur MySpace taka hart á þeim sem nota síður fyrirtækisins til að senda ruslpóst.**



**Prófessor Jóhann Pétur Malquist og dr. Helga Kristjánsdóttir, en á myndina vantar dr. Gunnar Stefánsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Strikamerki hafa samband á netinu

**Íslenskir aðilar í samstarfi við kínversk stjórnvöld og bandarísk hátæknifyrirtæki vinna að því að útbúa strikamerki sem unnt er að nota af fleiri en einum aðila. Hugmyndin er að þau séu virk gegnum allt framleiðslu- og söluferlið, í stað þess að vera aðeins virk í söluferlinu.**

Nánast hver einasta vara í heiminum er strikamerkt og hvert einasta strikamerki hefur að geyma einhverjar upplýsingar. En nú blasir við að ný kynslóð strikamerkja muni ryðja sér til rúms. Þetta eru rafræn merki sem senda frá sér útvarpsbylgjur og kallast RFID, sem er skammstöfun á Radio Frequency IDentification. Þessi strikamerki geta geymt mun meira af upplýsingum en þau strikamerki sem við þekkjum nú og munu hafa miklar breytingar í för með sér.

Til þess að hægt sé að nýta möguleika þeirra til hins ýtrasta hefur fyrirtækið Globe Tracker, sem meðal annarra var stofnað af Íslendingum, í samstarfi við Kínverja og Bandaríkjamenn unnið að hugbúnaðarlausn sem á að auðvelda fyrirtækjunum að senda upplýsingarnar frá strikamerkjunum í gegnum netið. Prófessor Jóhann Pétur Malmquist hefur leitt verkefnið hérlendis, en í samstarfi við hann eru dr. Gunnar Stefánsson, dósent í verkfræði við Háskóla Íslands og gestakennari við Shanghai Maritime-háskólann í Sjanghæ og dr. Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur í alþjóðahagfræði við Háskóla Íslands.

„Þessi nýju strikamerki eru ekki öll eins, það fer eftir vörunni sem verið er að merkja hvers konar merki á best við. Finna þarf leið til þess að þessi ólíku merki geti unnið saman í aðfangakeðjunni og er hlutverk Globe Tracker að miðla þessum upplýsingum á milli aðila, óháð því hvaða merki eru notuð,“ segir Jóhann Pétur.

„Merkin geta geymt ýmsar gagnlegar upplýsingar, til dæmis við hvaða hitastig varan var geymd, hvort hún hafi komist í snertingu við mengun, eða jafnvel hvort brettið sem varan var flutt á hafi oltið. Við þetta ferli safnast saman upplýsingar, sem jafnvel tryggingafélög gætu haft áhuga á að nýta sér.

Einnig geta merkin geymt og sent upplýsingar um staðsetningu vörunnar hverju sinni, sem er mikilvægt því vörurýrnun er um ellefu prósent í heiminum í dag, meðal annars vegna þess að vörur týnast. Talið er að hægt sé að draga verulega úr vörurýrnun, með því að merkja vöruna um leið og hún er framleidd og fylgja henni eftir í gegnum alla aðfangakeðjuna,“ segir Jóhann Pétur. *- keþ*



**Sýning á verkum Ólafs stendur yfir í listasafninu MoMa í New York. Þeir sem sjá sér ekki fært að heimsækja safnið geta skoðað sýninguna á netinu.**

# Ólafur Elíasson online

Take your time, eða Taktu þér tíma, er heitið á sýningu á verkum eftir Ólaf Elíasson sem stendur nú yfir í MoMa-listasafninu í New York-borg. Ekki geta allir veitt sér þann munað að stökkva upp í næstu flugvél og fljúga vestur á bóginn til að berja sýninguna augum. Menn geta þó bætt sér það upp að hluta með því að fara á moma.org, þar sem sýningin er á netinu. Að sjálfsögðu nær hún ekki því andrúmslofti sem fylgir að fara á sjálfa sýninguna, en með því að kíkja í gegnum það skráargat sem netið er, kemst maður nokkuð nálægt því. Sjá www.moma.org. *- keþ*



**Fólk getur safnað sjúkragögnum saman á Google Health.**

# Sjúkragögn á Google

Í gær var var beta-útgáfu af Google Health hleypt af stokkunum. Á Google Health getur fólk safnað saman upplýsingum frá lækninum sínum, sjúkrahúsum og apótekum á einum stað. Jafnvel er hægt að fræðast um þá sjúkdóma sem maður gæti mögulega haft og svo framvegis. Enn sem komið er miðast þetta við Bandaríkin en meðferð sjúkragagna er ekki eins háttað í öllum löndum. Hina nýju Google-síðu má sjá á www.google.com/health. *- keþ*

# Tengist betur þráðlausu neti

Svokallaðar veltigrindur í Lenovo-fartölvum verja mikilvægasta tölvubúnaðinn eins og harðan disk, skjá og örgjörva, fyrir hnjaski. Hingað til hafa þær verið gerðar úr magnesíum-efni, sem liggur þétt yfir vélarbúnaðinum, og þar af leiðandi hafa notendur stundum átt erfitt með að tengjast þráðlausu neti.

Nýja veltigrindin í ThinkPad Lenovo X300 hefur hins vegar verið endurbætt þannig að hún tekur betur á móti þráðlausu neti að sögn Gísla Þorsteinssonar, upplýsingafulltrúa Nýherja. „Hún er 60 prósent léttari og þrisvar sinnum sterkari en magnesíum-grindur í eldri vélum.“

Forsaga nýju hönnunarinnar hófst í T61 vélum Lenovo þar sem veltigrindin var höfð í laginu eins og köngulóarvefur undir skjánum. Hönnunin gerði það að verkum að veltigrindin var með nægilega stór göt sem tryggðu kælingu búnaðarins.

„Þegar hafist var handa við framleiðslu á X300 var gert enn betur, því þar notuðust framleiðendur við svokallað koltrefjaefni blandað titanium, sem er sams konar efni og notað er við framleiðslu á Formúlu 1-bílum og Airbus-flugvélum,“ segir Gísli og bætir við að efnið sé sterkt en einstaklega létt því X300 er einungis 1,3 kíló.

Gísli segir að vélin sé hönnuð til að þola mikið hnjask og tekur fram að Lenovo-fyrirtækið sé afar meðvitað um umhverfismál. „Lenovo hefur lagt mikla rækt við þróun og framleiðslu á búnaði sem sparar orku og er endurnýtanlegur þegar vélarnar ljúka hlutverki sínu. Þetta á sérstaklega við um X300 vélina, sem er fyrsta vélin sem fær svokallaða EPEAT GOLD umhverfisvottun og eru umbúðir hennar úr 90 prósent endurnýtanlegum efnum.“ *- nrg*




**Gísli Þorsteinsson með Thinkpad Lenovo X300.** MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR



**Vélin hefur verið hönnuð til að taka betur á móti þráðlausu neti.**

PÓSTURINN
allur pakkinn



# Komdu á netpósthúsið

www.postur.is

- Finna sendingu
  Hér getur þú með einföldum hætti fundið út hvar sendingin þín er. Hægt er að finna sendingar jafnt innanlands sem utan.
- Netsamtal við þjónustufulltrúa
  Netsamtal við þjónustufulltrúa er liður í aukinni þjónustu okkar. Þjónustufulltrúar liðsinna þér með ráðgjöf og veita þér upplýsingar um þjónustu Póstsins.
- Breyta heimilisfangi
  Við áframsendum almennan bréfapóst fyrir þá sem eru að flytja, bæði innanlands og erlendis. Almennar sendingar sem eru stílaðar á gamla heimilisfangið eru þá sendar áfram á nýja heimilisfangið.
- Biðpóstur í fríinu
  Við geymum almennar bréfasendingar fyrir þig meðan þú ert í fríi eða áframsendum til þín á umbeðið pósthús.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 08-0945



Áskrifendur geta verið með þúsundir mynda á vefjum sínum.

## Hvað er flickr?

Flickr er vefsamfélag ljósmyndara og áhugaljósmyndara um allan heim. Síðan var þróuð af kanadíska fyrirtækinu Ludicorp og opnuð snemma árs 2004. Hún náði strax miklum vinsældum og þótti hafa marga kosti umfram aðra ljósmyndavefi, meðal annara að auðvelt var að setja merkimiða á myndir og flokka. Þá er síðan með aðgengilegt ummælakerfi og geta notendur tjáð skoðun sína á myndum frá öðrum notendum. Þannig hafa margir fengið góð ráð og gagnrýni frá þeim sem lengra eru komnir í ljósmyndun.

Í kjölfar mikilla vinsælda flickr keypti bandaríski vefrisinn Yahoo! alla starfsemi Ludicorp, þar á meðal vefsamfélagið flickr. Kaupin lögðust misvel í notendur flickr, en eftir þau voru allir vefþjónar síðunnar fluttir í höfuðstöðvar Yahoo! í Bandaríkjunum. Allt efni flickr er því undir lögsögu bandarískra stjórnvalda. Auk þess þurftu eldri notendur flickr að skrá sig hjá Yahoo! til að geta haldið áfram að nota vefinn. Kaup Yahoo! höfðu marga kosti í för með sér. Nú geta notendur sett inn 100 megabæt af myndum í hverjum mánuði og áskrifendur hafa ótakmarkað myndapláss. Þeir geta því verið með þúsundir mynda á vefjum sínum. Í síðasta mánuði opnaði flickr á þann möguleika að notendur gætu sent inn stutt myndskeið. Ekki er verið að höfða til sama markhóps og nota vefsíður eins og YouTube heldur hafa stjórnendur flickr áhuga á ljósmyndum á hreyfingu. *- öhö*



Birta hefur mikinn áhuga á tísku og fer það vel saman við áhugann á ljósmyndun.



Birta hefur fengið mjög góð viðbrögð við myndunum á vefsíðunni flickr.

MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR



Birta segir fólk vera sitt uppáhalds viðfangsefni. Ef hún finnur engan til að mynda snýr hún linsunni bara að sér.

# Hef fengið jákvæð viðbrögð alls staðar að úr heiminum

**Þrátt fyrir ungan aldur er Birta Rán Björgvinsdóttir meðal vinsælustu íslensku ljósmyndaranna á vefsíðunni flickr.com. Hún er að ljúka grunnskóla í vor og stefnir á nám í ljósmyndun í haust.**

Íslendingar voru snöggir að tileinka sér flickr. Nokkrir þeirra eru í hópi þeirra ljósmyndara sem eiga mest skoðuðu síðurnar á flickr og á síðunni eru ýmsir hópar fyrir myndir frá íslenskum ljósmyndurum. Meðal þeirra er Birta Rán Björgvinsdóttir.

„Ég hef lengi haft áhuga á ljósmyndun. Það var svo fyrir fjórum árum þegar pabbi keypti myndavél fyrir fjölskylduna að ég fór að leika mér mikið að þessu. Ég einokaði alveg myndavélina til að byrja með og hef reyndar varla stoppað síðan,“ segir Birta, sem hefur í haust nám í ljósmyndun. Hún hefur mikinn áhuga á tísku og það fer vel saman við áhugann á ljósmyndun.

Birta segir langt síðan hún fékk fyrst þá hugmynd að fara í ljósmyndanám en þau viðbrögð sem myndirnar hennar hafa fengið á vefsíðunni flickr hafi átt stóran þátt í því að hún sé nú að láta verða af því. „Það eru að verða tvö ár síðan ég fór að setja myndirnar mínar á flickr og ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð, alls staðar að úr heiminum.“

Flickr-samfélagið byggist á því að allir skráðir meðlimir geta sett inn myndir og einnig skilið eftir umsagnir um myndir annarra ljósmyndara. Birta segir mikla hvatningu fólgna í ummælum sem gestir síðunnar skilja eftir um myndirnar. „Oftast er bara verið að segja manni að myndirnar séu flottar en stundum fær maður líka mjög uppbyggilega gagnrýni. Ég reyni sjálf að vera dugleg að gagnrýna myndir hjá öðrum en maður getur alltaf verið duglegri.“

Birta segir fólk vera sitt uppáhalds viðfangsefni og ef hún finnur engan annan til að mynda snýr hún linsunni bara að sér. „Þó maður finni engan til að mynda þá hefur maður alltaf sjálfan sig og það er ágætt að æfa sig þannig,“ segir Birta. *- öhö*

ÖRTÆKNI

Okkar kaplar ná alla . . . . . leið




Eina sérverslun landsins með tölvukapla

Vörulisti á netinu: www.ortaekni.is

Ljósleiðara kaplar



Ljósleiðara kaplar í miklu úrvali í lengdunum 0,5 - 20 metrar. Tengi: LC, SC og ST.

Eigum mikið úrval af:
- Prentarakaplar, margar lengdir.
- Hágæða skjákaplar, 1,8m - 30m langir.
- 9 og 25 pinna kaplar, parallel og serial.
- SCSI kaplar og breytistykki.
- Hljóð og myndkaplar í Scart.
- USB og Firewire kaplar og breytar.
- Flatkaplar.
- Straumkaplar ofl.
- Tölvu skiptibox, ýmsar gerðir.
- Mikið af breytistykkjum

Cat-5e og Cat-6



Hágæða netsnúruefni frá Quabbin í Bandaríkjunum. 13 litir. Íslensk framleiðsla. Sérsmíðum eftir pöntunum.

Hátúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800 - Fax: 552 6809
ortaekni@ortaekni.is - ortaekni.is

# Kunnugleg sjón?

**Ekki taka óþarfa áhættu. Láttu sérfræðinga Skýrr afrita og hýsa gögn fyrirtækisins á hagkvæman hátt. Allt á einum stað.**





















Gögn eru mikilvægustu auðlindir flestra vinnustaða og þau þarf að hýsa á öruggum stað og afrita á traustan hátt.

**Skýrr býður fyrirtækjum hagkvæma og örugga rekstrarþjónustu fyrir hýsingu og afritun gagna.**

Sérfræðingar Skýrr eru í fremstu röð. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001, ásamt því að vera samstarfsaðili VeriSign, stærsta öryggislausnafyrirtæki veraldar.

**Hafðu samband strax í dag og fáðu nánari upplýsingar og tilboð.**

569 5180
skyrr@skyrr.is

Skýrr




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Vinnuvélar á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kranar og kraftlyftur

Nýbyggingar hafa risið hratt undanfarin misseri og setja byggingakranar og lyftur sinn svip á landslagið. Hægt er að leigja slíkar vinnuvélar og fleiri gerðir til ýmissa verka.

Fyrirtækið GP kranar sérhæfir sig í hvers kyns kranavinnu. Það er í Hafnarfirði og hjá því er hægt að leigja krana af ýmsum stærðum fyrir smærri og stærri verk. Meðal hluta sem hægt er að leigja með krönunum eru mannkörfur, kraftlyftur og kranar með allt að 120 metra langri bómu. Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, www.gpkranar.is. *- rat*










Konur hafa í auknum mæli sótt í stétt vörubílstjóra. Trukkastelpurnar keyra ýmsa bíla og Margrét nefnir þar meðal annars malartreilera og fjögurra öxla bíla.




„Mótordellan er í blóðinu enda alin upp í sveit og komin á dráttarvél sex ára. Síðan tók ég vinnuvélaréttindi og meirapróf og hef keyrt vörubíl síðan ég var átján ára," segir Margrét Erla Júlíusdóttir, sem var eina stelpan á vörubíl þegar hún byrjaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stelpurnar á trukkunum

**Trukkastelpurnar er félagsskapur kvenna sem keyra vöruflutningabíla á Íslandi og halda úti sameiginlegri bloggsíðu.**

„Við trukkastelpurnar kynntumst flestar í gegnum bloggsíðu sem ein okkar, Jenný Friðjónsdóttir, kom á laggirnar," segir Margrét Erla Júlíusdóttir vörubílstjóri, sem er í félagskap þrettán kvenna sem allar keyra vörubíla á Íslandi.

Margrét keyrir 660 hestafla FH 16 Volvo vörubíl með gámalyftu fyrir Jón og Margeir í Grindavík þar sem hún er búsett. Bílaáhuginn hefur fylgt Margréti nánast alla tíð og þrátt fyrir ungan aldur hefur hún setið undir stýri vörubíla síðastliðin ellefu ár. „Ég ólst upp í sveit og var örugglega ekki nema sex ára þegar ég settist upp í dráttarvél. Síðan fór ég að vinna í fiski og fór fljótlega að keyra þar lyftara. Síðan tók ég vinnuvélaréttindin sautján ára og er með réttindi á gröfu og krana. Í framhaldi af því tók ég meirapróf átján ára og hef keyrt síðan," útskýrir Margrét, sem var á þeim tíma eina stelpan á vörubíl.

„Langflestir karlarnir voru jákvæðir og hjálpsamir í minn garð. Samt voru nokkrir af eldri körlunum sem fannst skrítið að fá stelpu í hópinn. Konum sem keyra vörubíla hefur fjölgað mikið síðastliðin tvö til þrjú ár. Flestar keyra malartreilera og eru á fjögurra öxla bílum."

Margrét hvetur allar stelpur og konur sem hafa áhuga á starfinu að láta drauminn rætast og hafa þá samband við Trukkastelpurnar. Enda félagsskapurinn opinn öllum konum í bransanum.

„Við hittumst eins oft og við getum; borðum saman og gerum annað skemmtilegt. Síðan tölum við líka aðeins um bílana," segir Margrét hlæjandi, sem er með alhliða mótordellu að eigin sögn. „Ég er mikið á krossara og lenti í þriðja sæti á Íslandsmeistaramótinu í fyrra. Síðan er maðurinn minn líka í þessu og meira að segja dóttir okkar, sem er átta ára, á lítið hjól."

„Það gat nú verið svolítið erfitt í fyrstu að vera með kassabíl og vagn aftan á stórum hringtorgum í borginni án þess að rata nokkuð. Síðan kom þetta allt saman," segir Margrét, sem hefur aldrei komist í hann krappann. Eða eins og hún segir sjálf: „Ég er alltaf að reyna að vanda mig á veginum."

Allar upplýsingar um Trukkastelpurnar er að finna á http://trukkastelpurnar.bloggar.is. -rh



Margrét Erla Júlíusdóttir hefur keyrt vörubíl í ellefu ár og líkar vel.




Jenný Friðjónsdóttir, eða Pæjan eins og hún kallar sig á bílnum, kom á laggirnar bloggsíðu Trukkastelpnanna.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*





**● FYRIR STÓRA SEM SMÁA** CAT-vinnuvélarnar, eða Caterpillar eins og þær kallast fullu nafni, eru víðfrægar og hafa fyrir löngu áunnið sér sinn sess í vinnuvélaheiminum. Þess má til gamans geta að Caterpillar-vinnuvélar hafa komið við sögu allra stórframkvæmda á sviði jarðvinnu hérlendis eins og virkjun fallvatna til raforkuframleiðslu. Hins vegar er hægt að kynna þetta fræga vörumerki snemma á lífsleiðinni þar sem ýmis leikföng fást með CAT-merkinu og er þá oftast um að ræða smækkuð líkön af gröfum og þess háttar sem litlir fingur hafa gaman af að handleika. Það má vinna mörg þörf störf á litlum smábýlum í sandkassa eða á sængurfjöllum með þessum litlu vinnuvélum. Leikföngin geta einnig sómað sér vel í hillum hjá áhugamönnum um vinnuvélar.

# VIÐ LÆKKUM GENGIÐ

## á japönsku KUBOTA traktorunum



### *KUBOTA M108s - 108 hö*

*Einstaklega lipur og skemmtilegur traktor með sparneytnum 4ra strokka KUBOTA mótor. 32 gírar áfram og afturábak með kúplingfríum vendigír. Rúmgott ökumannshús með loftkælingu (A/C) og loftpúðasæti fyrir ökumann. Öflugt vökvakerfi og vökvalyftur dráttarkrókur auk annars búnaðar. Það er leit að öðrum eins alhliða traktor fyrir íslenskan landbúnað!*

~~**Verð án vsk........................ kr. 5.200.000**~~

**TILBOÐSVERÐ án vsk ..... kr. 4.800.000**

**Ámoksturstæki**
Trima +3.0 ámoksturstæki með dempara, 3ja sviði, hraðtengi á gálga, skóflu. Ásetning innifalin.
Verð án vsk .........................................kr. 1.100.000

*Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengisskráningu ofangreindrar dagsetningar . Verð á KUBOTA traktor um er verð til bænda á lögbýlum og tilgreint án 10% vörugjalds.*

Kubota

### *KUBOTA M125X - 125 hö*

*Ótrúlega öflugur og duglegur traktor sem er fær í flest verk. 5 strokka 5,8 l KUBOTA mótor. INTELLI-SHIFT vökvaskipting með 8 kúplingsfríum milligírum og kúplingsfríum vendigír. Öflugt vökvakerfi og rafstýrt beisli . Nákvæm rafstyring á aflúrtaks- og ökuhraða. Rúmgott ökumannshús með loftkælingu (A/C) og loftpúðasæti. Afar vel búinn traktor sem kemur flestum verulega á óvart!*

~~**Verð án vsk........................ kr. 6.500.000**~~

**TILBOÐSVERÐ án vsk ..... kr. 5.900.000**

**Ámoksturstæki**
Trima +4.0 ámoksturstæki með dempara, 3ja sviði, hraðtengi á gálga, skóflu. Ásetning innifalin.
Verð án vsk .........................................kr. 1.180.000

*Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengisskráningu ofangreindrar dagsetningar . Verð á KUBOTA traktorum er verð til bænda á lögbýlum og tilgreint án 10% vörugjalds.*



*Hafið samband við sölumenn okkar - eða kíkið inn á vefsíðuna okkar, www.thor.is. - og fræðist nánar um japönsku KUBOTA dráttarvélarnar*

**ÞÓR HF**
REYKJAVÍK - AKUREYRI

**ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Ármúla 11 | Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is**

# SANY VINNUVÉLAR

**Komdu og kynntu þér beltagröfur og veghefla frá SANY. Einnig fleygar frá FRANK og skóflur smíðaðar hjá Vélsmiðju Guðmundar.**




Vélsmiðja Guðmundar // Íshellu 10 // Hafnarfjörður // Sími 564-1539 // www.sany.is




Árni Helgason ehf. á Akureyri er með þrjú Topcon GPS-kerfi en hérna sést Komatsu PC350LC-8 vél sem er með slíkan búnað. MYND/KRAFTVÉLAR EHF.

# Allar gröfur með GPS

**Kraftvélar hafa ráðið til sín sérfræðing á sviði vélbúnaðar frá Topcon og búast forsvarsmenn fyrirtækisins við því að allar gröfur verði komnar með GPS-búnað innan nokkurra ára.**

Fyrirtækið Kraftvélar fékk nýlega til liðs við sig sérfræðing frá Topcon, Michiel Jochims, sem býr yfir mikilli reynslu af búnaði frá Topcon.

„Við vildum styrkja þjónustu okkar og þekkingu en Michiel Jochims hefur unnið síðastliðin tíu ár fyrir Topcon í Evrópu og þá einna helst við vélstýringar, GPS og vöruþróun. Hjá okkur mun Jochims sinna bæði þjónustu og sölumálum fyrir Topcon, en Kraftvélar búa einnig yfir stórri söluog þjónustudeild sem sinnir þessum málum,“ segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri sölusviðs Kraftvéla.

Kraftvélar ehf. byrjaði að selja Topcon-búnað í janúar 2007 en þá tók fyrirtækið formlega við umboðinu. „Topcon hefur verið lengi á íslenskum markaði og þekkja okkar viðskiptavinir vel til þessarar vöru og þá einna helst í lasertækjum og vélstýribúnaði,“ segir Ólafur og bætir við að Topcon bjóði upp á allar þær lausnir sem verkfræðistofur, mælingarmenn, verktakar og landmælingafyrirtæki óski eftir og sé leiðandi aðili í Evrópu með mælingarbúnað. Búnaðurinn skiptist niður í fjóra flokka, það er vélstýringar, lasertæki, GPS-búnað og talstöðvar.

„Vélstýringar og GPS eru orðin mest vaxandi þáttur í starfsemi Topcon á Íslandi enda er það þjónustan sem okkar viðskiptavinir leita að. Við erum einnig með sérhæft verkstæði vegna viðgerða og þjónustu við búnaðinn,“ segir Ólafur.

Fyrir rétt um ári hófu Komatsu og Topcon samstarf á kynningum á vélstýribúnaði fyrir gröfur, jarðýtur og veghefla. Ólafur segir flest benda til þess að innan nokkurra ára verði allar gröfur komnar með GPS-vélstýribúnað.

„Topcon hefur farið þá leið að bjóða Topcon 2DXI tvívíddarkerfi sem hægt er að uppfæra í 3DXI þrívíddarkerfi án þess að þurfa að skipta út neinum búnaði sem fyrir var. Með þessu geta viðskiptavinir okkar farið hálfa leið og byrjað á dýptarmælakerfi sem hægt er að uppfæra á einfaldan máta.“ *- rat*



Á þessari mynd má sjá hluta af þeim hópi manna sem sinnir þjónustu, sölu og ásetningu Topcon-búnaðar. Frá hægri: Óskar vélfræðingur, Jón verkstjóri, Björn vélfræðingur, Bjarni rafeindavirki, Markús þjónusturáðgjafi, Michiel Jochims Topcon-sérfræðingur og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri sölusviðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Flytjum allar gerðir vinnuvéla







Fljót og góð þjónusta



KRÓKUR BÍLASTÖÐ

Suðurhraun 3 • 210 Garðarbær • Sími 522-4600






Doosan S 140 LC
14 tonn, Tönn, Hraðtengi
Smurkerfi, 700 spyrnur

HAG
Vélar og vökvafleygar á lager
5672520

AFLVÉLAR



SCHMIDT

# Traust tæki
# Vönduð þjónusta



Gangstéttarsópur Schmidt Swingo 250



Gangstéttarsópur Schmidt Swingo 100



Schmidt götusópur 7 rúmmetrar



Citigo sópur



Framsópur vökvaknúinn



Framsópur með drifi



Schmidt götusópur 6 rúmmetrar



Schmidt Savalco malbiksviðgerðarbíll



Savalco tjörutæki



Sláttuvélar og burstar á armi



ATC malbikskassi



Savalco dreifari



Ficote dælubílar



Veekmas veghefill



Fico tunnuþvottabíll



Hefilgreiða







Burstar, vír og strá í alla sópa.
Framleiðum bursta og sópa.





AFLVÉLAR ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000 Fax: 480-0001. www.aflvelar.is




# Fyrirtæki ánægð með Kópavog

**Spurt var:**
**Almennt séð, hversu vel eða illa telur þú að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sinni skipulagsmálum?**

| | Mjög vel | Nokkuð vel | Hvorki vel né illa | Nokkuð illa | Mjög illa |
|---|---|---|---|---|---|
| Kópavogur | 10,5% | 44,7% | 31,6% | 10,5% | 2,6% |
| Reykjavík | 0% | 17% | 20,8% | 30,2% | 32,1% |
| Hafnarfjörður | 0% | 39,1% | 34,8% | 17,4% | 8,7% |
| Garðabær | 0% | 47,8% | 26,1% | 4,3% | 21,7% |
| Mosfellsbær | 8,3% | 0% | 66,7% | 16,7% | 8,3% |

(Heimild: Capacent Gallup, apríl 2008)

*Skoðanakönnun Capacent Gallups var kynnt á stórsýningunni Verk og vit. Könnunin var gerð dagana 4. til 14. apríl 2008. Í úrtaki var 161 fyrirtæki, 77 forsvarsmenn fyrirtækjanna svöruðu könnuninni eða 48%.*

**Metnaður Kópavogsbæjar er að vera í fremstu röð á sviði skipulags- og byggingarmála með gæði og skilvirkni að leiðarljósi.**

Kópavogsbær fagnar niðurstöðu skoðanakönnunar Capacent Gallups sem sýnir almenna ánægju framkvæmdaraðila með skipulagsmálin í bæjarfélaginu.

Meirihluti verktaka í könnuninni telur Kópavogsbæ
- sinna skipulagsmálum með sóma
- hafa skýra heildarsýn í skipulagsmálum
- afgreiða verkefni í meirihluta tilvika hratt
- standa almennt vel að kynningum á einstökum verkefnum

**Kópavogsbær – ef þú þarft að koma einhverju í verk!**

Kópavogsbær, Fannborg 2, 200 Kópavogi, www.kopavogur.is, sími 570 1500

ARGUS 08-0203



### Skartnámskeið um helgi

Silfurleir er fyrir alla til að skapa skartgripi heima. Skráning og uppl. í s. 555 1212. Handverkshusid.is - Bolholti 4.

## Kennsla

English lessons Flexible English lessons, designed for you, for the English that you want and need at your speed. Taught by a native English speaker and qualified teacher. Call Mica 865 4877.

# HEIMILIÐ

## Málverk



Til sölu málverk eftir Kristinn Morthens af Viðey, tiboð óskast. S. 857 1499 Jóhann.

## Húsgögn



Til sölu 3 stk. skáparennihurðir, 2 með eikaráferð og 1 með spegli. stærð á fleka 253,5 x 95. litur út eins og nýtt, selst á háfvirði. S. 581 3611 & 692 3610.

Til sölu brúnt leðursófasett. V. 25 þús. Uppl. í s. 567 6032.

## Dýrahald



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606 & 869 7612. skessa126@simnet. is myndir inná boxer.bloggar.is Erum í Rvk.



Dverg Schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 897 6229.



Tilboð á stórum búrum m/flísmottu 1006 búr # Stærð: L 120 . B 75 . H 83 aðeins 12,500 kr .www.liba.is

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




### Sjóstangveiði - Andrea

Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29,950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.

Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388



6 hesta kerra til sölu. Þarfnast smá viðhalds. Tilboð óskast. Til sýnis uppá Heimsenda. Uppl. á finnbogi@stjornublikk.is

## Ýmislegt

Seakayak Iceland heldur sjókayak námskeið í Reykjavík Helgina 23. - 25 Maí. Verð 18.000kr allur búnaður innifalinnn. Uppl:6903877 og www.seakayakiceland.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

### Íbúðir til leigu

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða 517-3440.

100fm 4 herb. íbúð á Burknav. í Hfj. Stæði í bílskýli. Þvottav + þurrk. geta fylgt. V. 155 þús á mán + hússj. Trygg. 1 mán. Aðeins fjölskyldufólk. S. 862 4685.

Raðhús á einni hæð til leigu í Ábæjarhverfi 140 fm 4 svefnherbergi. Uppl. í s. 821 8774.

### Meðleigjandi óskast á skrifstofu

30 þús. á mán. öll aðstaða til fyrirmyndar t.d. húsgögn, net, WC, og margt fl. Uppl. í s. 898 4202.

Til leigu 2ra herbergja íbúð við Þórðarsveig. Sjá heimasíðu Heimkynna ehf. www.heimkynni.is

50fm 2 herb. íbúð, fullbúin húsgögnum, í 108 Rvk til leigu. Uppl. berist til Fréttablaðsins merkt „íbúð 108"

Falleg 100fm útsýnisíbúð í 101.3svefnherb.Stór stofa og eldhús. Nýuppgert bað m þvottaaðstoðu.180þús á mán, allt innifalið. S.8993130

111 Breiðholt ROOM for tvo. W/ furniture acess to kitchen/ bathroom 8973611

3 herb. íbúð á besta stað, svæði 105, í lyftublokk til leigu í 1 ár, getur losnað fljótlega. Uppl. í síma 6635856

Par óskar eftir íbúð í Rvk. Við erum með lítin og fullorðin hund. Við erum reglusöm og skilvís. Við erum í s. 844 0317.

4ra herb. íbúð í Fellsmúla til leigu m. húsg. Leiga 160 þús. 2 mán. fyrirfram. S. 821 4820.

2 manna herb. í Hraunbæ til leigu m. eldhúsaðst., baði og þvottah. S. 698 8037.

Íbúð í Gerðunum, 108 Rvk., til leigu frá 7. júlí. Kjallaraíbúð, 2 herb., eldhús, wc og þvottahús. Mjög gott fyrir einstakling, rafm., hiti og innbú fylgir. Reykleysi og reglusemi skilyrði. V. 55 þús. á mán. Uppl. í s. 664 8412.

Til leigu í Keflavík 400 fm einbýlishús. 6 svefnh. Frá 1 júlí, hagstæð leiga. S. 893 1992.

Gistiheimili, 3 x2manna herb. til leigu í heild eða hlutum til 15.ág. í Hafnarf. Uppl. 863-8099

3 herb. íbúð í Kóp. til leigu með húsgögnum. Leigist frá jún. Room for rent with everything and internet in Garðabær. S. 847 7147.

## Húsnæði óskast

Hjón með 1 barn óska eftir 3 herb. íbúð, helst í hfj. Öruggum greiðslum heitið. S. 861 5647 Elísa.

2-4 herb. íbúð í rvk óskast fyrir starfsmenn fyrirtækis. Uppl. í s. 897 1995.

Reglusamur og reyklaus piltur utan að landi óskar eftir herbergi í Rvk með aðgang að wc og þvottavél. V. 35-40 þús á mán. Uppl. í s. 847 3401.

Miðaldra reyklaus maður óskar eftir herbergi. Uppl. í s. 823 8458.

Karlm óskar eftir 2-3 herb íbúð á höfuðborgasv frá 1 júní í ca. ár. Reglusemi, reyklaus og tryggar greiðslur. verðbil 130-150þ. s:6604516

2tvítugar stelpur leitað 2-3herb íbúð, 80-120þús á mán. reglusamar og reyklausar með hund s: 7700858

Óska e. herbergi, stúdíó/2herb íbúð í Vesturbænum eða Seltjarnarnesi. Greiðslugeta 80þ. snyrtimennska, öruggar greiðslur og bankaábyrgð. S. 7712307

46 ára karlmaður óskar eftir Herbergi eða 2 Herbergja íbúð sem fyrst fyrirfram gr ef óskað er 8665052

Reyklaus, reglusöm kvk óskar eftir húsnæði á höfuðb.svæðinu frá 1. júní. Uppl. í s. 866 5841.

Reglusamur einstaklingur óskar eftir 2 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Uppl. í s. 820 6726 & ormog@landsbanki.is

Þrítugur stuðningsfulltrúi með lítin rólegan hund óskar eftir litlilri einstaklingsíbúð í Mosó.

Óska eftir 2-3 eða 3-4 herb. íbúð, helst á Seltjarnarnesi, reyklaus. Skilvísum greiðslum heitið. S. 893 7576.

## Sumarbústaðir






### Frábær staðstetnig mikið útsýni

96m2 sumarhús í Hraunborgum til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.



### Gestahús til sölu

Erum að byggja 25 fm heilsárshús tvö herb/ forst /bað, mjög vönduð og hentar vel íslenskum aðstæðum. Húsin er fullbúin að utan og tilbúin til afhendingar. Panilklædd að innan, með raflögnum en án gólfefna og baðinnréttingar. Hægt er að fá þau fullbúin sem tveggja herbergja eða eitt herbergi og eldhús allt eftir þörfum hvers og eins. Tilvalið fyrir þann sem vantar gistihús eða stækka sumarhúsið sitt. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Uppl. í s. 820 0051.






# ÞJÓNUSTA



heimili FASTEIGNASALA

Sími 530 6500

## HOFSVALLAGATA – 2JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ AUKAHERBERGI Í KJALLARA.



Frum

Góð og mikið endurbætt 67 fm íbúð á 1. hæð. Nýtt baðherbergi, nýlegir gluggar og gler, rafmagn og gólfefni. Sameign og stigagangur nýlega endurbættur. Stórt 17 fm herbergi/geymsla í kjallara, tilvalið sem vinnuherbergi eða til útleigu. Góð eign á vinsælum stað með mikla möguleika **V. 18,0 m.**



***Nánari upplýsingar veitir***
***Bogi Molby Pétursson,***
***lögg. fasteignasali. Sölustjóri.***
***bogi@heimili.is/530-6500/699-3444***

WWW.AKKURAT.IS







## Rjúpnasalir 14

Opið hús milli kl 18 og 19 í dag

Falleg og björt 3ja herbergja 104,6fm íbúð á 3.hæð í góðu lyftuhúsi í Salahverfinu í Kópavogi. Eldhús með vandaðri innréttingu og tækjum frá AEG úr burstuðu stáli. Baðherbergi með hornbaðkari. Eikarparket á gólfum. Rúmgóð svefnherbergi með góðu skápaplássi. **Verð 26,8 millj Verð velkomin í heimsókn**
**Benjamín og Anna taka vel á móti ykkur**
**sími 861-3678**
**Akkurat fasteignasala sími 594-5000**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

# Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

BLIKKSMIÐJAN VÍK

## Óskum eftir að ráða blikksmið

til vinnu sem fyrst.Þarf að geta starfað sjálfstætt.

Upplýsingar Eyjólfur 699-1204 eða Jóhann 699-5642

AVAXTA-BÍLLINN

## Vanur bókari

Óskast nú þegar til starfa hjá líflegu og spennandi fyrirtæki. Um tímabundið verkefni eða framtíðarstarf getur verið að ræða og sömuleiðis getur vinnuhlutfall verið sveigjanlegt.

**Uppl. sendist á haukur@avaxtabillinn.is**

SH

## Íþróttakennari/sundþjálfari

Sundfélag Hafnarfjarðar auglýsir eftir íþróttakennara eða sundþjálfara til að sjá um sumarsundnámskeið SH.
Sumarsundnámskeið SH eru vel sótt sundnámskeið sem standa yfir í ca 6 vikur frá miðjum júní. Hæfniskröfur: íþróttakennari eða sundþjálfari með reynslu af þjálfun/kennslu yngri barna. Umsóknir skal senda á sh@sh.is Upplýsingar um starfið gefur Rósa á skrifstofu SH, s. 8989982.

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

## Fasteignablaðið

# 512 5469
# 694 4103



**Ruth Bergs**
**ruth@365.is**

FISKEY

Aðalfundur Fiskeyjar hf. verður haldinn í fundarsal Brim hf., Fiskitanga, Akureyri, fimmtudaginn 29. maí 2008 klukkan 15:00.

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Tillaga þess efnis að stjórn félagsins verði heimilað að færa niður hlutafé félagsins um sem nemur tapi síðustu tveggja ára, eða um tæp 51.6%.
- Tillaga um heimild til kaupa á bréfum félagsins skv. 55. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995
- Tillaga að hluthafar falli frá forkaupsrétti hlutafjár allt að 50 mil ljón krónur að nafnverði.
- Önnur mál löglega upp borin.

Stjórnin

Skipulags stofnun

### Hverahlíðarvirkjun, allt að 90 MW jarðvarmavirkjun

## Mat á umhverfisáhrifum

### - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt á mati á umhverfisáhrifum Hverahlíðarvirkjunar, allt að 90 MW jarðvarmavirkjun, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Helstu niðurstöður eru að mikil óvissa er fyrirliggjandi um áhrif fyrirhugaðrar virkjunar við Hverahlíð á jarðhitaauðlindina. Áhrif á loftgæði ráðast alfarið af virkni hreinsibúnaðar fyrir brennisteinsvetni sem fyrirhugað er að koma upp og áhrif á grunnvatn ráðast af því að skiljuvatni verði veitt um fóðraðar niðurrennslisholur niður fyrir grunnvatnsborð. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skilyrði fyrir framkvæmdinni er lúta að áhrifum á jarðhitaauðlindina, áhrifum á grunnvatn og áhrifum á loftgæði. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð virkjun við Hverahlíð komi til með að hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif sem muni breyta ásýnd svæðis við Suðurlandsveg og hafa í för með sér talsvert rask á mosavaxinni hraunbreiðu.

Skipulagsstofnun vekur sérstaklega athygli þeirra sem gerðu athugasemdir við frummatsskýrslu að álit stofnunarinnar í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík og er unnt að fá afrit af álitinu þar. Þá er álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is**

**Skipulagsstofnun**

Skipulags stofnun

### Bitruvirkjun, allt að 135 MW jarðvarmavirkjun

## Mat á umhverfisáhrifum

### - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt á mati á umhverfisáhrifum Bitruvirkjunar, allt að 135 MW jarðvarmavirkjun, Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging Bitruvirkjunar sé ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag, útivist og ferðaþjónustu. Um er að ræða lítt snortið, fjölsótt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis/höfuðborgarsvæðisins og býr svæðið yfir stórbrotnu landslagi sem m.a. einkennist af fjölbreyttri hveravirkni. Fyrirhuguð Bitruvirkjun myndi breyta landslagsásýnd þessa lítt raskaða svæðis í ásýnd iðnaðarsvæðis.

Skipulagsstofnun vekur sérstaklega athygli þeirra sem gerðu athugasemdir við frummatsskýrslu að álit stofnunarinnar í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík og er unnt að fá afrit af álitinu þar. Þá er álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar: **www. skipulag.is**

**Skipulagsstofnun**

# Bitur bögusmiður á skítadreifara

**UMRÆÐAN**

Stefán Hilmarsson svarar Sverri Stormsker

Sverri Ólafssyni Stormsker virðist uppsigað við mig og deildi því með lesendum Fréttablaðsins í sl. viku, þar sem hann var þó aðallega að hnotabítast út í Jón Ólafsson. Frekar undarlegt hátterni, en þó ekki alveg úr stíl við þennan undarlega mann. Ekki ætla ég að skattyrðast nánar við Sverri í fjölmiðlum og mun **ekki** skrifa annað bréf þegar hann svarar þessu, sem ég tel jafn öruggt og að nótt fylgir degi, því hann er einn þeirra sem einatt vilja eiga síðasta orðið. Læt ég honum það góðfúslega eftir.

Af grein Sverris má ráða að honum er í mun að því sé til haga haldið að hann sé nk. tónlistarljósmóðir mín og vill jafnframt meina að ég hafi ekki haldið því nógsamlega á lofti. Heldur þóttu mér skrif þau furðuleg og vissi frómt frá sagt ekki hvort þau bæri að túlka sem skjall eða last. En dró þá ályktun að um last væri að ræða og hið meinta kredit-leysi hlyti að hafa plagað Sverri lengi. En ef það getur orðið til þess að róa sál og sinni Sverris, þá biðst ég nú auðmjúklega forláts á því að hafa ekki hrópað nafn hans oftar á torgum. Samt var það svo að ég hafði sungið opinberlega alloft og inn á plötu þegar leiðir okkar Sverris lágu saman. En vissulega söng ég örfá laga Sverris í kjölfar þess. En tel þó að það hafi ekki síður gagnast honum en mér. Altént lít ég svo á að Sverrir eigi fráleitt nokkuð inni hjá mér, líkt og í veðri vakir í skrifum hans. Og kem ég þá að þeim punkti sem rann mér helst til rifja og er ástæða þess að ég taldi rétt að svara opinberu prívatbréfi hans.

Það má greina í skrifum Sverris að honum gramdist að hafa ekki hlotið styrk úr Tónskáldasjóði FTT á dögunum, en að beiðni formanns tók ég sæti í úthlutunarnefnd. Svo er að skilja, að Sverri hafi þótt sjálfgefið að ég sæi til þess að honum félli í skaut úthlutun í ljósi þess að hann stendur í þeirri meiningu að hafa fært mig í heiminn, eða „dröslað mér á lappir“ og „ruslað mér uppá svið“, eins og hann orðaði svo smekklega. Finnst honum að kálfurinn ég hafi ekki launað ofeldið sem ég á að hafa hlotið af hans hendi í árdaga.



STEFÁN HILMARSSON

En hefði ég verið stríðalinn af Sverri forðum – sem reyndar er ansi fjarri sanni – þá hefði það vitaskuld engin áhrif haft á vinnubrögð nefndarinnar, sem einkennast ekki af greiðasemi né því að úthluta dúsum. Þvert á móti tekur nefndin málefnalega og vísindalega á þeim fjölmörgu umsóknum sem berast ár hvert og fer eftir reglum sem henni eru settar af stjórninni. Það er hins vegar svo, að höfundar sem rétthái eru njóta jafnan forgangs umfram réttlága. M.ö.o. þykir eðlilegt að þeir njóti mestra tekna sem afla mestra tekna. Það ber þó ekki að skilja þannig að aðeins rétthair fái úthlutað, því það er alls ekki svo. Og þess er jafnframt gætt að ungir og réttlágir höfundar verði ekki útundan, sbr. það að hljómsveitin Skátar hlaut veglega úthlutun í ár. Ég þekki ekki gjörla hvernig úthlutunum til Sverris hefur verið háttað á undanförnum árum, því ég hef ekki setið í nefndinni lengi. En hitt veit ég, að í ár var hann síður en svo einn um það að hljóta ekki það sem sóst var eftir. Það er eins og gengur.

En Sverrir ætti e.t.v. að líta sér nær. Staðreyndin er, að þegar að var gáð reyndist hann furðu réttlágur, sem var a.m.k. ekki til að bæta stöðu hans. Ástæðan er einfaldlega sú að tónlist hans hefur ekki verið mikið flutt opinberlega hin seinni ár. Það er mín skoðun, að skýringa sé helst að leita í hans eigin ranni og stafi sennilega af metnaðarleysi, óreglu, drambi og hroðvirkni, en hið síðastnefnda hefur að mínu mati umfram annað einkennt útgáfur hans í gegnum tíðina. Kynntist ég sjálfur vinnubrögðum hans af eigin raun forðum og segir mér grunur að lítt hafi þau breyst. Þá var aðalatriðið að hespa hlutunum af sem hraðast. Slíkt vinnulag við hljóðritun kemur jafnan í bakið á manni, jafnvel þótt viðkomandi hafi tónlistarhæfileika.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að skora á Sverri að leggja skítadreifaranum og hvetja hann í leiðinni til dáða og vandaðra verka, sem gætu orðið til þess að hefja merki hans aftur á loft. Því það er aldrei of mikið af ágætri íslenskri tónlist.

*Höfundur er tónlistarmaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Líkt og þegar Sólon Íslandus reiknaði á móti Englendingum

**Guðmundur Björnsson, fyrrverandi flutningabílstjóri, skrifar:**

Í Fréttablaðinu 7. maí 2008 birtist grein þar sem vitnað er í Ármann Kr. Ólafsson þingmann Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann tekur undir þær fullyrðingar að ein ferð flutningabíls valdi ámóta sliti vega og ferðir 9.000 fólksbíla. Þessar tölur geta á engan hátt staðist. Þegar ég var á ferð 1976 voru allir vegir malarvegir og um verslunarmannahelgina voru allir flutningabílar stopp, enginn þeirra á ferðinni. Samt voru vegirnir með alversta móti, þrátt fyrir að þetta væri besti tími ársins. Ekki var þar flutningabílum um að kenna. Svona rugl stenst engan veginn, það veit ég eftir að hafa keyrt malarvegi stóran hluta ævinnar.

Ef þessar ýkjur myndu standast væri heldur ekki mikið eftir af vegum hér á Ströndum, þar sem eru 38 km ennþá malarvegir og það mjóir að það er illgerlegt að mætast á þeim. Um þessa vegi fara um 30 flutningabílar á dag. Því tel ég ummæli Ármanns þvílíkar ýkjur að þær fái engan veginn staðist.

Dæmi er um flutningabíl sem ekur 150 þúsund km á ári og greiðir 13,95 krónur í kílómetragjald. Þetta gerir því 2.092.000 krónur yfir árið. Þessi bíll má vera 44 tonn í heildina. Hann er með 22 dekk og hámarksþungi á dekkjunum eru 3.500 kg, en ekki eru nýtt nema 2 tonn af því. Til samanburðar ber eitt dekk undir svona flutningabíl jafnmikið og 7 eða nærri 8 dekk undir fólksbíl, miðað við að fólksbíllinn sé 1,5 tonn. Fólksbílarnir þurfa hins vegar aðeins að greiða olíugjald. Flutningabíll kemst því engan veginn nálægt því að slíta vegunum jafnmikið og 9.000 fólksbílar.



BARBARA CARTLAND ÁSTARSÖGURITHÖFUNDUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2000.

*„Eftir fertugt snýst barátta kvenna um að halda í vöxt og unglega andlitsdrætti. Mitt ráð er að einbeita sér að andlitinu og bara sitja sem mest kyrr.“*



***Barbara Cartland hefur lengum verið talin drottning rómantískra ástarreyfara en hefur einnig verið fræg fyrir einstaklega bleikan og áberandi klæðaburð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. MAÍ 1983

## *Ásmundarsafn opnað formlega*

Í dag eru 25 ár liðin frá opnun Ásmundarsafns, sem er eitt af safnhúsum Listasafns Reykjavíkur. Af því tilefni verður gestum og gangandi boðið upp á kaffi og kleinur allan daginn.



Ásmundur Sveinsson (1893-1982) var einn af frumkvöðlum höggmyndlistar á Íslandi. Hann sótti innblástur í íslenska náttúru og bókmenntir sem og til þjóðarinnar sjálfrar. Ásmundur hannaði að mestu sjálfur og byggði Ásmundarsafn á árunum 1942-1950. Formhugmyndir hússins eru sóttar til Miðjarðarhafsins, í kúluhús araba og píramída Egyptalands. Í byggingunni voru bæði heimili og vinnustofa listamannsins. Ásmundur byggði síðar bogalaga byggingu aftan við húsið, sem bæði var hugsuð sem vinnustofa og sýningarsalur, en þannig vildi listamaðurinn gera verk sín aðgengileg fyrir almenning. Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg heimili sínu og listaverkum eftir sinn dag og var safn opnað formlega árið 1983. Safnið er opið daglega frá kl. 10-16.

### MERKISATBURÐIR

**1502** Portúgalar uppgötva eyna Sankti Helenu.

**1929** Fyrsta kvennastúka á Íslandi innan Oddfellowreglunnar stofnuð.

**1979** Miklar verðhækkanir á bensíni verða til þess að bifreiðaeigendur mótmæltu og þeyttu flautur í tvær mínútur.

**1981** François Mitterrand kosinn forseti Frakklands.

**1982** Bretar ganga á land á Falklandseyjum í stríði um eyjarnar.

**1997** Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon verða fyrstir Íslendinga til að stíga á tind Everest-fjalls.

**2006** Svartfellingar samþykkja aðskilnað frá Serbíu í þjóðaratkvæðagreiðslu.



# 70 ára afmæli

**Lóa Guðjónsdóttir**

er 70 ára í dag.
Hún verður með opið hús og tekur á móti vinum og vandamönnum á Kaffi Reykjavík milli kl. 17.00 og 20.00 í kvöld.



†

*Okkar ástkæri*

**Baldur Ólafsson**

Tindaflöt 6, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 16. maí.
Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 23. maí kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| Herdís Viggósdóttir | |
| Guðrún Elísabet Baldursdóttir | Árni Pétur Jónsson |
| Arndís Baldursdóttir | Gylfi Sigurðsson |
| Stefán Freyr Baldursson | Sigríður Guðjónsdóttir |
| Jón Viggó Gunnarsson | Helga Bryndís Kristjánsdóttir |
| Ingvi Gunnarsson | Sonja Dögg Pálsdóttir |
| Sigurður Gunnarsson | Aude Busson |

og afabörn.



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Vilbergsdóttir**

Þórsbergi 6, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu föstudaginn 23. maí kl. 15.00.

Grétar Þorleifsson
Anna Valbjörg Ólafsdóttir
og aðrir vandamenn.









**FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI** Synir Rúnars hafa frá unglingsaldri tekið þátt í starfi föður síns og eru löngu orðnir vanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RÚNAR GEIRMUNDSSON ÚTFARARSTJÓRI: TUTTUGU OG FIMM ÁRA STARFSAFMÆLI

# Útfarir eru persónulegri í dag

„Ég er lærður bólstrari og vann í trésmiðju við þá iðn frá árinu 1975 til 1980. Þegar verkefnum fór fækkandi varð ég gott sem atvinnulaus og þá bauð félagi minn mér vinnu hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur,“ segir Rúnar Geirmundsson, útfararstjóri og eigandi Útfararþjónustunnar.

„Starfið fólst í almennum störfum sem við koma andlátum. Ég fór og sótti þá látnu á dánarstað og sá um kistulagningar og jarðarfarir. Ég starfaði þar í sjö ár eða þar til ég stofnaði mitt eigið útfararfyrirtæki árið 1990. Við vorum tveir sem stofnuðum fyrirtækið en frá 1997 hef ég átt fyrirtækið einn og rekið það ásamt sonum mínum, þeim Sigurði og Elísi.“ Í fyrstu þótti Rúnari mikil breyting að fara úr því að bólstra stóla í útfarir eins og skiljanlegt er. „Ég var ungur þegar ég byrjaði og þegar ég fór í fyrstu ferð mína í líkhúsið leist mér ekki nógu vel á þetta. Ég man að ég fékk skjálfta í lappirnar og fannst þetta vissulega mikið stökk. Síðan var ég sendur á líkbílnum til að sækja þá látnu en með tímanum vandist maður þessu. Ég varð að taka þessu eins og hverri annarri vinnu og það er einmitt það sem rekur mann áfram í þessu starfi. Auk þess sem ekki má gleyma að sýna þeim látnu tilskilda virðingu,“ lýsir Rúnar, sem segir útfarir ekki eins og fyrir 25 árum. „Helstu breytingarnar felast í því að við þurfum að hafa umhverfisvænar kistur. Fólk veit kannski ekki mikið um þær en þetta eru Evrópustaðlar í umhverfismálum sem við Íslendingar erum orðnir hluti af. Síðan er það sem snýr að útförinni sjálfri og þá helst tónlistarvalið. Hér áður fyrr voru það einungis kirkjukórarnir sem sungu fjóra til sex útfararsálma. Síðan fóru að koma inn einn og einn einsöngvari og einleikarar. Smátt og smátt urðu útfarir meiri og stærri og persónulegri. Málin eru þannig í dag að hver útför er orðin einstök í stað þessa staðlaða forms sem þær voru í áður,“ útskýrir Rúnar.

Ástæðan fyrir því að hann fór í eigin rekstur er áskorun sem fylgir því verkefni auk þess sem báðir synir hans geta tekið þátt í starfsemi fyrirtækisins.

Rúnar býður upp á allan nauðynlegan búnað og bifreiðar fyrir útfarir og flytur einnig inn kistur sjálfur. „Við reynum alltaf að leggja allt okkar í hverja útför og veita sem besta þjónustu hverju sinni.“

Synir Rúnars hafa frá unglingsaldri tekið þátt í starfi föður síns og eru löngu orðnir vanir. Þeir hafa meira og minna tekið þátt með Rúnari í rekstri fyrirtækisins og staðið sig með prýði að sögn föður þeirra, sem vonar að þeir taki við fyrirtækinu þegar fram líða stundir.

**mikael@frettabladid.is**



†

*Elskuleg mamma mín, unnusta, dóttir okkar, systir og mágkona,*

**Elísabet Arnórsdóttir,**

sem andaðist fimmtudaginn 15. maí sl., verður jarðsungin frá Hjallakirkju föstudaginn 23. maí kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Betsý Ásta Stefánsdóttir | Valtýr Sævarsson |
| Arnór L. Pálsson | Betsý Ívarsdóttir |
| Páll Arnórsson | Sigríður Rut Hallgrímsdóttir |
| Ágúst Arnórsson | María Veigsdóttir |
| Jóhanna Steinsdóttir | Þorkell Guðmundsson. |



†

*Þakka auðsýnda samúð við andlát og útför*

**Sigurþórs Jónassonar**

fyrrum bónda að Efri-Kvíhólum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kirkjuhvols fyrir góða umönnun. Þá vil ég einnig þakka sveitungum hans fyrir ómetanlega aðstoð við búskapinn í gegnum árin.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðfinna Sveinsdóttir.



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins verður á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna verða í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is








Málverkasýning
Hafsteins J. Reykjalíns

ÚR FIMM Í SEX

Stendur yfir í Sjónarhól
v/Reykjavíkurveg 22
Opið virka daga 10-18.

NÚ ER LAG ....LÁTTU SJÁ ÞIG.

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

www.gitarskoli.is

Gítarnámskeið
„Crash course„
Hefst 2. Júní
Einkatímar 4 vikur 2 tímar í viku

Skráning í síma: 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is




512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið

# STUÐ MILLI STRÍÐA Húsnæðisvandi og hárreytingar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HEFUR SÉÐ LJÓSIÐ



Ég á við það ólán að etja að vera ekki milljónamæringur. Já, þetta er hið sorglegasta mál. Sérstaklega þar sem ég hef upp á síðkastið verið í húsnæðisleit. Enn átakanlegra, ég veit. Ég eygi nú tímabundna lausn á þessum húsnæðisvanda mínum, en ef ekki væri fyrir himnasendingu í formi vinkonu væri lausnin allsendis ekki í sjónmáli.

Þar sem ég hef setið og reytt hár mitt í örvilnan yfir húsnæðisvandanum síðustu vikur varð ekki hjá því komist að það rynni upp fyrir mér ljós. Ég sé þetta allt saman svo skýrt núna.

Ég sé til dæmis að það sem ég hefði náttúrlega átt að gera var að byrja að leggja fyrir í kringum fimm ára aldurinn – enda bölvað ábyrgðarleysi að sóa afmæliskrónunum fimm hundruð í hjól. Svo hefði ég líka átt að fara á fund einhvers fjárfestingaráðgjafamógúlsins með fermingaraurana, svo ekki sé nú minnst á þá gjörsamlega misráðnu ákvörðun mína að byrja ekki að vinna fyrr en aldurinn var kominn upp í tveggja stafa tölu. Ég sé þetta allt saman núna, með visku þess sem lítur um öxl.

Þess þá heldur hefði ég aldrei átt að leyfa mér þann munað að taka námslán fyrir háskólagöngu minni. Hvað með það þó að ég hefði hálfdrepið mig fyrsta árið með því að vinna fulla vinnu og vera í næstum fullu námi? Aumingjaskapur. Ég hefði þar að auki átt að ferðast léttar um lífið og búa í tjaldi í görðum hjá vinum og vandamönnum og þvo óhreina þvottinn minn á almenningsklósettinu í Bankastræti frekar en að hegða mér eins og sú fordekraða krakkarófa sem ég var og leigja íbúð og kaupa þvottavél eins og ekkert væri sjálfsagðara.

Ég hefði einnig átt að halda áfram að búa í tjaldinu eftir að háskólanámi lauk, hefði hreinlega getað búið ágætlega um mig hérna á umferðareyjunni á Miklubrautinni. Stutt í vinnuna og svona.

Þetta er allt augljóst mál. Þá hefði ég efni á að kaupa mér íbúð í dag. Og væri ekki hálfsköllótt af hárreytingum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**SÖNGLIST** Þóra Einarsdóttir á langan feril að baki og hefur getið sér gott orð í fjölda hlutverka í Wiesbaden.
MYND/MARTIN KAUFHOLD/ÍSLENSKA ÓPERAN

# Anna Frank sungin

**Saga Önnu Frank hefur mörgum verið hugleikin, allt frá því faðir hennnar útbjó dagbók hennar til útgáfu, en Anna dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í felum í Amsterdam um missera skeið á stríðsárunum. Upp komst um síðir um felustað fjölskyldunnar og lifði faðirinn einn helförina af.**

Úr efni dagbókarinnar var samið leikrit sem hér var sýnt í tvígang í Reykjavík og markaði fyrri sýningin upphafið á ferli Kristbjargar Kjeld. Á sunnudag verður hin persónulega saga Önnu rifjuð upp einu sinni enn í formi óperuverks og fer Þóra Einarsdóttir sópransöngkona með hlutverk Önnu.

Rússneska tónskáldið Grigori Frid (f. 1915) færði söguna í búning einsöngsóperu árið 1969 og hefur óperan verið færð upp víða um heim á undanförnum árum. Þetta er magnað verk, líkt og Dagbók Önnu sjálfrar, þar sem hin sérstaka sýn ungu stúlkunnar á heiminn og hin grimmdarlegu örlög er undirstrikuð með töfrum tónlistarinnar.

Þóra Einarsdóttir sópransöngkona er fastráðin við óperuna í Wiesbaden og söng hlutverkið þar 2005 og hlaut mikið lof fyrir. Með henni koma fram í sýningunni Valerie Sauer dansari og Alexander Scherer píanóleikari, en leikstjórn er í höndum Iris Gerath-Prein. Útlit sýningarinnar hannar Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir og lýsingu hannar Páll Ragnarsson. Sýningin er byggð á uppfærslu Wiesbadenóperunnar á sömu óperu.

Glitnir styrkir uppsetningu Dagbókar Önnu Frank í Íslensku óperunni, en sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Aðeins ein sýning er fyrirhuguð á verkinu í Gamla bíói – Íslensku óperunni.

pbb@frettabladid.is

# Píanóleikari útskrifast

**Píanóleikarinn Hákon Bjarnason heldur útskriftartónleika sína úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands í Salnum í Kópavogi annað kvöld kl. 20. Á efnisskránni eru verk eftir Johann Sebastian Bach, Ludwig van Beethoven, Enrique Granados, Frederic Chopin, Franz Liszt og Sergei Prókofíeff. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.**

**Hákon Bjarnason nam við Nýja Tónlistarskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Halldór Haraldsson kenndi honum. Hákon hóf svo nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, áfram með Halldór sem aðalkennara.**

- vþ








LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW X3**

Nýskr: 03/2007, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 9.000.

**Verð 6.190.000**



**L.R. DISCOVERY 3 Diesel**

Nýskr: 09/2006, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 33.000.

**Verð 6.430.000**



**L.R. FREELANDER Diesel**

Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 16.000.

**Verð 5.400.000**



**RANGE ROVER SPORT HSE Diesel**

Nýskr: 07/2006, 2700cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 16.000.

**Verð 9.200.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## > HARRISON FÆR GARÐ

**Olivia Harrison**, ekkja Bítilsins **George Harrison**, hefur opnað garð til heiðurs manni sínum á Chelsea-blómasýningunni sem er haldin í London. Fyrrverandi samherji Harrison í Bítlunum, **Ringo Starr**, aðstoðaði Oliviu við opnunina. Harrison, sem dó úr lungnakrabbameini árið 2001, var reglulegur gestur á sýningunni, sem er haldin á hverju ári. Vonast Olivia til að garðurinn muni endurspegla persónuleika hans.



# Fólk

folk@frettabladid.is



CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEIMS

# *Hollywood-maskínan gagnrýnd*

Gwyneth Paltrow átti „comeback" á rauða dreglinum í gærkvöldi þegar hún mætti á frumsýningu Two Lovers, sem hún leikur aðalhlutverkið í á móti engum öðrum en Joaquin Phoenix. Leikstjórinn James Gray er nánast áskrifandi að keppninni, var í fyrra með We Own the Night, en þetta er þriðja myndin hans af fjórum sem valin er í keppni. Joaquin Phoenix fékk því miður magakveisu og var lagður inn á spítala þegar hann átti að fljúga til Cannes og var hans sárt saknað af aðdáendum í höllinni.

Gwyneth er að snúa aftur á hvíta tjaldið eftir töluvert hlé í að sinna börnum og buru. Iron Man sem var nýlega frumsýnd var fyrsta myndin hennar eftir hlé og Two Lovers næsta en hún á greinilega fullt erindi aftur í bransann og var vel tekið af áhorfendum.



**Í SVIÐSLJÓSINU** Gwyneth Paltrow á rauða dreglinum í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

Þó að myndin sé amerísk og stór nöfn á bakvið hana er hún ekki fjármögnuð af stóru stúdíóunum heldur telst óháð kvikmyndagerð. James Gray lét Hollywood-stúdóin heyra það þegar hann ræddi við blaðamenn eftir sýninguna og lýsti því yfir að leikstjórar frá til dæmis Kína eða Afríku ættu eftir að ná yfirhöndinni og fólk ætti ekki eftir að vilja sjá Hollywood-myndir lengur.

Hann talaði um slæma þróun í Hollywood síðustu þrjátíu árin og saknar gamla Hollywood sem framleiddi áður bestu myndir í heimi. Nú til dags þurfa myndirnar að vera svo rosalega stórar til að höfða til svo mikils fjölda að margra sögur verða ekki sagðar. Þannig munu amerískir leikstjórar missa hæfileikann til að segja sögur. Góðar, fallegar, raunsæjar og flóknar sögur. Gray trúir því að almenningur vilji upplifa miklu meiri dýpt og flóknari sögur en stúdíóin þori að bjóða uppá og tók sem dæmi: „Ef þú gefur fólki alltaf McDonald's að borða og býður þeim svo allt í einu upp á sushi þá finnst þeim það að sjálfsögðu skrítið. En það er ekki þar með sagt að fólk vilji ekki líka fá sushi."

# Smókingurinn er keppnisbúningur

„Jú, jú, þetta er allt klappað og klárt. Ég lokaði reyndar bara augunum þegar afgreiðslumaðurinn renndi kortinu í gegn," segir Þórir Snær Sigurjónsson, kvikmyndaframleiðandi með meiru. Hann þurfti að standa við stóru orðin og kaupa Armani-smóking handa kvikmyndagerðarmanninum Rúnari Rúnarssyni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu lýsti Rúnar því yfir að stuttmynd hans 2 Birds myndi keppa um gullpálmann í Cannes. Þórir lofaði í kjölfarið að kaupa sérsniðinn Armani-smóking ef sú yrði raunin. Sem kom svo á daginn. „Hann verður í smókingnum þegar hann tekur við gullpálmanum á sunnudaginn," bætir Þórir við en útskýrir jafnframt að þetta sé svipuð gerð af smóking og keyptur var handa Degi Kára þegar Voksne mennesker var sýnd á frönsku ríveríunni.



**VERÐUR Í ARMANI** Rúnar Rúnarsson er búinn að fá Armani-smókinginn sem honum var lofað. Hann gegnir reyndar öðru og kannski mikilvægara hlutverki því Rúnari hefði sennilega ekki verið hleypt inn á sýninguna án þess að klæðast slíkum spjörum.

Þórir vildi þó ekki gefa upp kaupverðið; það væri algjört hernaðarleyndarmál. Samkvæmt upplýsingum frá Sævari Karli sem selur einmitt Armani-smókinga kostar einn slíkur rúmar 130 þúsund, sem þykir fremur lágt verð miðað við annars staðar í Evrópu.

Rúnar var einmitt á leiðinni í verslunina í Kaupmannahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Og í ljós kom að smókingurinn var ekki keyptur til að svala einhverri hégómagirnd leikstjórans eða láta Þóri standa við stóru orðin. „Mér hefði nefnilega ekki verið hleypt inn á sýninguna án þess að vera í smóking, þetta er því hálfgerður keppnisbúningur líkt og íslenska landsliðstreyjan," útskýrir Rúnar en þetta er í fyrsta skipti sem hann fer til Cannes. „Ég hlakka mikið til og vonandi rignir mann ekki niður."

- fgg




**HINNAR MISSKILDU KINDUR.** Verk Christofs Büchel, 2x3 metrar, var prentað á segldúk og því komið fyrir á Hjörleifshöfða en hefur verið skorið niður af óprúttnum aðilum.

# Kindum Büchels stolið eða slátrað

**Björn Roth segir vel koma til greina að kæra til lögreglu stuld á undeildu verki Christofs Büchel sem skorið var niður af ramma sínum á Hjörleifshöfða.**

„Við viljum líta svo á að um tugmilljóna stuld sé að ræða," segir Guðjón Sigmundsson, betur þekktur sem Gaui litli.

Verk hins heimsþekkta svissnesska listamanns, Christof Büchel, hafa vakið mikla athygli hér á landi en þar fjallar hann meðal annars um rasisma. Miklar innsetningar, eða veggspjöld prentuð á segldúk, 2x3 metrar, voru sett upp við Hvalfjarðargöng og svo tvö við Hjörleifshöfða. Nýverið rauk einhver til og skar verkin af römmum sínum þau sem voru á Hjörleifshöfða og haft á brott með sér.

Mynd Büchels sýnir þrjár hvítar kindur stugga við einni svartri og hefur uppsetning þess kveikt viðbrögð. Meðal annars hafa starfsmenn borgarinnar farið til að rífa niður auglýsingaplaköt þar sem sjá má myndina. Gaui litli kom að uppsetningu verkanna og segir aðeins tvennt í stöðunni hvað varðar Hjörleifsverkin: Annað hvort hafi hreinlega einhver brjálæðingurinn, sem misskilur inntak verksins, rokið til, með hnífinn á lofti og fjarlægt verkið í pólitísku fári eða þá að þarna hafi einhver vafasamur listaverkasafnari verið á ferð. „Jahh, þetta gæti þess vegna dúkkað upp á Ebay. Hvað veit maður? Büchel er heimsþekktur listamaður. Talinn einn efnilegast listamaður samtímans og meta má verk hans á milljónir," segir Gaui litli.

Innsetningar Büchels eru liður í verkefninu Ferðalag/Journey sem er á vegum Listahátíðar og Björn Roth stjórnar. „Er Christof búinn að gera allt vitlaust? Já, eða landinn öllu heldur þó Christof hafi „startað" þessu," segir Björn. Hann segir að í sínum huga sé í raun ekki myndirnar, plakötin og skiltin sem séu hið eiginlega listaverk heldur viðbrögðin sem slík. „Fólk bregst við á mismunandi hátt. Í kjölfar þess að fjallað var um í sjónvarpsfréttum þegar plakötin voru rifin niður rauk kona ein út og fór að rífa niður plaköt. Aðspurð af hverju sagði hún: Sjónvarpið sagði það."

Björn Roth segir vel koma til greina að kæra stuldinn á Hjörleifshöfða til lögreglu. „Og hvar endar þetta þá? Christof sjálfur vill ekki tjá sig um þetta á þessu stigi. Segir þetta verð að hafa sinn gang. Hann segir bara: Sjáum hvað verða vill. Sum verka hans eru pólitísk. Hann hefur gaman að því," segir Björn Roth.

jakob@frettabladid.is



**GAUI LITLI** Segir sennilega um svívirðilegan listaverkaþjófnað að ræða frekar en að einhver skyni skroppinn hafi rokið til með hnífinn í öfugsnúnum pólitískum tilgangi.



# TIME lofar Magnús og Latabæ

„Ef börnin þín eru allt í einu farin að hreyfa sig og borða grænmetið sitt með bestu lyst er það að öllum líkindum manni frá Íslandi að þakka.“ Svona hefst grein blaðamannsins Theunis Bates í TIME um Latabæ og Magnús Scheving undir fyrirsögninni „Barnaþáttur lætur spínat líta vel út“. Í greininni er jafnframt rætt við einn af yfirmönnum Nickelodeon-sjónvarpsstöðvarinnar og forseta Íslands. Magnús er þó að sjálfsögðu í aðalhlutverkinu.

Hann upplýsir að kostnaðurinn við gerð þáttanna sé fjórum sinnum meiri en annarra barnaþátta. Hver þáttur kosti tæpar sextíu milljónir en hverjum eyri sé vel eytt. „Strákunum finnst þetta vera hasarþáttur en stelpunum danskennsla. Í báðum tilvikum fáum við börnin til að hreyfa sig,“ útskýrir Magnús. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir við blaðið að Latibær geti sparað þjóðum heims mikil fjárútlát vegna offitu.



**GÓÐ UMFJÖLLUN** Magnús Scheving og Latibær fá jákvæða umfjöllun í stórblaðinu TIME.

Bates hefur eftir Brown Johnson, yfirmanni hjá Nickelodeon-sjónvarpsstöðinni að Magnús hafi komið á fund hennar, staðið á höndum og fótum og þegar þau hafi verið að ræða framleiðslu á þáttunum hafi hann tekið sitt víðfræga spígathopp. Þá hafi sannfærst um að þau yrðu að tryggja sér þjónustu hans. Undir lok greinarinnar kemur fram að Magnús sé á þönum allt árið og honum gefist lítill tími til að slaka á. „Magnús heimsótti í mars níu lönd á ellefu dögum og átti fundi með yfirmönnum Wal-Mart auk þess að hitta heilbrigðisráðherra og aðra stjórnmálamenn á þessum stutta tíma. Kökukóngar heimsins; dagar ykkar eru taldir,“ skrifar Bates í lok greinarinnar. - fgg

# Laddi á DVD

„Já, ég ætla að gefa þetta út á DVD um leið og sjóvið er búið og hætt,“ segir Þórhallur Sigurðsson – Laddi. Sýningin Laddi sextugur hefur nú verið sýnd 106 sinnum síðan Laddi varð sextugur hinn 20. janúar árið 2007. DVD-diskurinn mun hafa að geyma upptökur frá fjölmörgum kvöldum, þeirra á meðal er hundraðasta sýningin. „Þá voru Björgvin Halldórsson og Sigga Beinteins með mér. Svo kom Bryndís Schram og ræddi aðeins við Þórð húsvörð,“ segir Laddi og telur nauðsynlegt að upptökurnar séu frá mörgum sýningum. „Sjóvið þróast og breytist stöðugt. Svo er líka sýnt á bakvið þegar ég er að skipta um föt. Það er oft mikil keyrsla.“

Nú er Laddi 61 árs en þó sér ekki enn fyrir endann á sýningunni.



**LADDI** Ætlar að gefa út DVD-disk með Laddi sextugur þegar sýningum lýkur. Hvenær sem það nú verður.

„Það eru þrjár sýningar eftir fyrir sumarfrí og það er uppselt,“ segir Laddi sem nú er farinn í sumarfrí. „Síðan ætlum við að sjá hvort Borgarleikhúsið verður eitthvað laust í haust.“ Hann vonar að diskurinn komi út fyrir jólin en segist þó engu geta lofað um það. - shs

# Þjáist af sviðsskrekk

Leik- og söngkonan Scarlett Johansson hefur viðurkennt að hún þjáist af sviðsskrekk. Nýverið gaf hún út sína fyrstu plötu, Anywhere I Lay My Head, með lögum eftir Tom Waits. Segist hún hafa áhuga á að flytja lögin á tónlistarhátíðum í sumar en veit ekki hvort hún leggi í það.

„Ég hef hræðilega mikinn sviðsskrekk þannig að ég yrði að komast yfir hann. Fólk hefur beðið mig um að spila og ég segist alltaf ætla að hugsa um það,“ segir Scarlett. „Þegar ég spái síðan betur í það byrja ég að svitna, fæ óþægilega tilfinningu og mig fer að klæja í hálsinn.“



**SCARLETT JOHANSSON** Scarlett hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Anywhere I Lay My Head.

# Skilnaður loksins klár

**Skilnaður Kiefer Sutherland við Elizabeth Kelly Winn er loksins genginn í gegn, fjórum árum eftir að leikarinn sótti um hann. Sutherland og Winn giftust árið 1996 en hættu saman þremur árum síðar.**

**Sutherland var áður kvæntur leikkonunni Cameliu Kath til þriggja ára og á með henni eina dóttur. Hann var einnig trúlofaður leikkonunni Juliu Roberts, sem lék á móti honum í myndinni Flatliners. Sutherland er þekktastur fyrir hlutverk sitt í spennuþáttaröðinni 24.**







Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 6, 8 og 10.30 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 8 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 5.50, 8 og 10.30 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |



ÓDÝRARA MIÐAVERÐ Á MIDI.IS



ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| U2 3D | kl. 10:30/3D | L |
| IRON MAN DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:50 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 6 | L |
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 6/3D | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:50 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | L |
| MAID OF HONOR | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10:10 | 12 |
| RUINS | kl. 10:10 | 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN | kl. 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIM'S ISLAND | kl. 8 | L |
| IRON MAN | kl. 10 | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Þreytt í brosvöðvunum

**Dr. Gunni er enn í Belgrad og eltir Eurobandið á röndum. Stóra stundin er á morgun.**



**FUNHEITIR STRAUMAR** Eurobandið er þétt og kraftmikið enda búið að spila saman í tvö ár. Regína Ósk og Friðrik Ómar voru í miklu stuði í Íslandspartíinu á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maður er í stöðugri lífshættu í Belgrad. Allir reykja, alls staðar, og ég á enn eftir að koma í leigubíl með öryggisbelti. Borgin er grá og guggin við fyrstu sýn, með sótsvartar Sovétblokkir og forljóta húsklumpa sem troðið hefur verið við hliðina á eldri fallegri húsum – dálítið eins og Reykjavík – en eftir tvo daga er maður hættur að pæla í þessu og sér bara vinalegt fólk og eldgamla kunningja af götum Reykjavíkur; Trabant, Yugo og fleiri skrjóða. Ég keypti hálft kíló af kirsuberjum á 70 kall og sundskýlu á 200 kall – ekkert okur hér.

Aðalmálið á mánudaginn var Íslandspartí með Eurobandinu í Magacin-klúbbnum við bakka Sövu. Ég hélt þetta yrði aðallega ég og blaðamaðurinn frá Mogganum, en það var nú eitthvað annað: pleisið troðfullt af alls konar liði og allir í gríðargóðu stuði. Grétar Örvarsson hafði staðið sveittur við að skipuleggja geimið og sá nú árangur erfiðisins. Guðmundur Árni Stefánsson, ræðismaður Íslands í Serbíu, tók í spaðann á gestum, boðið var upp á íslenskt brennivín og Íslandskynning rúllaði á risatjaldi.

Strokkur gaus á tjaldinu þegar söngdúettinn gekk í hús. Allir sem héldu á myndavél tóku æði. Friðrik og Regína stilltu sér upp og flössin brunnu. Ég spurði Regínu hvernig hún hefði það. „Ég verð nú að viðurkenna að ég er orðin ansi þreytt í brosvöðvunum,“ sagði söngkonan og brosti enn meira. Hvað annað.

Skömmu síðar voru þau komin upp á svið með Eurobandinu og svo var dælt út eurosmellunum við fádæma hrifningu gesta. Ef hitt klikkar getur Eurobandið túrað með prógrammið sitt um Evrópu. Eftir fimmtán smelli í beit tóku þau This Is My Life og þá varð auðvitað allt enn vitlausara en áður.

Ég spurði enskt euronörd, sem er mikill aðdáandi Íslands í keppninni og hefur komið til Íslands til að vera við úrslit forkeppna, hvaða séns við ættum. „Ef lagið hefði keppt í gær hefðuð þið flogið í gegn,“ sagði hann. „Riðillinn á morgun er miklu erfiðari, það eru miklu betri lög í honum. Maður sér ekki alveg hvaðan atkvæðin ykkar eiga að koma. En maður vonar það besta.“

gunnarh@frettabladid.is



**FRIÐRIK ÓMAR MEÐ SIMON MATHEW** Daninn tók lagið sitt á Eurobandinu, en átti ekki séns í þau. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HRESSAR STELPUR** Hera Björk, Birna og Guðfinna Björnsdætur og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir í Íslandspartíinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sparaðu með Miele

MIELE ÞVOTTAVÉL
- fjárfesting sem borgar sig

MIELE TILBOÐ NR. 1
Þvottavél W1514 kr. 124.995
Þurrkari T7634 kr. 104.995
Parið kr. 229.990
Vinnustund kr. 23.00

MIELE TILBOÐ NR. 2
Þvottavél W1514 kr. 124.995
Þurrkari T7644C* kr. 114.995
Parið kr. 239.990
Vinnustund kr. 24.00

MIELE TILBOÐ NR. 3
Þvottavél W1714 kr. 139.995
Þurrkari T7634 kr. 104.995
Parið kr. 244.990
Vinnustund kr. 24.50

MIELE TILBOÐ NR. 4
Þvottavél W1714 kr. 139.995
Þurrkari T7644C* kr. 114.995
Parið kr. 254.990
Vinnustund kr. 25.50

*Þurrkari m. þétti

Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta parið
Í upphafi skal endinn skoða!




Miele




Miele þvottavélar eru prófaðar til að endast í 10.000 klst.

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

DÆMI FRÁ MIELE:
Þvottavél og þurrkari með þétti kr. 239.990/10.000 vinnustundir = kr. 24,00 hver vinnustund.

DÆMI FRÁ SAMKEPPNISAÐILA:
Þvottavél og þurrkari kr. 189.000/6.000 vinnustundir = kr. 32,50 hver vinnusund.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Íslandi spáð áttunda sætinu

Íslandi er spáð áttunda sæti í Eurovision af þeim evrópsku Eurovision-spekingum sem BBC leitaði til á dögunum. Einn spekingur frá hverju þátttökulandi tók þátt í könnuninni með því að gefa uppáhaldslögum sínum stig eftir hefðbundnu Eurovision-stigakerfi. Samkvæmt þeim hreppir Ísland áttunda sætið í keppninni, en í efsta sætinu er engin önnur en Selmuskelfirinn Charlotte Perrelli frá Svíþjóð, sem í ár syngur lagið Hero.

Perrelli hlaut alls 245 stig og hefur þar með 62 stiga forskot á Ani Lorak frá Úkraínu sem er í öðru sæti með lagið Shady Lady. Á hæla hennar kemur Paolo Meneguzzi frá Sviss með Era Stupendo, þá hin serbneska Jelena Tomasevic með Oro og í fimmta sæti er Rússinn Dima Belan með Believe. Hin fimm sætin á topp tíu-listanum skipa Portúgal, Armenía, Noregur og Grikkland.

Ef svo fer að Perelli vinnur keppnina í ár brýtur hún blað í sögu Eurovision með því að verða fyrsta konan til að vinna keppnina tvisvar. Johnny Logan er sem stendur eini maðurinn sem hefur unnið hana oftar en einu sinni, en hann söng sig til sigurs fyrir Írland árin 1980 og 1989 og samdi vinningslagið árið 1992. **- sun**



**EUROBANDIÐ ÁFRAM?** Sé eitthvað að marka álit þeirra evrópsku spekinga sem BBC leitaði til ætti Eurobandið að fljúga upp úr forkeppninni og beint inn í áttunda sætið í úrslitunum á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þyngra hjá Mammút

Hljómsveitin Mammút hefur setið í efsta sæti X-Dominos-listans tvær vikur í röð með lag sitt Svefnsýkt. Lagið verður að finna á annarri plötu sveitarinnar sem er væntanleg í júní.

„Við erum himinlifandi. Við vissum ekki hvernig fólk tæki þessu. Fólk er að tala um að þetta lag sameini rokkið og poppið. Það er dálítið hart en samt með poppuðu viðlagi. Við erum mjög sátt við þetta lag," segir Arnar Pétursson, gítarleikari Mammút.

Upptökur á nýju plötunni hefjast í lok maí og munu þær ganga hratt fyrir sig, rétt eins og með fyrstu plötu sveitarinnar sem kom út fyrir tveimur árum. „Fyrsta platan var með lögum sem við höfðum samið alveg frá upphafi. Hún var meira poppuð en þessi nýju lög eru komin út í aðeins harðara rokk og dimmara sánd," segir Arnar.

Fram undan hjá Mammút er tónleikaferð um landið í sumar þar sem önnur hljómsveit verður með í för. Í júlí spilar sveitin á Eistnaflugi í Neskaupstað og í ágúst spilar hún síðan á tónlistarhátíð í Sviss. **- fb**



**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút hefur hitt í mark með sínu nýjasta lagi, Svefnsýkt.

# Edda kveður

„Ég hef allavega ekki fundið neitt verk síðustu ár sem hefur gengið eins vel, fyrir utan Hellisbúann hans Bjarna Hauks," segir Edda Björgvinsdóttir sem leikur einleik í sýningunni Alveg brilljant skilnaður í Borgarleikhúsinu, en leikritið hefur nú verið sýnt 165 sinnum á fjórum leikárum.



**VELGENGNI** Rúmlega 30.000 manns hafa séð Eddu í Alveg brilljant skilnaði.

„Það hefur selst upp á allar sýningarnar frá 2005 og nú er komið að lokum, en vegna fjölda áskorana var ákveðið að bjóða upp á tvær lokasýningar, annað kvöld og á föstudaginn," segir Edda og bætir við að margir punktar í verkinu hræri verulega í hjörtum fólks. „Það er alveg sama hvort kynið er og á hvaða aldri fólk er, fólk fær brjálæðisleg hlátursköst af því það þekkir svo vel tilfinningarnar sem konan er að ganga í gegnum á sviðinu," segir Edda að lokum. **- ag**

# Leikstýra Tinna saman

**Steven Spielberg segir að hann muni líklega leikstýra þriðju kvikmyndinni um Tinna ásamt Peter Jackson. Þegar hefur verið greint frá því að Spielberg leikstýri fyrstu myndinni og Jackson þeirri næstu.**

**Orðrómur hafði verið uppi um að George Lucas eða James Cameron myndu leikstýra þriðju myndinni en hann virðist ekki hafa verið á rökum reistur. Tökur á fyrstu tveimur myndunum hefjast síðar á þessu ári. Með hlutverk Tinna fer Thomas Sangster auk þess sem Andy Serkis, öðru nafni Gollum, verður í leikaraliðinu.**







## > Arnór Atlason danskur meistari

Arnór Atlason og félagar hans í FC Kaupmannahöfn urðu í gær danskir meistarar. Kaupmannahafnarliðið gerði 31-31 jafntefli við GOG sem Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson leika með. Arnór hafði betur í þessum Íslendingaslag en þetta er fyrsti meistaratitill FCK í sögu félagsins. Arnór skoraði fjögur mörk en liðið var meðal annars undir 25-19. GOG missti menn ítrekað af velli sem var dýrt fyrir það og eftir 36-29 sigur í fyrri leiknum stóð FCK uppi með titilinn. Snorri Steinn átti góðan leik fyrir GOG og skoraði átta mörk en Ásgeir Örn komst ekki á blað.



**sport**

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMARKMAÐURINN BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON: ER Á LEIÐINNI AFTUR Í HAUKA

# Haukar fyrsti kostur vilji þeir mig aftur

Landsliðsmarkmaðurinn Birkir Ívar Guðmundsson mun að öllum líkindum skrifa undir samning við sitt gamla félag Hauka í bráð. „Ég er ekki búinn að skrifa undir en ég fer væntanlega til Hauka," sagði Birkir. Hann útilokar þó ekki að vera áfram í atvinnumennsku en hann verður ekki áfram hjá Lübbecke, sem hann féll með úr þýsku úrvalsdeildinni um liðna helgi.

„Ef ég á að vera áfram úti verður það að vera á réttum forsendum og hjá góðu liði. Ég nenni ekki að taka þátt í svona botnbaráttuslag aftur. Auðvitað er möguleiki á því en maður velur það ekki yfir sig. En eins og staðan er núna er ég á heimleið en þetta er auðvitað fljótt að breytast," sagði Birkir, sem viðurkennir að tímabilið hafi verið honum vonbrigði.

Birkir segir að fjöldi liða hafi verið í sambandi við hann en stóra spurningin er hvort Haukarnir hafi viljað hann aftur. Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, staðfesti að viðræðurnar væru í gangi. „Auðvitað höfum við áhuga á því að fá gamlan Haukamann aftur, hann stóð sig vel hérna áður en hann fór," sagði Aron.

Birkir Ívar var ekki í vafa um hvert hann langaði. „Haukar voru alltaf fyrsti kostur. Ég kom hreint fram við þau félög sem töluðu við mig og sagði þeim að Haukar væru kostur númer eitt," sagði Birkir.

Aron sagði að það væri ánægjulegt að heyra að hugur Birkis lægi hjá sínu gamla félagi. „Hann hefur fengið enn meiri reynslu úti, gegn betri skyttum og svo framvegis," sagði Aron en ítrekaði að ekki væri búið að skrifa undir samninginn.

Aron sagði einnig að Magnús Sigmundsson færi frá Haukum ef Birkir kæmi og taldi jafnvel að hann gæti hætt handboltaiðkun.

Birkir Ívar er í íslenska landsliðshópnum sem undirbýr sig nú fyrir undankeppnir HM og ÓL sem fram undan eru.



**KR 1-2 Breiðablik**

KR-völlur, áhorf.: 2123 — Magnús Þórisson (6)

*0-1 Nenad Zivanovic (8.)*
*0-2 Nenad Zivanovic (10.)*
*1-2 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–8 (5–4) |
| Varin skot | Kristján 1 – Casper 4 |
| Horn | 1–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–15 |
| Rangstöður | 1–0 |

| **KR** 4–4–2 | | **BREIÐAB.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kristján Finnbogas. | 5 | Casper Jacobsen | 6 |
| Eggert R. Einarsson | 5 | Árni Kr. Gunnarsson | 7 |
| Gunnlaugur Jónsson | 6 | Guðmann Þórisson | 7 |
| Grétar S. Sigurðsson | 6 | Srjadan Gasic | 7 |
| Guðmundur R. Gunn. | 6 | Kristinn Jónsson | 7 |
| Gunnar Örn Jónsson | 6 | ***Nenad Zivanovic** | **7** |
| (64., Ingimundur Ó. | 4) | (66., Magnús P. Gunn. | 4) |
| Jónas G. Sævarsson | 7 | Nenad Petrovic | 6 |
| Viktor B. Arnarsson | 7 | Arnar Grétarsson | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 2 | Jóhann B. Guðmunds. | 7 |
| Björgólfur Takefusa | 6 | Steinþór Þorsteinsson | 3 |
| (64. Guðmundur P. | 4) | Marel Baldvinsson | 5 |
| Guðjón Baldvinsson | 5 | (88., Prince Rajcomar | -) |

**Maður leiksins*

**ÍA 1-0 Fram**

Akranesvöllur, áhorf.: 1033 — Einar Daníelsson (3)

*1-0 sjálfsmark (44.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–10 (2–3) |
| Varin skot | Esper 3 – Hannes 2 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–16 |
| Rangstöður | 0–2 |

| **ÍA** 4–5–1 | | **FRAM** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| ***Esben Madsen** | **7** | Hannes Halldórsson | 6 |
| Heimir Einarsson | 6 | Óðinn Árnason | 6 |
| Árni Thor Guðmunds. | 7 | Auðun Helgason | 5 |
| Dario Cingel | 6 | Reynir Leósson | 5 |
| Guðjón H. Sveinsson | 4 | Sam Tillen | 4 |
| Þórður Guðjónsson | 5 | Paul McShane | 6 |
| (60., Svadumovic | 6) | (89. Joe Tillen | -) |
| Bjarni Guðjónsson | 7 | Daði Guðmundsson | 5 |
| Helgi P. Magnússon | 6 | (75., Ingvar Ólason | -) |
| Igor Bilokapic | 5 | Heiðar G. Júlíusson | 7 |
| Andri Júlíusson | 6 | Halldór H. Jónsson | 6 |
| (82., Atli Guðjónsson | -) | Ívar Björnsson | 7 |
| Stefán Þórðarson | 6 | Hjálmar Þórarinsson | 5 |
| (66., Björn Sigurðar. | 6) | | |

**Maður leiksins*

**STAÐAN**

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjölnir** | **3** | **3** | **0** | **0** | **6-1** | **9** |
| Keflavík | 3 | 3 | 0 | 0 | 9-5 | 9 |
| **FH** | **3** | **2** | **1** | **0** | **10-4** | **7** |
| Fram | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-1 | 6 |
| **Breiðablik** | **3** | **1** | **2** | **0** | **3-2** | **5** |
| ÍA | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-3 | 4 |
| **KR** | **3** | **1** | **0** | **2** | **5-5** | **3** |
| Valur | 3 | 1 | 0 | 2 | 6-7 | 3 |
| **Fylkir** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-5** | **3** |
| Þróttur | 3 | 0 | 2 | 1 | 4-7 | 2 |
| **Grindavík** | **3** | **0** | **0** | **3** | **1-7** | **0** |
| HK | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-8 | 0 |

# Vegleg afmælisgjöf Blika til Ólafs

**Jafntefliskóngarnir úr Breiðablik færðu þjálfara sínum, Ólafi Kristjánssyni, veglega gjöf á fertugsafmælinu með því að sigra KR vestur í bæ í gær, 2-1. Blikarnir nýttu færin en KR skýtur sem fyrr púðurskotum.**

**FÓTBOLTI** Fertugsafmæli Ólafs Kristjánssonar, þjálfara Blika, varð eftirminnilegt því lærisveinar hans lönduðu góðum sigri fyrir þjálfarann gegn KR. Tvö mörk á fyrstu tíu mínútunum nægði til sigurs.

Logi Ólafsson stillti upp óbreyttu liði hjá KR þriðja leikinn í röð en afmælisbarnið Ólafur gerði aftur á móti fjórar breytingar á sínu liði. Blikar byrjuðu með miklum látum og Nenad Zivanovic kom þeim yfir úr nánast fyrstu sókn Blika er hann framlengdi skalla Marels eftir hornspyrnu og kom Blikum yfir. Aðeins tveim mínútum síðar fékk Zivanovic síðan boltann í teignum og lagði hann laglega í fjærhornið. 2-0 fyrir Blika og tvö af þrem skotum liðsins í marki KR-liðsins.

KR-ingar voru eðlilega slegnir en lögðu ekki árar í bát og hófu að sækja grimmt en Blikar lögðust frekar aftarlega á völlinn og það eðlilega. Björgólfur fékk dauðafæri mínútu eftir annað mark Blika en skot hans var arfaslakt. Mark þarna hefði breytt miklu fyrir KR. Björgólfur var nokkuð líflegur í hálfleiknum, kom sér í færi sem hann fór illa með.

Fyrrum Blikinn Gunnar Örn var duglegur á vængnum, sótti grimmt á bakverði Blika en hafði ekki erindi sem erfiði og kom fáum boltum frá sér á samherja. Á hinum vængnum var Óskar Örn meðvitundarlaus og gerði nákvæmlega ekkert af viti. Vörn Blika var sterk og stóð af sér öll áhlaup nokkuð spræks KR-inga.

Blikarnir pökkuðu algjörlega í vörn í síðari hálfleik. KR fékk þrjú álitleg færi á fyrstu 20 mínútum síðari hálfleiks en sem fyrr skutu sóknarmenn liðsins púðurskotum. Í kjölfarið fjaraði algjörlega undan sóknarleik liðsins og það var nákvæmlega ekkert að gerast hjá liðinu þegar Grétar Sigfinnur minnkaði muninn með laglegu marki þegar tíu mínútur lifðu leiks. Dauðakippir KR voru ekki sterkir en Guðjón fékk dauðafæri í uppbótartíma en Casper varði vel.

KR-liðið fer því illa af stað í ár rétt eins og í fyrra og Logi Ólafsson virðist finna fyrir pressunni því hann messaði hressilega yfir dómaranum í lok leiks. Tapið var ekki dómaranum að kenna heldur er vandamál KR kunnuglegt – liðið nýtir ekki færin og skorar of lítið.

Liðið er að spila vel út á velli. Viktor og Jónas eru verulega öflugir á miðjunni, skapa mikið en leikmönnum eru ítrekað mislagðir fætur fyrir framan markið.

Blikar voru vel skipulagðir í þessum leik. Aftasta línan öflug og Petrovic seigur á miðjunni. Jóhann Berg er síðan að stimpla sig inn sem einn skemmtilegasti leikmaður deildarinnar. Blikar nýttu færin í gær og þar skildi á milli.

„Þetta var góð gjöf og strákarnir áttu þetta skilið. Ég ætla ekkert að éta kökuna einn. Við spiluðum aðeins öðruvísi leik en venjulega, þetta var aðeins hrárra og meiri „metall" í þessu en oft áður. Ég hef átt 40 góða afmælisdaga og þessi var sætur," sagði brosmilt afmælisbarn, Ólafur Kristjánsson.

Logi Ólafsson var eðlilega ekki kátur í leikslok. „Undir venjulegum kringumstæðum hefðum við átt að klára færin betur. Við gefum tvö mörk í forskot, erum ekki nógu einbeittir og vandamálið lá þar. Þetta tap er súrt rétt eins og gegn Fjölni. Við verðum greinilega að æfa betur," sagði Logi.

**- hbg / - óój**



**HÖRKUBARÁTTA** Gunnlaugur Jónsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson, miðverðir KR, verjast hér sóknaratlögu Blika. Viktor Bjarki fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍA vann sinn fyrsta leik í Landsbankadeild karla í sumar þegar Fram kom í heimsókn:

# Sjálfsmark Auðuns tryggði ÍA öll stigin

**FÓTBOLTI** ÍA vann sinn fyrsta leik í Landsbankadeild karla í sumar þegar liðið lagði Fram, 1-0, á Akranesi. Sjálfsmark Auðuns Helgasonar skildi liðin að í leik þar sem markmenn liðanna sáu til þess að ekki voru fleiri mörk skoruð.

Fram átti tvö góð tækifæri til að komast yfir í fyrri hálfleik en Fram var mun aðgangsharðara framan af leik. Skagamenn komust inn í leikinn þegar langt var liðið af hálfleiknum og hefði átt að komast yfir þegar Andri Júlíusson skaut framhjá úr dauðafæri fremur mínútum fyrir leikhlé.

Það kom ekki að sök fyrir ÍA því Auðun Helgason sendi boltann í eigið net tveimur mínútum síðar eftir sendingu Þórðar Guðjónssonar frá hægri. Klaufalegt mark og ÍA var 1-0 yfir í hálfleik.

Síðari hálfleikur fór afar rólega af stað og það var ekki fyrr en 25 mínútur voru liðnar af honum að liðin fóru að hressast. Ívar Björnsson átti skot í stöngina á marki ÍA og hinum megin átti varamaðurinn Björn Bergmann Sigurðarson góðan sprett sem endaði með dauðafæri Igor Bilokapic en inn vildi boltinn ekki.

Dramatíkin náði hámarki þegar tæpar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. Heiðar Geir Júlíusson átti þá gott skot af 20 metra færi sem Esben Madsen varði frábærlega í horn. Lokatölur því 1-0 fyrir ÍA.

Guðjón Þórðarson, þjálfari Skagamanna, var að vonum ánægður með að lið sitt næði að brjóta ísinn og landa sínum fyrsta sigri á tímabilinu gegn liði sem hafði sigrað tvo fyrstu leiki sína.

„Við vissum að þetta yrði erfiður leikur. Það var mikilvægt að vinna heimasigurinn eftir svona bratta byrjun. Við breyttum aðeins um aðferðafræði og mannskap og það virtist ganga ágætlega. Það tók okkur smátíma að vinna okkur inn í leikinn en það tókst. Markvörður okkar varði í tvígang vel en við fengum fín færi."

„Það var fyrst og fremst mikilvægt að brjóta stressið í byrjun mótsins og ná að landa sigrinum. Ég þóttist vita að Fram gæti valdið okkur erfiðleikum sem þeir og gerðu. Þeir eru með sterkt og vel skipulagt lið. En við héldum hreinu og það var mjög mikilvægt. Ég var alveg rólegur þó það lægi á okkur hérna í restina. Það er oft þannig að þegar það er sótt á okkur þá skapast færi í hinn endann," sagði Guðjón sem spáði því fyrir mót að Fram yrði það lið sem kæmi hvað mest á óvart sem hann segir vera að ganga eftir.

**- gmi**



**BRJÁLAÐIR BRÆÐUR** Þórður og Bjarni Guðjónssynir, ásamt Árna Thor, ósáttir með Einar Örn dómara sem átti ekki góðan dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON



**HRESSIR** Það má alveg búast við fjöri á Rauða torginu í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Öryggismál í Moskvuborg:

## Enginn má vera fullur á leiknum

**FÓTBOLTI** Igor Konovalov, yfirmaður öryggismála í Moskvu, varar stuðningsmenn Manchester United og Chelsea sérstaklega við því að drekka á almannafæri.

Sérstakir lögreglumenn verða á vakt sem ferðast um borgina og leita uppi drukna menn sem þeir síðan senda á sérstaka staði þar sem er látið renna af þeim.

„Ef okkar lög verða brotin beitum við okkar refsingum án nokkurra undantekna. Ef stuðningsmenn eru undir áhrifum, þá þarf enginn að hafa áhyggjur því við gerum þá edrú. Það má enginn koma á leikinn eða inn í borgina fullur,“ sagði Konovalov, sem á fram undan langt og erfitt kvöld. - óój

Slóvaki dæmir leikinn:

## Slæmar minningar Chelsea

**FÓTBOLTI** Slóvakinn Lubos Michel dæmir leikinn í kvöld en það var einmitt hann sem dæmdi undanúrslitaleikinn umdeilda fyrir þremur árum þegar Liverpool vann 1-0 sigur á Chelsea.

Spánverjinn Luis Garcia skoraði sigurmarkið í leiknum sem er kallað draugamarkið því boltinn virtist aldrei fara yfir línuna. Markið dugði Liverpool hins vegar til þess að komast í úrslitaleikinn þar sem liðið vann AC Milan í vítakeppni.

Chelsea-menn hafa því ekki góðar minningar frá síðasta leik sem hann dæmdi hjá þeim. Michel hefur mikla reynslu og er að dæma sinn annan úrslitaleik í Evrópukeppni en hann dæmdi úrslitaleik Porto og Chelsea í UEFA-bikarnum 2003. - óój



**ALLT Á FULLU** Skipt var um gras fyrir aðeins fimmtán dögum. NORDICPHOTOS/GETTY

Luzhniki-völlurinn í Moskvu:

## Er leikvöllurinn hættulegur?

**FÓTBOLTI** Þeir eru margir sem hafa áhyggjur af ástandi Luzhnikivellinum í Moskvu fyrir leikinn í kvöld. Heimamenn þurftu að skipta um undirlag fyrir leikinn þar sem völlurinn var gervigrasvöllur að upplagi. Margir hafa stigið fram og opinberað áhyggjur sínar og sumir segja völlinn vera hættulegan.

Rússarnir lögðu nýtt gras í október síðastliðnum en það tókst ekki betur en svo að ákveðið að rífa upp það aftur fyrir aðeins fimmtán dögum og leggja nýtt gras sem var fengið frá Slóvakíu.

Enski vallarsérfræðingurinn Matt Frost lofaði öllu fögru þegar hann var kallaður til starfa en nú er ekki eins gott hljóð í honum.

„Völlurinn er viðunandi en jafnframt er hann mikil persónuleg vonbrigði. Ég ætlaði mér meira en sem betur fer fékk ég þá til þess að skipta um gras því það gamla hefði verið hörmung,“ sagði Frost. - óój

Úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu milli Manchester United og Chelsea fer fram í Moskvuborg í kvöld:

# Eignast London loksins Evrópumeistara?

**FÓTBOLTI** Það er stór dagur í fótboltanum í dag þegar Manchester United og Chelsea spila til úrslita í Evrópukeppni meistaraliða en leikurinn fer fram á Luzhniki-vellinum í Moskvu og hefst klukkan 18.45 í kvöld.

Chelsea getur orðið fyrsta Lundúnaliðið til þess að vinna Meistaradeild Evrópu en það er ljóst að England eignast sína elleftu meistara í þessum fyrsta enska úrslitaleik í sögu keppninnar. Með því jafnar England met Ítala og Spánverja sem eiga einnig ellefu meistara hvor þjóð. Fjögur ensk lið hafa unnið titilinn en þau koma öll utan höfuðborgarinnar og mótherjarnir úr



**FYRIR NÍU ÁRUM** Sir Alex Fergusson fagnar sigri sinna manna á Nývangi árið 1999. NORDICPHOTOS/GETTY

Manchester United geta unnið Evrópubikarinn í þriðja sinn.

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United vill ekki gefa upp liðið en hann tók 24 menn með sér til Moskvu. „Ég þekki mitt lið en ég hef ekki valið byrjunarliðið. Það verða mjög góðir leikmenn á bekknum og það er ekki gaman að þurfa að segja þeim það,“ sagði Ferguson.

Menn telja það líklegt að Paul Scholes fái að spila leikinn en hann var í leikbanni þegar Manchester vann Evrópubikarinn 1999. Það er meiri óvissa í kringum fyrirliðann Ryan Giggs sem bætir leikjamet sitt og Bobby Charlton spili hann í kvöld. Cristiano Ronaldo verður aftur á móti örugglega í byrjunarliðinu en hann er markahæsti leikmaður Meistaradeildarinnar í vetur með 7 mörk og hefur alls skoraði 41 mark á tímabilinu.

„Það þekkja allir alla í þessum liðum og ég held að Sir Alex komi mér ekki á óvart frekar en að ég komi honum á óvart. Við þekkjum bæði þeirra veikleika og styrkleika og það er heldur ekki erfitt að koma mönnum upp á tærnar,“ sagði Avram Grant, stjóri Chelsea, og bætti við:

„Við erum komnir í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem er frábært afrek en við viljum meira,“ segir Grant, sem á að geta telft fram þeim Ricardo Carvalho, John Terry og Didier Drogba sem allir eru að vinna sig út úr meiðslum. - óój



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Kristanna Loken**

Loken er af norskum ættum. Hún lék m.a. vélmennið T-X í þriðju Terminator-myndinni en þar kom hún kom fram á Evuklæðunum og barðist við Tortímandann sem var leikinn af Arnold Schwarzenegger. Loken leikur í myndinni Air Panic sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

dagsk

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LENTI MILLI FYRRVERANDI HJÓNA

# Aumingjahrollur eftir kvöldmat



Það var óneitanlega svolítið óþægilegt að sjá þau Jón Ársæl og Evu Maríu misnota sig svona herfilega á sunnudagskvöld þegar Jakob Frímann Magnússon og Ragnhildur Gísladóttir voru í persónulegu viðtali hvort á sinni sjónvarpsrásinni og Bryndís Jakobsdóttir á þeim báðum svona í endann á vikunni sem hún gaf út fyrsta diskinn sinn – blessuð. Jakob og frú Ragnhildur voru sjálfum sér lík, hann ljómandi af þeirri sigurvissu sem ekkert hefur látið undan í volkinu í sjóbisniss á örmarkaði, hún alltaf jafn kurteislega hlédræg utan þess vettvangs sem hún virðist nú hafa yfirgefið um fullt og fast, stöðuna við míkrófóninn á ballinu.

Enda var maður ekki gripinn aumingjahrollinum nema þegar þau Jón og Eva tóku snörpustu sprettina í sinni sérstöku og vinsælu einlægni – ekki dettur manni í hug eitt augnablik að fasið það sé annað en feik. En svo fer fólki sem lengi er við upptökuvélina að því lætur best að látast. Þau eru bæði heldur grunnir spyrjendur – líkast til vegna þess að þau vilja umfram allt vera þægilegir spyrjendur og svona líka skemmtileg. Kátína hennar og kotroskinn og skrúðmælginn stíll hans eru eins og slaufa og glanspappír á gjöf: umbúðir.

Samviskusemi rak mann til að elta uppi slitrur með áköfum tilfærslum milli plússtöðvanna en mikið var maður litlu nær eftir þetta allt, utan samúðar með þessum opinberu persónum. En gangi þeim vel nú þegar aldurinn er meira en miðjaður.

**FJÖLMIÐLAR** Ragnhildur Gísladóttir tónskáld.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.15** X-Files STÖÐ 2 EXTRA



**21.20** Bardaginn mikli STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.50** NÝTT - How to Look Good Naked SKJÁREINN



▶ **21.55** Medium STÖÐ 2



▶ **22.25** No Direction Home: Bob Dylan SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**13.45 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 - forkeppni** (e)
**15.45 Alla leið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum** (e)
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fæðingarheimilið** Bandarísk þáttaröð. Addison heimsækir gömul skólasystkini sín í Kaliforníu og bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.
**20.55 Hrúturinn Hreinn** Hreyfimyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna.
**21.10 Tvö á tali** Bresk þáttaröð um útvarpsmanninn Mitch Moore sem veður í kvenfólki en er yfir sig hrifinn af kærustu besta vinar síns.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Bob Dylan** Seinni hluti heimildamyndar í tveimur hlutum eftir Martin Scorsese um bandaríska söngvaskáldið Bob Dylan og feril hans á árunum 1961-1966.
**23.55 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Air Panic**
**08.00 Rasmus fer á flakk**
**10.00 The Commitments**
**12.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3**
**14.00 Rasmus fer á flakk**
**16.00 The Commitments**
**18.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3**
**20.00 Air Panic** Röð hörmulegra flugslysa veldur yfirvöldum miklum áhyggjum. Hér ráða ekki tilviljanir ferðinni.
**22.00 Into the Blue**
**00.00 Twitches**
**02.00 Eulogy**
**04.00 Into the Blue**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Homefront**
**10.55 Matur og lífsstíll**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters**
**14.00 Wife Swap**
**14.45 Grey's Anatomy**
**15.30 Friends**
**15.55 Skrímslaspilið**
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tracey McBean**
**16.53 Könnuðurinn Dóra**
**17.18 Ruff's Patch**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends**
**20.20 Tim Gunn's Guide to Style**
**21.10 Grey's Anatomy** Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi.
▶**21.55 Medium** Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum.
**22.40 Bestu Stelpurnar**
**23.05 American Idol Undanúrslit** Komið er að því að finna sjöundu Idolstjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.
**00.00 American Idol - úrslit, bein útsending**
**02.00 Grey's Anatomy**
**02.45 Zhou Yu's Train** Leikstjóri: Zhou Sun. 2002.
**04.15 Rome (3:10)**
**05.10 Rome (4:10)**
**06.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** KR - Breiðablik
**11.25 Landsbankadeildin 2008** KR - Breiðablik
**13.15 Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Barcelona
**14.55 Meistaradeild Evrópu** Chelsea - Liverpool
**17.15 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur um Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar.
**17.45 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu Man. Utd - Chelsea** Bein útsending frá úrslitaleiknum.
**21.00 Meistaradeildin** Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.
▶**21.20 Bardaginn mikli** Sugar Ray Robinson gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum.
**22.15 Meistaradeild** Evrópu Man. Utd - Chelsea
**00.05 Meistaradeildin** Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.45 Bestu leikirnir** Man. Utd - Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni.
**19.30 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.
**20.20 10 Bestu - Upphitun** Hitað upp fyrir þættina "10 bestu" en Arnar Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.
**21.10 Masters Football** Stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
**23.30 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.55 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Kid Nation** (e)
**20.10 Leiðin að titlinum** (1.2) Skemmtilegur þáttur þar sem við kynnumst stúlkunum sem taka þátt í Ungfrú Ísland 2008. Þátturinn er með nýju sniði og stúlkurnar þurfa að leysa verkefni og sýna hvað í þær er spunnið. Þær sem standa sig best hljóta verðlaun sem geta komið þeim að góðum notum á úrslitakvöldinu.
**21.00 America's Next Top Model - Lokaþáttur** Það er komið að úrslitaþættinum og stelpurnar sem eftir eru fá heimsókn frá sigurvegara síðustu þáttaraðar. Þær sitja fyrir í auglýsingu fyrir Cover Girl og sú sem stendur sig ekki í stykkinu er send heim. Þá standa eftir tvær stúlkur sem berjast um sigurinn og þurfa að sýna hvað í þær er spunnið á tískusýningu.
▶**21.50 How to Look Good Naked - NÝTT** Bandarísk þáttaröð þar sem tískulöggan Carson Kressley úr Queer Eye hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar.
**22.20 Secret Diary of a Call Girl - NÝTT** Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Þættirnir eru byggðir á dagbók starfandi vændiskonu og gefa óvenjulega innsýn í líf vændiskvenna.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.40 Boston Legal** (e)
**00.30 Jekyll (e)**
**01.20 C.S.I.**
**02.00 Vörutorg**
**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

vísir.is
...ég sá það á visir.is



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 23:00**

### American Idol – úrslitaþáttur í beinni útsendingu



Úrslitaþáttur American Idol verður í beinni útsendingu í kvöld. Flutningur keppendanna tveggja sem til úrslita keppa hefst klukkan 23 og strax að honum loknum – upp úr miðnætti – hefst bein útsending frá Los Angeles þar sem sjálf úrslitin verða tilkynnt í æsispennandi úrslitaþætti. Þetta er kærkomið tækifæri fyrir fjölmarga aðdáendur þessa vinsælasta sjónvarpsþáttar heims að fá úrslitin beint í æð en American Idol hefur verið vinsælasti þáttur stöðvar nær undantekningalaust síðan sýningar hófust í janúar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Manchester United - Chelsea Bein útsending**
**STÖÐ 2 SPORT kl. 18.30**



Nýkrýndir Englandsmeistarar Manchester United og silfurlið Chelsea mætast í sögulegum úrslitaleik Meistaradeildarinnar í Moskvu. Þetta er í fyrsta sinn sem tvö ensk lið mætast í úrslitaleiknum og Chelseamenn fá hér tækifæri til þess að hefna fyrir ófarirnar í deildinni og vinna Meistaradeildina í fyrsta sinn í sögu félagsins. United getur aftur unnið Evrópubikarinn í þriðja sinn en félagið vann fyrst árið 1968 og svo 1999 þegar liðið var einnig undir stjórn Sir Alex Ferguson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Úr Þórbergssmiðju
**23.00** Listin og landafræðin
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld Jerry**
**17.30 Rock School**
▶ **18.15 X-Files** Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** Seinfeld er farsæll uppistandandi sem nýtur mikla kvennylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Rock School**
**21.15 X-Files**
**22.00 Hell's Kitchen** Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsay, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir keppa einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsay, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningsháttt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.
**22.45 Shark** Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur.
**21.00 Ármann á alþingi** Þáttur í umsjón Ármanns Kr. Ólafssonar alþingismanns. Hann ræðir um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Guðjón Bergmann ræðir við Sigurð Erlingsson sem heldur úti vefnum Velgengni.is
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## DR 1

**10.00** DR Update **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet **11.25** Med dommeren på tur **11.50** Ha' det godt **12.20** Sporløs **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update **13.10** Dawson's Creek **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** AMIGO **15.30** Der var engang.... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen **17.00** Aftenshowet **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Danskernes Krønike **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Det Europæiske Melodi **22.00** Onsdags Lotto **22.05** OBS **22.10** Seinfeld **22.30** Kom igen **23.00** SPAM 2008

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Den lunefulle naturen **10.40** Schrödingers katt **11.35** 4•4•2: Bakrommet **12.05** Presidenten **12.50** Giro d'Italia direkte: 11. etappe **15.30** Oddasat **15.45** Historien om ... **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Veterinær på safari **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Abrahams barn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Forloveren **22.55** Neste stopp Beograd **23.20** Kulturnytt **23.30** Du skal høre mye jukeboks **1.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Så ska det låta **11.05** Mitt i naturen **11.40** Osama **13.00** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Naturnollorna **15.30** Krokodill **16.00** Bolibompa **16.10** Vad är det vi ser? **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Sagoberättaren **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Plus sommar **19.30** Morgonsoffan **20.00** Big Love **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Sthlm **22.00** Var fan är mitt band? **22.30** Sändningar från SVT24




# Goran Superform á 4 vikum

**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



*Nýtt á Íslandi*
Goran Superform matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

# Skráðu þig strax í síma 578-8200
# Námskeiðin byrja 26. maí!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta nú ekki alltaf á tónlist í vinnunni, en þegar ég geri það finn ég eitthvað sniðugt á iPhone-símanum mínum. Undanfarið hef ég aðallega verið að hlusta á nýju REM-plötuna, Accelerate. Annars er það allt frá djassi og upp í þungarokk.“*

Torfi Þór Gunnarsson tölvunarfræðingur.

# Magni prófar mottuna

„Ég er með „donut“ þessa stundina en á eftir að láta reyna á það hvort ég lít út eins og fáviti með mottu. Ég er náttúrlega sköllóttur og hvað er verra en að vera sköllóttur með þykka mottu?“ segir Magni Ásgeirsson sem mun bregða sér í gervi Freddie Mercury á Queen-tónleikum ásamt kór Fjölbrautaskóla Suðurlands í kvöld.

„Ég ætla að prófa að vera með mottu á generalprufunni, en ef ég kem þannig fram á tónleikunum er ég hræddur um að mamma afneiti mér. Ég hugsa líka að það myndi gera út um kynlíf mitt til framtíðar, allavega eins og ég vil hafa það,“ segir Magni hlæjandi.

En hvernig kom til að Magni var fenginn í verkefnið? „Ég var spurður af vini mínum sem er í hljómsveitinni sem spilar undir og sagði bara ekkert mál. Þá áttaði ég mig ekki á því hvað mörg af lögunum eru í hárri tóntegund. Það þýddi auðvitað ekkert að biðja um að láta lækka þau því kórinn var búinn að æfa þetta svo ég þurfti bara að hætta þessu helvítis væli og öskra,“ segir Magni.

„Þetta er fyrst og fremst verkefni hjá kór FSU og það verður öllu tjaldað til í íþróttahúsinu, bæði í ljósabúnaði og hljóðkerfi. Það er ekki hægt að hafa það undirlagt til lengdar svo það verða bara einir stórtónleikar, eins konar Queen tribute,“ segir Magni og útskýrir að krakkarnir fái allir einingar fyrir verkefnið.

„Það er nú alveg spurning hvort ég fæ þetta ekki metið því mér lá svo á að verða frægur og flytja til Reykjavíkur að ég kláraði ekki stúdentinn. Spurning hvort ég fari ekki bara til skólastjórans fyrir sjóvið og segist ekki taka þátt í þessu nema ég fái uppáskrifaðar einingar fyrir,“ segir Magni og hlær.

- ag



**MAGNI VERÐUR Í HLUTVERKI FREDDIE MERCURY** Öll bestu lög Queen verða flutt í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** vera til, **6.** belti, **8.** meðal, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** fótmál, **16.** pot, **17.** knæpa, **18.** lík, **20.** klaki, **21.** óvættur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blöðru, **3.** gangþófi, **4.** ölvun, **5.** kraftur, **7.** lúberja, **10.** stykki, **13.** rölt, **15.** aflast, **16.** mælieining, **19.** óður.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lifa, **6.** ól, **8.** lyf, **9.** les, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** ot, **17.** krá, **18.** hræ, **20.** ís, **21.** mara.

**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** il, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** lemstra, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** ohm, **19.** ær.

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

## ARON PÁLMI: GERIST UMBOÐSMAÐUR RAPPHLJÓMSVEITA

# Með fanganúmerið og rimlana á upphandleggnum

„Mér gengur alltaf betur og betur með íslenskuna. Ég skil hana betur en tala en finnst þetta allt vera að koma,“ segir Aron Pálmi Ágústsson en hann svarar nú símtölum á íslensku. Tæpt ár er liðið síðan að hann kom heim til Íslands eftir skelfilega fangavist í Texas og honum hefur að eigin sögn gengið vel að aðlagast breyttum aðstæðum og komast í takt við íslenskt samfélag. „Ég hef verið á íslenskunámskeiðum og það hefur svo sannarlega hjálpað til. Auðvitað tekur alltaf tíma að koma sér fyrir og ná áttum en mér líður vel,“ segir Aron sem vinnur þessa dagana hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og unir sér vel í því starfi.

En Aron hefur síður en svo gleymt fortíð sinni þrátt fyrir að vera búinn að hefja nýtt líf á Íslandi. Hann lét nýlega húðflúra fangelsisglugga auk fanganúmersins síns á upphandlegg sinn. Húðflúrið er bæði stórt og myndarlegt og ætti ekki að fara framhjá neinum þegar Aron brettir upp ermarnar. „Ég fékk mér þetta á húðflúrstofu hérna í Reykjavík,“ segir Aron. Hann er auk þess önnum kafinn við að skrifa bók um Texas Youth Commision og hafa fjölmargir alþjóðlegir útgefendur sýnt skrifum hans áhuga. „Við vonumst til að geta gefið þessa bók út á erlendum vettvangi. Fyrirtæki í London, Danmörku og Svíþjóð hafa verið í sambandi og vonandi skýrast þessi mál á næstunni.“

En það eru ekki bara bókarskrif sem eiga hug Arons allan því hann hefur verið að fikra sig áfram á tónlistarsviðinu. Hann grípur aftur á móti ekki sjálfur í hljóðfæri eða míkrófón því hann kann best við sig utan sviðsljóssins í starfi umboðsmanns. Aron er þannig með bandarísku hipphoppsveitina 409FK á sínum snærum og hefur þegar komið þeim á samning hjá útgáfufyrirtæki í Bandaríkjunum. „Auk þess hef ég verið að kynna mér íslenskar hipphopp-hljómsveitir og vonast til að geta verið þeim innan handar. Tónlistin gefur mér mikið enda alþjóðlegt tungumál.“

freyrgigja@frettabladid.is



**MYNDARLEGT HÚÐFLÚR** Aron Pálmi fékk sér fangelsisglugga á upphandlegg, nafn sitt og fanganúmer til minningar um skelfilega vist í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Menningarhátíð Grand Rokk er nú í fullum undirbúningi en hún hefst hinn 5. júní næstkomandi. Björgúlfur Egilsson heldur utan um hátíðina sem fer sístækkandi. Málverka- og bókauppboð hafa þar unnið sér fastan sess meðal annarra viðburða. Nú munu stíga á svið bæði karla- og kvennakórar Grand Rokk en heyrst hefur að Arnar nokkur Hjálmtýsson komi til með að stjórna karlakórnum. Miklar væntingar eru bundnar við Arnar enda er hann úr söngelskri fjölskyldu; hann er bróðir þeirra **Sigrúnar og Páls Óskars Hjálmtýsbarna**.



Einn stærsti viðburður hátíðarinnar fyrrnefndu er leiksýning sem sett er upp á efri hæð Grand Rokk. Sýningin í ár er byggð á leikverki **Benónýs Ægissonar** þar sem farið er ofan í saumana á sambandi Jóns Sigurðssonar forseta og Ingibjargar, frænku hans. Verkið er úr kistu Benónýs og mun hafa verið samið á námsárum hans í Danaveldi.



Væntanlega verður allt á suðupunkti innan raða Merzedes Club í kvöld þegar úrslitaleikur Meistaradeildarinnar fer fram á milli Manchester United og Chelsea. Egill „Gillzenegger“ Einarsson er rótharður United-aðdáandi á meðan félagi hans **Garðar „Gazman“ Ómarsson** styður Chelsea. Vöðvabúntin tvö munu vafalítið eiga erfitt með að hafa hemil á sér í öllum spenningnum og þarf líklega lítið til svo að upp úr sjóði.






# Kærasti Friðriks í felum í Belgrad

Íslenska sendinefndin á Eurovision er ekki fjölmenn í samanburði við flest önnur lönd. Svíarnir senda sem dæmi áttatíu manns með sinni skvísu, en RÚV bara eitthvað um fimmtán. Jónatan Garðarsson fer fyrir hópnum af röggsemi og hefur lítið sofið síðan hann kom út.

Ármann Skæringsson, kærasti Friðriks Ómars, er að sjálfsögðu með í för. Hann nemur mannfræði og kynjafræði, er flugþjónn á sumrin og er jafnvel að spá í að skrifa lokaritgerð sem leitast við að svara hinni áleitnu spurningu: Af hverju fíla hommar Eurovision svona vel? Hann skilur ekkert í því sjálfur af hverju miðaldra hommar eru mikill meirihluti þeirra sem fylgjast með keppninni af áfergju.

„Það er reyndar hálfgert leyndó hérna úti að ég sé kærasti Friðriks,“ segir hann og hlær. „Það er nefnilega miklu sterkara út á við að segja að hann sé á lausu. Ég held mig til hlés.“

- glh



**LEYNIKÆRASTINN OG MYNDBANDSSTJARNAN** Flugþjónarnir Ármann Skæringsson og Draupnir Rúnar Rúnarsson voru ferskir í Belgrad. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

heima Öndvegi

# LAGERSALA
## HEFST Á MORGUN
### RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
# 25 - 80%
### AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!



**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



## BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar Elínardóttur

# *Massa hress, megabeib*

Sígild skemmtun er að gramsa upp úrelt viðhorf og njóta þess hagstæða samanburðar sem okkur finnst tíminn hafa fært. Þannig komst ég eitt sinn yfir gamla bók sem kenndi kvenleika. Hún var uppfull af fyrirmælum um viðeigandi klæðaburð og æskilega háttsemi konunnar, einkum gagnvart eiginmanni sínum.

**REYNDAR** gleymdist að staðfæra þetta merka rit í þýðingunni, svo íslenska konan var hvött til að vaða endilega allsber í sjónum daglega, það væri svo hollt. Fyrir utan þann óvænta vinkil átti hún samt aðallega að aðgæta útlit og klæðaburð, en einnig var rík áhersla á heilsufarið því höfundur boðaði stranga megrunarkúra og hófsemi í neyslu. Muna, dömur mínar, að reykja bara aðra hverja sígarettu!

**HVAÐ** framkomu varðaði áttu konur að sýna húsbónda sínum tillitssemi og nærgætni. Rækta með sér aga við húsverkin svo þeim væri lokið þegar hann kæmi heim þreyttur af skrifstofunni. Vera auk þess búin að þrífa framan úr krakkagrísunum og stugga þeim í hljóðlátan leik sem truflaði ekki uppgefinn föðurinn. Einnig var upplagt fyrir konuna að vera sjálf snyrtileg til fara, að minnsta kosti hrifsa af sér svuntuna og smyrja varalit og þokkafullu brosi á gogginn áður en lyklinum væri snúið í skránni. Í farsælu hjónabandi gætti konan hófs í gjammi og nöldri en reyndi umfram allt að tala þýðlega til bónda síns. Eftir strembinn dag á umræddri skrifstofu er frekjuleg kona það síðasta sem maðurinn þarf á að halda.

**HÉR** um slóðir hefur dálítið vatn runnið til sjávar síðan konan var veikburða rola. Skilgreiningaráráttan er þó söm við sig og þunnildislegar alhæfingar um hina dæmigerðu konu gefa lítið meira svigrúm en áður. Enn eru fyrirmæli til kvenna um viðhorf og hegðun þjónkun við tíðarandann og leggja áherslu á almenn viðmið fyrir konur sem hjörð.

**NÚTÍMAKONAN** er sterk og sjálfstæð og lætur sér ekkert fyrir brjósti brenna. Hún er töffari út í gegn, veigrar sér ekki við að vera einstæð móðir margra barna og vindur úr hverjum kærastanum á fætur öðrum. Veður í gegnum MBA-námið með skarann á hælunum, er sístarfandi, massa hress, megabeib. Ef einhverri finnst þetta töluverðar kröfur vantar hana greinilega eitthvað upp á hugarfarið. Áfram stelpur, koma svo!



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 21. maí, 143. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.53 | 13.24 | 22.58 |
| Akureyri | 3.14 | 13.09 | 23.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.toyota.is




**Prius** – Hagkvæmur kostur.

Hækkun á eldsneytiverði er ekki lengur eitthvað sem við töldum óþarft að hafa áhyggjur af fyrr en í framtíðinni. Hækkunin er orðin að veruleika núna. Þess vegna býðst þér ekki hagkvæmari kostur en Prius, bíll sem notar aðeins 5 lítra* af bensíni á hundraði í innanbæjarakstri og 4,2 lítra* í utanbæjarakstri.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbílar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi og skynsamlegri notkun á auðlindum jarðar.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu sparneytni í verki.

Verð frá 3.660.000 kr.

The power to move forward

Prius leggur frítt í miðborginni

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

* Viðmiðunartölur framleiðanda